**KATRÍN RÓS BALDURSDÓTTIR**

*Alls konar kjúklingur í miklu uppáhaldi*

matur

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HEILSA OG LÍFSSTÍLL**

*Útileikir, endurhæfing og listamenn í nýju ljósi*

Sérblað um heilsu og lífsstíl

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**




**DORRIT FORSETAFRÚ**

*Með skófluna á lofti*

Tekur fyrstu skóflustungu að sundlaug Lilju Pálmadóttur og Steinunnar Jónsdóttur

**FÓLK 54**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. apríl 2008 — 98. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Logi í golfið



Logi Bergmann Eiðsson gerir sjónvarpsþætti um íslenskt golf í sumar.

FÓLK 54

### Í stöðugum vexti

Tíu ár eru liðin frá stofnun Atlantsskipa. Haldið verður upp á það með pompi og prakt 16. maí næstkomandi.

TÍMAMÓT 32



### 2-0 fyrir Snæfell

Grindavík lá öðru sinni fyrir Snæfelli er liðin mættust í Fjárhúsinu í gær.

ÍÞRÓTTIR 46

FÖSTUDAGUR

### Marín Magnúsdóttir

Lætur ævintýrin gerast.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Á KÖFLUM** Í dag verða norðaustan 3-10 m/s en hvassara úti við suðausturströndina. Bjart með köflum en stöku él á Norður- og Austurlandi. Hiti 0-7 stig, mildast sunnan til.

VEÐUR 4

# Spá hruni á fasteignamarkaði

**Seðlabankinn spáir að fasteignaverð lækki um 30 prósent á tveimur árum. Seðlabankinn er að biðja um harða lendingu segir hagfræðingur. Órökstudd dómsdagsspá, segir formaður Félags fasteignasala.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** „Þetta er algjörlega úr takti við það sem greiningardeildir bankanna hafa verið að spá. Rökstuðningur Seðlabankans fyrir þessu verður að koma fram því annars er þetta ekkert annað en rakalaus dómsdagsspá," segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Seðlabankinn spáir kollsteypu á fasteignamarkaði á næstu tveimur árum. Telur bankinn líkur á að húsnæðisverð lækki um þriðjung að raunvirði til ársins 2010. Rökstuðningur bankans er að lækkun ráðstöfunartekna, þrengingar á lánamörkuðum og aukið framboð íbúðarhúsnæðis leiði til þessara lækkana á húsnæði.

Grétar segir spá Seðlabankans geta haft skaðleg og óþörf áhrif á hagi fólks. „Það bendir ekkert til þess að verð hér hrynji og séu einhverjir að spá því, til dæmis opinberar stofnanir, þá er lágmarkskrafa að rökstuðningurinn sé gagnsær og skýr."

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir að spána verði að skoða í því ljósi að öll hagspá bankans sé svört. „Seðlabankinn ræður vöxtum á Íslandi og hefur töluvert mikið um það að segja hversu hörð lendingin verður. Yfirlýst stefna hans virðist ganga þvert á yfirlýsingar ráðamanna."

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir ekki von á sömu þróun á fasteignamarkaði og víða erlendis þar sem hefur orðið mikil lækkun. „Hér er ekki mikil spákaupmennska og Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir eru að útvega fjármagn inn á markaðinn. Lánaframboðið á húsnæðismarkaði erlendis hefur hins vegar stöðvast að stórum hluta vegna þess að bankarnir lána ekki lengur."

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir eðlilegt að fasteignaverð lækki umtalsvert, miðað við þær aðstæður sem nú eru á mörkuðum og hafa áhrif á fasteignamarkaðinn. „Bankarnir hafa skrúfað fyrir lán, nánast að fullu, og það hefur vitanlega mikil áhrif á eftirspurnina á markaðnum."

- mh / - shá / sjá síðu 4



**HAFIST HANDA Á REYKJANESBRAUT** Vegagerðin hófst handa við að bæta merkingar á Reykjanesbraut í gær. Settir verða fastir gátskildir milli akreina til að aðskilja akstursstefnur auk þess sem aðvörunarskiltum verður fjölgað. Samgönguyfirvöld hafa undanfarna daga legið undir harðri gagnrýni fyrir að merkingar hafi verið ófullnægjandi á þeim stað sem verið er að tvöfalda veginn og af því hafi hlotist mikil slysahætta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Glerungseyðing tanna:

## Sökudólgur fundinn

**HEILSA Sítrónusýra og fosfórsýra sem notaðar eru sem rotvarnarefni í íslenska drykki valda óbætanlegum skemmdum á glerungi tanna.**

**Einkum er sítrónusýran mikill skaðvaldur en hún er meðal annars notuð í orkudrykki og bragðbætta vatnsdrykki. Þetta sýnir ný rannsókn útskriftarnema Tannlæknadeildar Háskóla Íslands.**

- gun / sjá sérblað um heilsu og lífsstíl

Unglingar:

## Vinna mikið og lesa á ensku

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er gríðarlegt vinnuálag á unglingum," segir Árni Jónsson, stjórnarmaður í SAMFÉS, sem hefur nýlega látið af störfum sem forstöðumaður í frístundamiðstöðinni Kamps. Segir hann að grunnskólanemar séu farnir að sinna störfum vaktstjóra og að haft hafi verið samband við vinnuveitendur og gert athugasemdir við það.

Fréttablaðið hefur fréttaskýringaumfjöllun um unglinga í dag.

- jse / sjá síðu 16

Hvattur til að huga að mannorði sínu er hann fjallaði um íslenskt fjármálalíf:

# Fjármálaeftirliti gert viðvart

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur stórs vogunarsjóðs hvöttu enskan hagfræðiprófessor, Richard Portes, til að huga að mannorði sínu er hann væri að fjalla um íslenskt fjármálalíf. Portes hefur að undanförnu fjallað ítarlega um íslenskt fjármálakerfi á erlendum vettvangi og dregið upp jákvæðari mynd af stöðu mála hér og styrk bankanna en ýmsir aðrir. Portes hefur greint fjármálaeftirlitinu í Bretlandi og á Íslandi frá samskiptum sínum við stjórnendur vogunarsjóðsins.

Þessi vogunarsjóður er einn þeirra fjögurra sem Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður Kaupþings, hefur sakað um að gera atlögu að Íslandi og íslensku fjármálakerfi.

„Ég áttaði mig fljótt á því hvað væri á seyði og ákvað þá að hlusta vandlega og taka niður minnispunkta," segir Portes. Hann bætir við að í samtalinu hafi verið dregin upp afar dökk mynd af stöðu mála hér á landi og mikið fjallað um vandræði íslenskra fjármálafyrirtækja.

„Þessi mál eru nú í eðlilegum farvegi, og ég hef fulla ástæðu til að halda að fjármálaeftirlitið hafi tekið þessar upplýsingar mínar alvarlega," segir hann.

- bih / sjá síðu 6


**Rockwood fellihýsin 2008**



Komdu á Fosshåls 5-9 og skoðaðu glæsileg Rockwood fellihýsi.

Útilegumaðurinn

Kafbátur mánaðarins
SUBWAY
...snjall leikur í hádeginu!
329 kr.
17 Subway staðir um allt land

OPIÐ til 20 alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS




*Róbert, þværðu hendur þínar af þessum ásökunum?*

„Já, það er alveg á hreinu.“

Mikil röð við bílaþvottastöðina Löður í Kópavogi veldur truflun á verslun í Bæjarlind og veldur slysahættu, að mati verslunarmanna. Róbert Reynisson, framkvæmdastjóri Löðurs, telur vandann ekki svo djúpstæðan en vart sé hægt að tala um annað en vandræðaástand.

Samtök atvinnulífsins vilja að einkaaðilar taki frumkvæði í gjaldmiðilsmálum:

# Íslensk fyrirtæki noti evruna

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum að festast í hópi vandræðaríkjanna,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um stýrivaxtahækkanir Seðlabankans.

Samtök atvinnulífsins eru að skipa nefnd til að kanna hvernig íslensk fyrirtæki geti tekið upp evruna og hvernig það myndi virka á efnahags- og atvinnulífið.

„Það myndi ganga út á að fyrirtækin yrðu öll með sitt verð í evrum, versla sín á milli í evrum, eftir atvikum gera kjarasamninga og greiða laun í evrum, vera með bankaviðskipti í evrum og eiga eignir í evrum,“ útskýrir Vilhjálmur, sem þó boðar ekki endalok íslensku krónunnar: „Hluti af hugmyndinni er að krónan yrði mjög lítill gjaldmiðill við hliðina á evrunni. Hún yrði meðal annars notuð í viðskiptum við opinbera aðila eins og þeir vilja og í raun verða notuð áfram sem lögeyrir með föstu gengi sem bakkað væri upp af ríkinu og Seðlabankanum.“



**Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS** Davíðs Oddsson seðlabankastjóri og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, ræðast við á ársfundi Seðlabankans í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilhjálmur telur fullreynt að halda stöðugu gengi með krónunni. Hún sé einfaldlega ekki samkeppnishæf. „Á það eru helst notaðir þrír mælikvarðar: verðbólgan, vextirnir og gengið. Krónan er með falleinkunn á alla þessa mælikvarða,“ segir Vilhjálmur, sem sjálfur mun veita evrunefndinni forstöðu og boðar niðurstöður um miðjan maí. - gar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Löng einangrun sérkennileg

**ALÞINGI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að með ólíkindum sé að Íslendingi hafi verið haldið í einangrun í færeysku fangelsi í meira en 170 daga. Hún sagði stjórnvöld beita sér í máli mannsins, sem er í haldi vegna aðildar að Pólstjörnumálinu.**

**Samúel Örn Erlingsson, Framsóknarflokki, hvatti ráðherra til að beita sér fyrir samnorrænum reglum um einangrun fanga. Kvaðst ráðherra vilja reyna að sjá til þess að svona lagað endurtæki sig ekki.** - bþs

Verktakar fyrir opinbera aðila:

# Vilja tryggingar vegna óróans

**ATVINNULÍF** Samtök iðnaðarins segja að vegna gengisþróunar og hækkandi olíuverðs geti verktakar ekki staðið við samninga eða tekið að sér ný verk. Ósanngjarnt sé að þeir sitji uppi með áhættuna.



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

„Á meðan þetta óróleikatímabil stendur yfir er farið fram á að opinbera verkkaupar verðtryggi, til að mynda með bygginga- og gengisvísitölu alla samninga sem gerðir eru til lengri tíma en þriggja mánaða,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, í bréfi sem rætt var á fundi framkvæmda- og eignaráðs Reykjavíkur og sent til umsagnar hjá innkaupaáði. - gar

Slösuðust í árekstri:

# Öll á batavegi eftir bílslysið

**SLYS Fólkið sem slasaðist í árekstri á Reykjanesbraut á miðvikudagsmorgun er allt á batavegi, að sögn vakthafandi læknis á Landspítalanum.**

**Meðlimir í hljómsveitinni Steed Lord voru í öðrum bílnum og þar á meðal Svala Björgvinsdóttir söngkona. Einar Egilsson, unnusti hennar, gekkst undir aðgerð vegna innvortis blæðinga á miðvikudag og var haldið sofandi í öndunarvél í gærmorgun. Hann er nú vaknaður.**

**Tveir bræður Einars og faðir hans, Egill Eðvarðsson dagskrárgerðarmaður, voru í bílnum. Ökumaður hins bílsins var einn á ferð og slasaðist nokkuð.** - sgj

# Neyðaráætlun vegna lóðarhafa í kröggum

**Reykjavíkurborg gerir viðbragðsáætlun vegna krafna frá bönkunum sem ganga að borginni vegna skulda lóðarkaupenda. Bankarnir hafa jafnvel svikið loforð um fjármögnun segir í greinargerð til framkvæmda- og eignaráðs borgarinnar.**

**FJÁRMÁL** „Undanfarnar vikur hefur borið á því að lóðarhafar hafa ekki fengið þá lánafyrirgreiðslu hjá bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem þeir höfðu vænst og jafnvel verið lofað,“ segir í greinargerð með tillögum að vinnureglum fyrir Reykjavíkurborg vegna fjármáls- og nauðungarsölubeiðna á lóðum.



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Tillögurnar sem unnar voru af embættismönnum borgarinnar voru ræddar í framkvæmda- og eignaráði á þriðjudag en afgreiðslu þeirra frestað. Vinnureglurnar eiga einungis að lúta að lóðum þar sem byggingarrétturinn hefur verið seldur en ekki gerður lóðarleigusamningur þar sem ekki hefur verið byrjað á húsunum.

Í greinargerð embættismannanna segir að vegna þess að bankarnir hafi brugðist lóðarhöfunum á fyrrnefndan hátt hafi nokkrir þeirra lent í greiðsluerfiðleikum. Gera megi ráð fyrir að fram komi kröfur um fjárnám í lóðunum og uppboð á byggingarréttinum.

„Þar sem lóðarleigusamningar eru ekki gerðir fyrr en lokið hefur verið við að steypa sökkla og plötu beinast slíkar kröfur að Reykjavíkurborg sem lóðareiganda,“ benda embættismennirnir á.



**FRAMKVÆMDASVÆÐI VIÐ ÚLFARSFELL** Reykjavíkurborg er í erfiðleikum vegna þess að lóðahafar eru í fjárhagskröggum í lausafjárkreppu bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undanfarin ár hefur borgin aðallega selt byggingarrétt á lóðum með tvennum hætti; annars vegar til hæstbjóðenda og hins vegar á föstu verði með ákvæði um viðbótargjald ef lóðin er endurseld innan tiltekins árafjölda. Í báðum tilvikum hefur verið heimilt að veðsetja byggingarréttinn fyrir því sem nemur níutíu prósentum af verði hans.

Varðandi lóðirnar sem seldar hafa verið hæstbjóðandi segja embættismennirnir að markaðsverðmæti þeirra hafi ótvírætt lækkað auk þess sem lánin og kostnaður við þau geti verið orðin hærri en upphaflegt verð. Ekki eigi að bregðast við kröfum í þessar lóðir:

„Er næsta víst að Reykjavíkurborg myndi tapa á að leysa lóðir til sín. Auk þess getur verið varhugavert fyrir opinbera aðila að grípa inn í atburðarás og trufla markaðsforsendur,“ vara embættismennirnir við.

Lóðir sem seldar voru á föstu er lagt til að borgin leysi til sín og geri upp við kröfuhafana með kaupverðinu sem lóðarhafarnir höfðu greitt, að því tilskildu að greiðslan verði ekki hærri en upphaflegt lóðarverð auk vísitölutryggingar.

gar@frettabladid.is



**Á SJÓ** Fyrstu niðurstöður togararallsins gefa ekki von um aukna þorskveiði. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Fyrstu niðurstöður togararalls:

# 2007 árgangur þorsks lélegur

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrstu niðurstöður úr togararalli Hafrannsóknastofnunar árið 2008 benda til að stærð veiðistofns í þorski sé í góðu samræmi við mat á ástandi hans vorið 2007. Heildarstofnvísitala þorsks eins árs og eldri hækkaði um tólf prósent frá mælingunni 2007 en er þó lægri en árin 2002-2006. Fyrsta mat á stærð 2007 árgangs þorsks bendir til að hann sé slakur, eða af svipaðri stærð og árgangarnir frá 2005 og 2006. Árgangurinn frá 2004 mælist sem fyrr mjög lélegur. - shá

Dómsmálaráðherra:

# Mótmælendum ekki mismunað

**ALÞINGI „Ég tel að í báðum tilvikum hafi lögreglan farið að lögum og það sé ekki um ólíka framkvæmd laganna að ræða,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í svari við fyrirspurn Helga Hjörvar Samfylkingunni á Alþingi í gær.**

**Helgi spurði hvernig stæði á ólíkri framkvæmd laga gagnvart mótmælendum. Vörubílstjórar hafa að mestu verið látnir óáreittir en í fyrra voru nokkrir mótmælendur handteknir fyrir að stöðva umferð á Snorrabraut. Sagðist Björn enn fremur ekki hafa beitt sér gagnvart lögreglu í málunum.** - bþs


DOKTOR DOKTOR

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík eru fleiri doktorsmenntaðir kennarar en við aðrar lagadeildir íslenskra háskóla.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Umfjöllun um Ísland í spænska blaðinu El País:

# Ísland sameinar það besta

**FJÖLMIÐLAR** Farið er lofsamlegum orðum um Ísland í forsíðugrein sem birt var í lesbókar El País síðastliðinn sunnudag. Meðal annars er sú ályktun dregin að í íslensku samfélagi sameinist það besta sem heimsbyggðin hefur upp á að bjóða.



GEIR H. HAARDE

Greinarhöfundurinn John Carlin fjallar þar meðal annars með aðdáun um það hvernig fjölskyldulíf sé almennt afar gott þó svo að skilnaðir séu tíðir og fjölskyldusamsetningin þar af leiðandi flókin. Þar vitnar hann mikið í samtal sitt við Oddnýju Sturludóttur, borgarfulltrúa. Einnig er haft eftir Geir Haarde forsætisráðherra að okkur hafi tekist að sameina það besta frá Bandaríkjunum og Norðurlöndunum. Það er að segja framtakssemi einstaklingsins og síðan velferðarkerfið. Höfundur bætir síðan við að hér megi finna lífsgæði sem flestir Evrópubúa fara á mis við en megi finna í Afríku. Þau felast í því að börnin skynja sjálf sig sem hluta af stórfjölskyldunni og nærsamfélagi vegna þess hve margir hafa áhrif á uppeldi þess.

Meðal annarra viðmælenda er Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, og dáist greinarhöfundur af krafti hennar og atorkusemi. - jse




**ÚR MIÐBÆNUM** Íslenskt samfélag fær fyrstu einkunn í grein spænska dagblaðsins El País. Þar er sagt að hér ægi saman öllu því besta.



HEITIR DAGAR
HJÁ DOMINO'S
Dagana 10.-14. apríl eru allar pizzur merktar
sterkar á matseðli á 1.300 kr.
Gildir eingöngu um sóttar pantanir.
Domino's Pizza
www.dominos.is
Domino's Pizza
58-12345
dominos.is

## GENGIÐ 10.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,12 | 72,46 |
| Sterlingspund | 142,92 | 143,62 |
| Evra | 114,53 | 115,17 |
| Dönsk króna | 15,348 | 15,438 |
| Norsk króna | 14,438 | 14,524 |
| Sænsk króna | 12,183 | 12,255 |
| Japanskt jen | 0,7182 | 0,7224 |
| SDR | 118,62 | 119,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

146,9964

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins heimsótti Íran á vegum ráðuneytisins:

# Gekk erinda Actavis í Íran

**ALÞINGI** Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, liðkaði fyrir viðskiptum Actavis í heimsókn til Íran í byrjun mars. Þá ræddi hann við þarlenda stjórnmálamenn um framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Grétar var í Íran á vegum utanríkisráðuneytisins.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra greindi frá þessu á Alþingi í gær í svari við fyrirspurn Jóns Magnússonar, Frjálslynda flokknum.

Jón furðaði sig á för ráðuneytisstjórans í ljósi þess að Írönum hefðu verið sett skilyrði af hálfu



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON** Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins liðkaði fyrir viðskiptum Actavis á ferðalagi í Íran.

alþjóðasamfélagsins vegna kjarorkumála. Að auki væru mannréttindi lítilsvirt í Íran.

Ingibjörg Sólrún sagði að þjóðir heims ættu í margháttuðum viðskiptum við Írana og að samskipti við landið hefðu ekki verið rofin.

Jón velti fyrir sér hvort það samræmdist stefnu Íslands í utanríkis- og mannréttindamálum að hafa samband við írönsku klerkastjórnina og lýsti efasemdum um að rétt væri að afla fylgis hennar við öryggisráðsframboðið. Ingibjörg Sólrún sagði hófanna leitað hjá aðildarþjóðum Sameinuðu þjóðanna þó að þær féllu ekki undir skilgreiningu okkar um lýðræðisþjóðir. Engu að síður væri stuðnings leitað á forsendum Íslands og að Ísland stæði fyrir mannréttindi. - bþs

Dæmdir hryðjuverkamenn:

# Fangavist lengd um tólf mánuði

**DANMÖRK, AP** Hæstiréttur Danmerkur hefur lengt fangelsisdóma þriggja manna, sem handteknir voru í Óðinsvéum haustið 2006 fyrir skipulagningu hryðjuverkaárása.

Muhammed Zaher og Ahmad Khaldhadi voru í héraðsdómi dæmdir til að sitja ellefu ár í fangelsi og Abdallah Andersen fjögur ár, en Hæstiréttur lengdi dóma þeirra allra um eitt ár.

Fjórði sakborningurinn í málinu var sýknaður, en allir sögðust þeir við réttarhöldin vera saklausir. Ákæruvaldið krafðist þess að þeir fengju þyngri dóma. - gb

Steingrímur J. Sigfússon:

# Ríkisstjórnin fallin á prófinu

**STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, telur spá Seðlabankans mikil ótíðindi. „Það þarf ekki að koma neinum á óvart að þessi mikla fasteignabóla hjaðni en maður batt vonir við að verðið héldist stöðugt á alllöngu árabili og lækkaði þannig eitthvað að raungildi. Bein lækkun af þessari stærðargráðu er mikið áfall, en þetta er ekki einangrað ástand heldur angi af hinu stóra efnahagslega samhengi, og stóri útrásarveisluhaldareikningurinn er að koma í hausinn á heimilum í landinu,“ segir Steingrímur.**



**STEINGRÍMUR J SIGFÚSSON**

**„Þessi löngu fyrirsjáanlega spá hefði verið augljós tími fyrir ríkisstjórnina til að kynna einhverjar aðgerðir, en hún hefur endanlega fallið á prófinu.“** - kg

Verðkönnun á umfelgun:

# Nokkrir staðir bjóða afslátt

**VERÐKÖNNUN** Verðkönnun á kostnaði við umfelgun sem birtist í Fréttablaðinu á miðvikudag innihélt rétt verð samkvæmt gjaldskrá þeirra fyrirtækja sem verð var kannað hjá. Bílkó býður öllum viðskiptavinum sínum upp á tíu prósenta afslátt að minnsta kosti fram til 1. júní og líklega lengur. Sé þessi afsláttur reiknaður inn í kostnað á umfelgun á bíl með 13-15 tommu stálfelgum er verðið 5.612 krónur í stað 6.236 króna án afsláttar. Bílaáttan býður viðskiptavinum fimm prósenta afslátt og Pitstop býður upp á 15 prósenta staðgreiðsluafslátt. Því er skynsamlegt að hafa augun opin fyrir góðum tilboðum. - kg

# Seðlabankinn spáir hruni á markaði

**Fasteignaverð mun lækka um þriðjung á næstu tveimur árum, að mati Seðlabankans. Frekari samdráttur er ekki útilokaður. Forsvarsmenn greiningardeilda bankanna telja spá bankans allt of svartsýna. Töluverð lækkun sé þó fyrirséð.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Seðlabankinn spáir kollsteypu á fasteignamarkaði á næstu tveimur árum. Telur bankinn líkur á að húsnæðisverð lækki um þriðjung að raunvirði til ársins 2010. Enn frekari samdráttur er ekki útilokaður. Forstöðumenn greiningardeilda viðskiptabankanna telja spá bankans of svartsýna.

Þetta kemur fram í nýjasta hefti Peningamála Seðlabankans sem kom út í gær. Þar segir að kólnun á húsnæðismarkaði sé þegar komin fram í því að verðhækkun íbúðarhúsnæðis hefur stöðvast, þrátt fyrir umtalsverða hækkun byggingarkostnaðar. Horfur séu á að lækkun ráðstöfunartekna, þrengingar á lánamörkuðum og aukið framboð íbúðarhúsnæðis leiði til umtalsverðra lækkana á húsnæði. „Gert er ráð fyrir að húsnæðisverð lækki um um það bil 30 prósent að raunvirði.“ Einnig segir að gríðarleg óvissa sé um þessa þróun og því sé ekki hægt að útiloka enn meiri samdrátt. Spátímabil bankans nær til næstu tveggja ára.



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR**



**INGÓLFUR BENDER**

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, telur spá Seðlabankans of svartsýna. „Ég tel útilokað að þetta gangi eftir. Það eru ekki fordæmi fyrir því að húsnæðisverð hafi lækkað svona mikið þrátt fyrir verðbólgu eða erfiðleika í hagkerfinu.“ Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir fimm prósenta lækkun á næsta ári eða fimmtán prósenta raunlækkun. „Það er með því mesta sem við höfum séð hér á landi en ég sé ekki svona mikla lækkun, eins og Seðlabankinn spáir, á meðan kaupmáttur helst nokkurn veginn og atvinnuleysi verður ekki þeim mun meira.“ Edda Rós tekur jafnframt fram að í ljósi þess hversu hátt verð hefur verið á íbúðarhúsnæði að undanförnu sé eðlilegt að það lækki umtalsvert, óháð erfiðleikum á markaði.



**ÚR SEÐLABANKANUM** Spá Seðlabankans um þróun fasteignamarkaðarins er mun svartari en viðskiptabankanna þriggja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir ekki von á sömu þróun á fasteignamarkaði og víða erlendis þar sem hefur orðið mikil lækkun. „Hér er ekki mikil spákaupmennska og Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðirnir eru að útvega fjármagn inn á markaðinn. Lánaframboðið á húsnæðismarkaði erlendis hefur hins vegar stöðvast að stórum hluta vegna þess að bankarnir lána ekki lengur eins og hér. Í því liggur munurinn á milli markaðarins hér og erlendis.“

Spurður um áhrifamátt spár Seðlabankans á fasteignamarkaðinn til skamms tíma litið segir Ingólfur að bankinn hafi spáð þessu áður og mat bankans verði að skoða í því ljósi.

svavar@frettabladid.is

magnush@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Telur spána afar svartsýna

**HÚSNÆÐISMÁL Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra telur spá Seðlabankans um lækkun fasteignaverðs vera afar svartsýna. Þetta kemur fram á visir.is. „Það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að koma í veg fyrir að spá af þessu tagi geti ræst,“ segir Jóhanna. „En það er ekkert ólíklegt að það verði leiðrétting á fasteignamarkaðnum, af því að verðið er svo hátt núna.“**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Jóhanna segir spána ekki vera í samræmi við spár viðskiptabankanna, sem búist við um fimm prósenta lækkun að nafnvirði á næsta ári. Hún segist telja þá niðurstöðu vera líklegri.** - sgj

Jón Magnússon:

# Hallæri af manna völdum

**STJÓRNMÁL** Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, býst við að spá Seðlabankans um lækkun fasteignaverðs geti ræst ef lána- og vaxtakjör fara versnandi.

„Það hefur alla tíð verið mjög erfitt að spá í verðþróun á fasteignamarkaðnum á Íslandi. Fyrir fram, miðað við óbreytt ástand í efnahagslífinu, hefði maður gefið sér að markaðurinn væri kominn í nokkurt jafnvægi og ekki yrði mikið um raunverðhækkanir að ræða,“ segir Jón.

„En ef lána- og vaxtakjör verða erfiðari má búast við að þessi spá gangi eftir. Það yrði þá hallæri af manna völdum, stóra stökkið aftur á bak.“ - kg






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HELGARVEÐRIÐ**
Ágætar veðurhorfur eru fyrir meginhluta landsins á laugardag. Bjart með köflum og hægur vindur sunnan og vestan til en fyrir norðan og austan verða stöku él. Á sunnudag þykknar svo upp vestan til og eftir hádegi má búast við slyddu eða rigningu vestast. Þá léttir til annars staðar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 7° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 10° |
| London | 12° |
| París | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 19° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 16° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Frábær tilboð
## *á helgarsteikinni!*

**OPIÐ til 20 alla daga**




**Nautafile**
- úr kjötborði




**Lambahryggur**
- úr kjötborði




**Cajp´s folaldavöðvar**




**Lambalæri frá Íslandslambi**
- kryddlegið




**BBQ kjúklingalæri**
- með legg

## Loksins á Íslandi
*þessar verður þú að prófa!*

Margverðlaunaðar sósur og marineringar í alla matargerð




INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
enga fitu
engar transfitusýrur
ekkert kolesteról

**Nýtt** í Hagkaupum



**Fæði fyrir alla**
- hollt og gott snakk á milli mála




**Hatting baguette**
- osta og hvítlauksbaguette




**Góu rúsínur og hraunbitar**
- gott helgarnammi

Gildir til 13. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Munu pálmatré skjóta rótum á Íslandi á okkar tímum?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,8% |
| Nei | 84,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er umferðarmerkingum á Reykjanesbraut ábótavant?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Nítján ára karlmaður viðbeinsbrotnaði þegar hann var snúinn niður af dyraverði:

# Viðbeinsbrotinn af dyraverði

**LÍKAMSÁRÁS** „Honum líður hræðilega," segir Hrafnhildur Arnarsdóttir, móðir nítján ára manns sem viðbeinsbrotnaði í átökum við dyravörð snemma á sunnudagsmorgun. Hafði manninum verið meinaður aðgangur að Barnum, veitingastað við Laugaveg 22. Var hann ósáttur en vissi ekki fyrr en dyravörður sneri hann harkalega niður. Að sögn Hrafnhildar hafa þau kært málið til lögreglu.

Agatha Ýr Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Barsins, segir málið í skoðun. Segir hún dyraverði ekki hafa viljað hleypa manninum inn vegna þess að hann hafi verið ofurölvi. „Í staðinn fyrir að fara í burtu eins og hann var beðinn um var hann eitthvað að ráðast að einum dyraverðinum."



**BEINBROT** Á slysadeild var maðurinn settur í spelku sem hann þarf að vera í á meðan brotið grær.

Hún segir þau hjá Barnum ekki hafa heyrt frá lögreglu ennþá. „En við erum með myndatökuvélar og eigum þetta allt á upptöku." Hún segir aldurstakmark að Barnum vera tuttugu ár.

„Það er ekki rétt að hann hafi verið ofurölvi," segir Hrafnhildur. Hún hafi hitt hann um klukkustund eftir að hann kom á slyadeildina og hún geti því vitnað um ástand hans. „Hann er í skóla og er að taka tvö stúdentspróf en getur ekki skrifað." Þá geti hann ekki legið út af eða sofið í rúmi. „Lögreglan segir þetta vera mjög alvarlegt og tekið verði á þessu," segir Hrafnhildur. **- ovd**

VG um Fríkirkjuveg 11:

# Borgin hætti við sölu hússins

**SVEITARSTJÓRNIR** Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG, vill að borgin hætti við sölu á Fríkirkjuvegi 11 til Björgólfs Thors Björgófssonar.

„Hallargarðurinn og fasteignin sem í honum stendur hefur ómetanlegt menningarsögulegt gildi fyrir Reykvíkinga alla. Þar sem ljóst er að núverandi eigendur telja breytingar á garðinum mikilvægar til að nýting hússins gagnist þeim ættu borgaryfirvöld að beita sér fyrir því að salan gangi til baka og borgin fái fullt forræði yfir húsinu og garðinum öllum," sagði í tillögu Þorleifs sem borgarráð frestaði í gær. **- gar**

Ekki frekari fækkun í Írak:

# Petraeus fær nægan tíma

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti segir að David Petraeus, yfirmaður herafla bandaríkjanna í Írak, fái „allan þann tíma sem hann þarf" til að meta hvort óhætt sé að kalla fleiri bandaríska hermenn frá Írak.



**GEORGE W. BUSH**

Bush skýrði í gær frá þeirri ákvörðun sinni að fækkun í herliði Bandaríkjamanna í Írak yrði stöðvuð í júlí um óákveðinn tíma. Á síðasta ári var bandarískum hermönnum þar fjölgað um 30 þúsund, og hafa þeir síðan verið yfir 160 þúsund, en á næstu mánuðum verður þeim fækkað niður í rúmlega 130 þúsund. **- gb**

Pétur Blöndal:

# Bankarnir ekki með ríkisábyrgð

**EFNAHAGSMÁL** „Það er rétt hjá Davíð að bankarnir njóta engrar ríkisábyrgðar," segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, um þau orð Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra að „meginverkefni banka [sé] að bjarga sér sjálfir".



**PÉTUR BLÖNDAL**

„Ég vil undirstrika að íslenskir bankar eru ekki á leið í ógöngur, en erlendis þar sem það hefur gerst hafa hluthafar tapað sínu fé og ríkið eignast banka eða stóra hluti í þeim. Hins vegar telja menn að það sé hlutverk Seðlabanka að halda viðskiptalífinu gangandi og sjá til þess að alltaf sé til gjaldeyrir." **- sgj**

# Hvattur til að huga að mannorði sínu

**Enski hagfræðiprófessorinn Richard Portes sem fjallað hefur um íslenskt fjármálalíf fékk nýverið símtal frá stjórnendum stórs vogunarsjóðs.**

**VIÐSKIPTI** Enski hagfræðiprófessorinn Richard Portes hefur greint fjármálaeftirlitinu í Bretlandi og á Íslandi frá samskiptum við stjórnendur stórs vogunarsjóðs í kjölfar umfjöllunar hans um íslenskt fjármálakerfi. Í samtalinu var prófessorinn meðal annars hvattur til að huga að mannorði sínu, þegar hann væri að fjalla um Ísland og íslensku bankana.

Dr. Richard Portes, prófessor í hagfræði við London Business School, skrifaði á haustdögum skýrslu ásamt dr. Friðriki Má Baldurssyni fyrir Viðskiptaráð Íslands um stöðu og framþróun íslenska fjármálakerfisins. Hefur hann verið tíður viðmælandi erlendra fjölmiðla um íslenskt fjármálalíf upp á síðkastið og dregið upp aðra og jákvæðari mynd af stöðu mála hér og styrk bankanna en ýmsir aðrir. Segir Portes engan vafa á því að þessi staðreynd hafi leitt til símtals frá stórum vogunarsjóði fyrir hálfum mánuði.

„Ég áttaði mig fljótt á því hvað væri á seyði og ákvað þá að hlusta vandlega og taka niður minnispunkta," segir Portes. Hann bætir við að í samtalinu hafi verið dregin upp afar dökk mynd af stöðu mála hér á landi og mikið fjallað um vandræði íslenskra fjármálafyrirtækja. Um leið hafi hann verið hvattur til að huga vel að mannorði sínu þegar hann væri að fjalla opinberlega um þessi mál.

Portes segist þegar hafa verið staðráðinn í að tilkynna réttum yfirvöldum um þessi samskipti, sem og hann hafi gert. „Þessi mál eru nú í eðlilegum farvegi, og ég hef fulla ástæðu til að halda að fjármálaeftirlitið hafi tekið þessar upplýsingar mínar alvarlega," segir hann.

Að sögn Portes er ljóst að fjölmargir erlendir vogunarsjóðir hafi beint sjónum sínum að Íslandi og fleiri löndum sem eigi við tímabundna erfiðleika að etja, til dæmis Tyrkland og Ungverjaland. Frægt sé dæmið frá Hong Kong árið 1998 þegar stjórnvöld þar vörðust umfangsmikilli atlögu að fjármálakerfinu með því að kaupa sjálf hlutabréf í mörgum félögum með ærnum tilkostnaði. Til lengdar hafi það skilað tilætluðum árangri og raunar hagnaði, þegar upp var staðið.

„Raunar má segja að Ísland sé enn heppilegra fyrir spákaupmenn af þessu tagi. Á Íslandi er bein tenging milli þróunar hlutabréfa og krónunnar og því tvöfalt tækifæri til skjótfengins gróða. Hátt vaxtastig er aðlaðandi og tiltölulega auðvelt er að hafa bein áhrif á hinn óskilvirka markað með skuldatryggingar, sem aftur kemur íslensku bönkunum afar illa. Þess vegna er alls ekki skrítið að stórir aðilar sjái sér hag í því að takast á við aðstæður sem þessar," segir Portes.

**bjorningi@markadurinn.is**



**RICHARD PORTES** Hagfræðingurinn segist telja að fjármálaeftirlit Bretlands og Íslands hafi tekið athugasemdirnar alvarlega.

### KERFISBUNDIN ÁRÁS AÐ BAKI?

Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður Kaupþings, sagði að fjórir vogunarsjóðir í Lundúnum hefðu staðið fyrir kerfisbundnum árásum á íslenskan fjármálamarkað og íslensku bankana síðustu vikur og mánuði. Tilgreindi hann sérstaklega Trafalgar Fund, Landsdowne Fund, Ako Capital og Cheney Capital í því sambandi.

Portes vill ekki skýra frá nafni vogunarsjóðsins að svo stöddu, en staðfestir að hann sé einn þeirra fjögurra sem stjórnarformaður Kaupþings hafi tilgreint. Fyrir hálfum mánuði hafi stjórnendur hans haft samband og hvatt sig til að gæta að orðspori sínu í umfjöllun um Ísland og íslensku bankana. Segir Portes fulltrúa vogunarsjóðsins hafa dregið upp mjög dökka mynd af ástandi mála hér á landi og í kjölfarið tilkynnti prófessorinn atvikið til fjármálaeftirlitsins í Bretlandi og á Íslandi. Þar er málið nú til rannsóknar.

Portes bætir því við að í síðustu viku hafi fulltrúar fleiri vogunarsjóða haft samband við sig í þeim tilgangi að fræðast um stöðuna í íslensku fjármálalífi. Á kvöldverðarfundi sem hann hafi sótt af því tilefni hafi komið í ljós að allir sjóðirnir, nema einn, ættu stórra fjárhagslegra hagsmuna að gæta hér á landi. Hins vegar virtist sem það væri ekki lengur í formi skortstöðu, heldur fjárfestinga til lengri tíma litið.

Vissir þú að ...

Einn karlmaður hefur numið ljósmóðurfræði á Íslandi, það var árið 1776.

Ljósmæður veita foreldrafræðslu á meðgöngu og eftir fæðingu.

Íslenskt ljósmóðurnám er á meistarastigi og lýkur með embættisprófi.

Um 220 ljósmæður eru starfandi á Íslandi.

Við tökum vel á móti þér

www.ljosmodir.is

Verslunarmenn við Laugaveg kalla eftir aukinni löggæslu eins og lofað var:

# Hræðsluáróður borgarstjóra

**SKIPULAGSMÁL** „Hræðsluáróður hefur aldrei virkað vel," segir Kormákur Geirharðsson verslunarmaður um þau skilaboð Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra um að miðborg Reykjavíkur sé hættulegur staður. Í fréttum Stöðvar tvö í síðustu viku sagði Ólafur vaxandi sóðaskap og aukið ofbeldi í miðborginni. Var þar haft eftir borgarstjóra að miðborg Reykjavíkur væri beinlínis hættuleg fólki sökum drykkjuskapar og ofbeldis.

„Ég lít ekki á Reykjavík sem hættulegan stað og mér finnst að hann eigi að fara varlega í svona mál," segir Kormákur, sem búið hefur í miðborg Reykjavíkur í um þrjátíu ár og stundað verslun og veitingarekstur í um tíu ár. „Hins vegar hefur miðborgin verið að drabbast niður."

Kormákur telur að borgarstjóri verði að fara að reka borgina eins og fyrirtæki en ekki pólitíska stofnun og þá skipti jákvæð ímynd miklu. „Ef það væru fleiri lögreglumenn á götum borgarinnar og þeir sýnilegri eins og lofað var væru allir í friði."

„Ég myndi ekki orða það sem svo að miðbærinn sé hættulegur," segir Lísbet Sveinsdóttir, fatahönnuður hjá Elm á Laugavegi. Hún kallar einnig eftir aukinni löggæslu og segir ástandið „rosalegt" vegna veggjakrots og skemmdarverka. „Þetta eru árásir á eignir fólks í miðborginni vegna þess að það er ekkert eftirlit." **- ovd**



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON** Vill að borgarstjóri reki borgina eins og fyrirtæki í stað pólitískrar stofnunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Smáralind
Kópavogi
Næg bílastæði

**Sýningin fer fram**
**í Vetrargarðinum í Smáralind.**

lau. og sun. 12. - 13. apríl
11:00 - 18:00
Aðgangur ókeypis

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða útvarpsmaður flytur inn rafbyssur fyrir lögregluna?*

2 *Hver er fyrirliði meistaraflokks körfuknattleiksliðs ÍR?*

3 *Hvað heitir nýjasta lag Merzedes Club?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Foreldrar barns sem þarf á talþjálfun að halda fá engar endurgreiðslur frá TR:

# Deilurnar bitna á fjölskyldum

**TRYGGINGAMÁL** Guðbjörg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri kynningarmála hjá Tryggingastofnun, segir meiri fyrirhöfn fyrir foreldra barna, sem þurfi að fá þjónustu talmeinafræðinga, að fá endurgreiðslu en áður var. Fréttablaðið birti í gær frásögn foreldra fjögurra ára drengs sem fæddist með skarð í vör og góm, en þeir segja formkröfur stofnunarinnar svo miklar að nær ómögulegt sé að uppfylla þær og fá endurgreiðslu. Nú sé svo komið að fjárútlát vegna nauðsynlegrar þjálfunar drengsins séu að sliga fjárhag fjölskyldunnar.

„Tryggingastofnun gerði athugasemdir við vinnubrögð talmeinafræðinga og töldu að samningsbrot hefði átt sér stað, en eftir þær athugasemdir sagði stór hluti talmeinafræðinga sig frá samningum," segir Guðbjörg. Uppsögn þeirra frá samningum hafi orðið til þess að reglugerð þyrfti að setja um styrki til foreldra. Til að uppfylla skilyrði hennar þurfi foreldrar að leggja á sig töluverða fyrirhöfn. Ástæðurnar fyrir því liggi þó ekki hjá Tryggingastofnun heldur hjá talmeinafræðingum sem sögðu sig frá samningum vegna eðlilegra athugasemda stofnunarinnar. - kdk



**NÖKKVI PÁLL** Andrés Ævar Grétarsson, faðir Nökkva Páls, fjögurra ára drengs sem þarfnast talþjálfunar, telur nær ómögulegt að fá endurgreiðslur vegna formkrafa Tryggingastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frágangur vegavinnusvæða:

## Ábyrgð bílstjóra

**UMFERÐARMÁL** Að mati Umferðarstofu hefur í umræðum um merkingar og frágang á vegavinnusvæðum lítið farið fyrir umfjöllun um mikilvægi ábyrgðar ökumanna.

Í tilkynningu sem Umferðarstofa sendi frá sér í gær segir að mikilvægt sé að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir á framkvæmdasvæðum til að koma í veg fyrir að slys hljótist af mistökum ökumanna. Ljóst þykir að fjöldi ökumanna fari ekki eftir hraðatakmörkunum á framkvæmdasvæðum og ástundi jafnvel framúrakstur við mjög hættulegar aðstæður þrátt fyrir skýrt bann þar um. - ovd

ICEBANK

## Víxlar Icebank hf. teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Icebank hf., kt. 681086-1379, hefur birt lýsingar vegna víxla bankans sem verða teknir til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. Lýsingarnar eru aðgengilegar almenningi frá og með 11. apríl 2008 og er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda, www. icebank.is, og í prentuðu formi hjá útgefanda að Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

**Eftirfarandi víxlaflokkar verða teknir til viðskipta:**
Víxlaflokkur heildarfjárhæð 5.000.000.000 kr. Víxlar að fjárhæð 5.000.000.000 kr. voru gefnir út þann 27. febrúar 2008 og verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. 11. apríl 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður ICB 09 0114. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver að fjárhæð 5.000.000 kr. og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 14. janúar 2009.

Víxlaflokkur heildarfjárhæð 5.000.000.000 kr. Víxlar að fjárhæð 2.500.000.000 kr. voru gefnir út þann 27. febrúar 2008 og verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. 11. apríl 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður ICB 09 0211. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver að fjárhæð 5.000.000 kr. og skulu endurgreiðast þann 11. febrúar 2009.

Víxlaflokkur heildarfjárhæð 5.000.000.000 kr. Víxlar að fjárhæð 3.000.000.000 kr. voru gefnir út þann 27. febrúar 2008 og verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. 11. apríl 2008. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður ICB 09 0318. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver að fjárhæð 5.000.000 kr. og skulu endurgreiðast þann 18. mars 2009.

Umsjónaraðili töku til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Icebank hf.

Viðeigandi lýsingar útgefanda er hægt að nálgast í 1 ár frá útgáfudegi á vefsetri útgefanda: www. icebank.is og í prentuðu formi hjá útgefanda, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

11. apríl 2008

# Matarverð myndi lækka um fjórðung

**Matvælaverð lækkar um allt að fjórðung og neysluverð um fimmtán prósent ef Ísland gengur í ESB. Með upptöku evru og lægra vaxtastigi myndi meðalfjölskyldan spara 700 þúsund á ári. Vextir á íbúðalánum yrðu sambærilegir ESB.**

**NEYTENDAMÁL** Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst telur að matarverð myndi lækka um tíu til tuttugu og fimm prósent með inngöngu Íslands í Evrópusambandið, ESB. Með aðild að myntbandalaginu myndu vextir á íbúðarlánum lækka um þrjú til fimm prósent, eða niður í það sem gengur og gerist í Evrópu, að sögn Eiríks Bergmanns Einarssonar, sérfræðings í Evrópumálum. Stýrivextir eru fjögur til átta prósent í öðrum löndum Evrópu.

Evrópufræðasetrið hefur unnið skýrslu fyrir Neytendasamtökin sem ber nafnið „Hverju myndi ESB aðild breyta fyrir íslenska neytendur?", þar sem helstu kostir og gallar aðildar eru metnir út frá hagsmunum íslenskra neytenda. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að matarverðið var hæst á Íslandi 2004 og 2005 og það var sjö prósentum hærra á Íslandi en í Noregi. Kjöt er langdýrast á Íslandi, 86 prósentum dýrara en í ESB-ríkjunum fimmtán árið 2005, en fiskverð er svipað hér og í ESB-ríkjunum.

Íslendingar myndu spara mikið við inngöngu í ESB. Miðað við 65 þúsunda króna meðalútgjöld fjögurra manna fjölskyldu í matvælakaup á mánuði ættu útgjöldin að lækka um 200 þúsund krónur á ári miðað við fjórðungslækkun á matvöruverði, að því gefnu að tollar og innflutningshöft á landbúnaðarvörum yrðu felld niður við aðild að ESB. Miðað við heildaráhrif við upptöku evrunnar og lægra vaxtastig gætu fjölskyldurnar sparað um 700 þúsund krónur á ári.

Matvælaverð lækkaði um sjö prósent í Svíþjóð og ellefu prósent í Finnlandi við inngöngu í ESB. Matarverð er enn með því hæsta í Evrópu í þessum löndum. Eva Heiða Önnudóttir, annar höfunda skýrslunnar, segir að matvælaverð hafi þegar lækkað nokkuð í þessum löndum áður en kom til ESB-aðildar. Minni munur hafi verið á verði milli ESB og þessara landa en sé nú milli Íslands og ESB. „Þess vegna teljum við að lækkunin geti orðið meiri hér," segir hún.

Í skýrslunni kemur fram að tollar milli Íslands og ESB-landanna myndu falla niður, fyrst og fremst á landbúnaðarvörum. Endurskipuleggja þyrfti íslenskan landbúnað og draga þyrfti úr stuðningi við innlendan landbúnað. Íslendingar eiga, að mati skýrsluhöfunda, góða möguleika á að ná samningum um stuðning við innlendan landbúnað miðað við þá samninga sem Finnar náðu fram þar sem allt Ísland fellur undir skilgreiningu um heimskautalandbúnað. ghs@frettabladid.is

**LÖND MEÐ HÆSTA MATARVERÐ Í EVRÓPU**

**Án drykkjarvöru 2003-2005**

| Sæti | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|
| 1 | Sviss | Ísland | Ísland |
| 2 | Noregur | Sviss | Noregur |
| 3 | Ísland | Noregur | Sviss |
| 4 | Danmörk | Danmörk | Danmörk |
| 5 | Írland | Írland | Írland |
| 6 | Svíþjóð | Finnland | Finnland |
| 7 | Finnland | Svíþjóð | Lúxemborg |
| 8 | Lúxemborg | Lúxemb. | Svíþjóð |
| 9 | Ítalía | Ítalía | Ítalía |
| 10 | Frakkland | Frakkland | Frakkland |

HEIMILD: EVRÓPUFRÆÐASETUR HÁSKÓLANS Á BIFRÖST.




N1
25% AFSLÁTTUR
Í N1 VERSLUNUM
EF ÞÚ ERT MEÐ
VIÐSKIPTAKORT
Í DAG ER GÓÐUR DAGUR
TIL AÐ DEKRA VIÐ BÍLINN.
Í dag er 25% afsláttur af öllum vörum í sérverslunum N1. Notaðu tækifærið til að lækka bílaútgjöld heimilisins og komdu bílnum í stand fyrir sumarið. Ef þú ert ekki nú þegar með Viðskiptakort, færðu samt afsláttinn ef þú sækir um á staðnum. Tilboðið gildir einnig á morgun, laugardag, á Bíldshöfða, Akureyri, Akranesi, Selfossi og Reyðarfirði.
Tilboðið gildir ekki fyrir bifhjól og kerrur.
N1
Verslun
N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9
N1 verslanir um allt land:
Smiðjuvegi 4a, Kópavogi
Dalshrauni 17, Hafnarfirði
Tryggvabraut 18-20, Akureyri
Lyngási 13, Egilsstöðum
Innnesvegi 1, Akranesi
Hafnargötu 90, Keflavík
Kirkjutúni 2, Ólafsvík
Sindragötu 1, Ísafirði
Búðargötu 5, Reyðarfirði
Hrísmýri 7, Selfossi
Knarrarvogi 4, Reykjavík
Álaugarey, Höfn
Básaskersbryggju, Vestmannaeyjum
WWW.N1.IS
SPARAÐU MEÐ VIÐSKIPTAKORTINU
Með Viðskiptakorti N1 getur þú lækkað eldsneytiskostnað og önnur bílaútgjöld svo um munar.
Viðskiptakort
N1 - Meira í leiðinni



**GERVIBRÚÐKAUP Á CHAMPS ELYSÉES** Umhverfisverndarsinnar úr Greenpeace-samtökunum draga dár að Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta og Angelu Merkel Þýskalandskanslara við bílasölu á Champs Elysées í París. Gervibrúðkaup þeirra var sviðsett til að mótmæla metnaðarleysi Evrópusambandsins við að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilraunaverkefnið „frítt í strætó“ fyrir námsmenn hefur skilað árangri:

# Farþegum fjölgar um milljón

**SAMGÖNGUR** Farþegum Strætó hefur fjölgað um eina milljón á ársgrundvelli. Er aukningin nánast öll tilkomin vegna tilraunaverkefnisins „frítt í strætó“ sem fór af stað í ágúst síðastliðnum og tryggir námsmönnum á framhalds- og háskólastigi endurgjaldslausa notkun á almenningssamgöngum.

Þetta kemur fram í nýrri úttekt sem Strætó bs. og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands hafa gert á þeim þáttum er snúa að notkun á strætó samfara þessu verkefni. Í niðurstöðum úttektarinnar kemur meðal annars í ljós að námsmenn nýta sér strætó meira en áður og nemendur á framhalds- og háskólastigi eru nú um fjörutíu prósent allra þeirra sem ferðast með strætó. Einnig kemur í ljós að um það bil 35 þúsund íbúar á höfuðborgarsvæðinu nota strætó einu sinni í viku eða oftar. Eru þetta um fimmtán prósent af íbúum svæðisins og er það sambærilegt við það sem gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

Samkvæmt þjónustumati eru níu af hverjum tíu farþegum ánægðir með þjónustu Strætó og telja hana falla vel að sínum þörfum. Almennt viðhorf til verkefnisins „frítt í strætó „ er jákvætt, en þó kemur í ljós að þrjátíu prósent þeirra námsmanna sem sótt hafa fríkort í strætó nota kortið lítið eða ekkert, og margir sem rétt hafa á slíku korti hafa ekki enn sótt það. **- kg**



**AUKNING:** Verkefnið „frítt í strætó“ hefur skilað sér í mikilli aukningu farþega.

Námsmenn erlendis:

# Vilja námslán mánaðarlega

**MENNTUN** SÍNE, Samband íslenskra námsmanna erlendis, vill að námslán verði greidd út mánaðarlega vegna gengissveiflna krónunnar. Þetta kemur fram í ályktun frá sambandinu.

Lánasjóður íslenskra námsmanna greiðir lán út að lokinni önn. Þetta er óhagstætt fyrir námsmenn erlendis, sem neyðast til að framfleyta sér með yfirdráttarlánum, sem bera háa vexti, að sögn Garðars Stefánssonar, framkvæmdastjóra SÍNE.

Garðar bendir á að námslán hafi verið greidd út mánaðarlega á Íslandi til ársins 1992 og að slíkt tíðkist á Norðurlöndum. **- sgj**









**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Stýrivextir voru hækkaðir upp í 15,5 prósent í gær. Guðni Ágústsson segir hækkunina ekki vinna á verðbólgunni, líkt og henni er ætlað að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Óttast að gjaldþrot fylgi vaxtahækkun

**Formaður Framsóknarflokksins telur að vaxtahækkun Seðlabankans slái ekki á verðbólgu. Á hinn bóginn verði hún til að dauðrota athafnalíf. Hann lýsir vantrausti á forsætisráðherra í efnahagsmálum.**

**STJÓRNMÁL** „Þessi vaxtahækkun er makalaus og undrunarefni,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, en bankastjórn Seðlabankans ákvað í gær að hækka stýrivexti um 0,5 prósent – í 15,5 prósent. Hvergi í ríkjum með þróað efnahagskerfi eru vextir jafn háir.

Guðni furðar sig á aðferðafræði Seðlabankans og segir öðruvísi farið að í öðrum ríkjum. Víðast hvar séu stýrivextir undir fimm prósentum. Hann segir ástandið hafa verið nógu erfitt fyrir. „Og nú leyfir Seðlabankinn sér að keyra vextina upp. Til hvers? Það hlýtur að vera til að dauðrota. Ég held að þetta hafi engin áhrif á verðbólguna en þetta mun dauðrota allt athafnalíf. Enginn ræður við að taka lán á þessum vöxtum og fjármál heimila og fyrirtækja eru í miklu uppnámi. Ég óttast afleiðingar sem verða gjaldþrot og eignatap,“ segir Guðni.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

Fátt hefur spurst af aðgerðum stjórnvalda til að mæta þrengingum á bankakerfisins. Guðni segir málið vefjast fyrir ríkisstjórninni, sem geri lítið annað en að tala. „Ég sé engin úrræði verða að veruleika, hvorki styrkingu gjaldeyrisforðans né annað. Ég vantreysti forystu forsætisráðherra í efnahagsmálum og held að hann ráði ekki við málið. Úrræðaleysið er algjört.“

20. febrúar óskaði Guðni eftir svörum Seðlabanka við sex spurningum um efnahagsmál. Hann óskaði eftir því að svörin bærust í síðasta lagi 20. mars en ekkert bólar á þeim. „Ég ræddi þetta við Davíð Oddsson seðlabankastjóra og hann sagði að þessu yrði svarað en það tæki tíma. Ég fer nú að ókyrrast enda mikilvægt að fá þessi svör sem fyrst.“

Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður á sínum tíma var svo búið um hnútana að þingmenn áttu að geta leitað til Seðlabankans með efnahagsleg álitaefni. Guðni segir að berist svar bankans seint og illa verði þingið að grípa til úrræða svo þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, geti aflað haldgóðra upplýsinga um efnahagsmál. Sér hann helst fyrir sér að nefndasvið Alþingis verði styrkt.

**bjorn@frettabladid.is**

## SPURT UM ÁLIT SEÐLABANKANS

■ Hvaða áhrif telur Seðlabankinn að breytingar á fjármálamörkuðum hér heima fyrir og erlendis síðustu vikur hafi á tekjuöflun ríkisins?

■ Hvaða áhrif telur Seðlabankinn að nýloknir kjarasamningar hafi á þróun efnahagslífsins og tekjuöflun ríkisins?

■ Hvaða áhrif telur Seðlabankinn að nýkynntar tillögur ríkisstjórnarinnar til að liðka fyrir kjaramálum hafi á þróun efnahagslífsins, ríkisútgjöld og tekjuöflun ríkisins?

■ Hvað telur Seðlabankinn mikið svigrúm til frekari útgjaldaaukningar hjá ríkissjóði í tengslum við þá kjarasamninga sem ólokið er?

■ Hvort telur Seðlabankinn að fjárlög ársins 2008 hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á það ójafnvægi sem við búum við í efnahagsmálum nú um stundir?

■ Telur Seðlabankinn að ríkisstjórn Íslands hafi gengið nógu langt í þá átt að draga úr þenslu í samfélaginu?

SIMPLY CLEVER

# RUGLVERÐ!

**SKODA OCTAVIA TERNO Á RUGLVERÐI**

Nú getum við boðið Skoda Octavia Terno með 1,6 lítra vél og vetrardekk fylgja, á aðeins 2.140.000 kr. Takmarkað magn í örfáa daga.




**Verð: 2.140.000 kr.**

FÆST EINNIG SJÁLFSKIPTUR

**OG VETRARDEKK FYLGJA**

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

HEKLA



**TRÉ ÖNNU FRANK** Björgunaraðgerðir standa nú yfir til að bjarga þessu stóra tré, sem sveppasýking er komin í. Tréð stendur í garði bak við hús Önnu Frank í Amsterdam, þar sem hún og fjölskylda hennar földu sig á sínum tíma fyrir nasistum sem vildu útrýma þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópuþingið skorar á Kínverja að ræða við Dalai Lama fyrir Ólympíuleikana:

# Opnunin annars sniðgengin

**TÍBET, AP** Evrópuþingið samþykkti í gær að hvetja ráðamenn aðildarríkja Evrópusambandsins að mætaekkiáopnunarhátíðÓlympíuleikanna, sem haldnir verða í Peking í sumar, ef kínversk stjórnvöld hefja ekki viðræður við Dalai Lama, andlegan leiðtoga Tíbeta.

Sex manna nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hefur kannað ástand mannréttindamála í Tíbet, sagði enn fremur í gær að kínversk stjórnvöld ættu að hætta að ritskoða fréttaflutning innanlands af mótmælunum og málefnum Tíbets.

Aðdragandi Ólympíuleikanna í Kína hefur víða um heim verið notaður, bæði af Tíbetum og stuðningsmönnum þeirra, til þess að mótmæla mannréttindabrotum í Tíbet, þar sem Kínverjar ráða ríkjum.

Hlaupið var með ólympíukyndilinn í San Francisco á miðvikudag, en næst verður hlaupið með hann um götur Búenos Aíres í dag.

Dalai Lama segist hafa stutt það frá upphafi að Ólympíuleikarnir verði haldnir í Kína. Hins vegar hafi enginn rétt til að þagga niður í mótmælendum, sem krefjast mannréttinda í Tíbet.

„Sjálfstjórn í Tíbet er aðeins að nafninu til, hún hefur ekki verið framkvæmd af heilindum," sagði hann í Japan í gær, þar sem hann millilenti á leið sinni til Bandaríkjanna. - gb



**DALAI LAMA** „Ég er bara mannlegur, alls enginn djöfull," sagði andlegur leiðtogi Tíbeta í Japan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búddamunkar mótmæla:

# Vilja tryggja mannréttindi

**KÍNA, AP** Á annan tug búddamunka efndu til mótmæla þegar erlendir blaðamenn heimsóttu klaustur í Kína, skammt frá landamærum Tíbets. Munkarnir hvöttu til þess að mannréttindi verði tryggð í Tíbet og að Dalai Lama fái að snúa aftur úr útlegð.

„Við erum ekki á móti Ólympíuleikunum. Við þurfum mannréttindi," sagði einn munkurinn í Labrang-klaustri í Xiahe, sem ræddi við AP-fréttastofuna í síma. Einn erlendu fréttamannanna segir að fulltrúar kínverska utanríkisráðuneytisins hafi fylgst með mótmælunum en látið þau afskiptalaus. - gb

Félagsmálaráðuneyti:

# Húsaskjól fyrir 20 heimilislausa

**FÉLAGSMÁL Tuttugu heimilislausir munu fá þak yfir höfuðið samkvæmt áætlun félagsmálaráðuneytisins og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem kynnt var í gær. Á næstu þremur árum leggur ráðuneytið 85,6 milljónir króna til verkefnisins. Tuttugu heimilislausir sem hætt hafa neyslu áfengis- eða vímuefna fá búsetuúrræði, en með fylgir félagslegur stuðningur og endurhæfing sem íbúarnir þurfa á að halda til að ná lífi sínu á strik án vímugjafa.** - sgj



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Mikil endurnýjun í stjórn BHM á aðalfundi í maí:

# Allir hætta nema einn

**VINNUMARKAÐUR** Mikil endurnýjun verður í stjórn BHM, Bandalags háskólamanna, á aðalfundi sem verður fram haldið um miðjan maí. Fyrir aðalfundinn, sem hófst í síðustu viku, var ljóst að aðeins tveir stjórnarmenn ætluðu að gefa kost á sér áfram, formaður og varaformaður BHM. Aðrir stjórnarmenn höfðu lýst yfir að þeir myndu ekki gefa kost á sér til endurkjörs.

Á aðalfundi BHM í síðustu viku lagði Bragi Skúlason, formaður Útgarðs, fram tillögu um að lækka aðildargjöld til BHM úr 0,2 prósentum af dagvinnulaunum félagsmanna í 0,15 prósent. Tekjur BHM skerðast þannig um 18 milljónir árið 2009.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM, situr í stjórn Útgarðs. Hún var á móti tillögunni en hún var samþykkt með meirihluta atkvæða. Halldóra segir að vitað hafi verið um tillöguna en ekki að hún myndi njóta svona mikils fylgis. Hún kveðst líta á samþykktina sem „ákveðið vantraust" á sig og hafi því ákveðið að draga sig í hlé. Heppilegra sé að finna formann sem meiri sátt sé um.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, varaformaður BHM og formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir að staðan innan BHM skýrist eftir miðstjórnarfund í næstu viku. Hún hafi gefið kost á sér í stjórn en ekki komi til greina að gefa kost á sér til formanns. - ghs



**HALLDÓRA FRIÐJÓNSDÓTTIR**



**SAMSTAÐA** Forsætisráðherrarnir Jens Stoltenberg, Anders Fogh Rasmussen, Fredrik Reinfeldt, Matti Vanhanen og Geir H. Haarde á blaðamannafundi í Riksgränsen. LJÓSMYND/NORDEN.ORG

# Norðurlönd mæta hnattvæðingunni

**Á leiðtogafundi Norðurlandanna í Norður-Svíþjóð var samþykkt yfirlýsing um samstillt viðbrögð Norðurlanda við áskorunum hnattvæðingarinnar.**

**NORÐURLÖND** Forsætisráðherrar Norðurlandanna samþykktu á fundi sínum í bænum Riksgränsen, nyrst í Svíþjóð, yfirlýsingu um hnattvæðingarmál, en þetta er fyrsta yfirlýsingin sem samin er í nafni Hnattvæðingarráðs Norðurlandanna. Í henni ítreka ráðherrarnir vilja til að Norðurlöndin stilli saman strengi í viðbrögðum sínum við áskorunum hnattvæðingarinnar.

„Riksgränsen-yfirlýsingin, sem forsætisráðherrarnir standa að, veitir okkur styrk til að halda áfram starfinu við að mæta áskorunum hnattvæðingarinnar. Fundurinn í Riksgränsen hefur eflt norræna samkennd," hefur fréttavefur Norðurlandaráðs, Norden.org, eftir Halldóri Ásgrímssyni framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar.

Á fundi í finnska bænum Punkaharju í fyrra samþykktu forsætisráðherrarnir fjölmörg verkefni með það að markmiði að mæta áskorunum hnattvæðingarinnar. Þetta leiddi til endurskipulagningar á norrænu samstarfi til að auka skilvirkni. Fundurinn í Riksgränsen miðaði að því að færa þetta starf á næsta stig.

„Það mikilvægasta við norrænt samstarf er að Norðurlönd nýti sameiginlegan rannsókna- og nýsköpunarkraft ásamt sterkri samkeppnisstöðu til að mæta áskorunum á alþjóðavettvangi. Fundurinn í Riksgränsen veitir fleiri aðilum tækifæri til að taka þátt og koma skoðunum sínum á framfæri. Umræður um tillögur um öndvegisrannsóknir voru bæði jákvæðar og þeim vel tekið – það eflir framtíðarstarfið," sagði Halldór á blaðamannafundi.

Markmiðið með fundinum í Riksgränsen dagana 8. og 9. apríl, sem haldinn var undir yfirskriftinni „Samkeppnishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi", var að stuðla að og efla umræðu um tækifæri og áskoranir hnattvæðingarinnar og leiða saman fulltrúa frá Norðurlandaráði, sjálfstjórnarsvæðunum, atvinnulífi, iðnaði, mennta- og rannsóknageiranum, frjálsum félagasamtökum og ráðuneytum. Þessi fyrsti norræni fundur Hnattvæðingarráðs var skipulagður að nokkru leyti að fyrirmynd Davos-fundanna í Sviss sem árlega eru haldnir í nafni World Economic Forum.

audunn@frettabladid.is

> Það mikilvægasta við norrænt samstarf er að Norðurlöndin nýti sameiginlegan rannsókna- og nýsköpunarkraft...
>
> **HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
> NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI


# Hárfín snerpa

Enn á ný hafa hönnuðir Mercedes-Benz lagt línurnar þegar kemur að aksturseiginleikum. Hárfín snerpa eru fyrstu orðin sem koma upp í hugann. Þegar þú ekur nýjum C-Class viltu helst ekki að ökuferðin taki enda, svo einstök er upplifunin.

**Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.**

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz



ASKJA

VIKA 10

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:

### Á FERÐALAGI Í BANDARÍKJUNUM



Charlotte er þessa dagana á ferðalagi í Bandaríkjunum ásamt unnusta sínum. Það sem af er ferðar hafa þau heimsótt borgirnar Boston, Washington og New York. „Við höfum búið hjá vinum, sem hefur verið dásamlegt. Það gerir allt auðveldara og vinir okkar vita hverju á að mæla með í hverri borg. Við höfum borðað frábæran mat, verslað svolítið og heimsótt söfn og minnisvarða. Á miðvikudaginn heimsóttum við vin pabba sem vinnur í Alþjóðabankanum og það var upplifun að koma inn í svo merkilega byggingu. Veðurspáin segir að það eigi að vera 18 stiga hiti og sól svo við ætlum að drífa okkur í Central Park og skoða Guggenheim-safnið.“

Rachid Benguella:

### ALLT KOSTAR MIKLU MEIRA



Rachid finnst verðlag hafa hækkað mikið á Íslandi að undanförnu. „Það er erfitt að ná endum saman við mánaðamót. Örfáir hlutir í matvörubúð kosta kannski þrjú til fjögur þúsund krónur en það fer auðvitað eftir hvað maður kaupir. Bensínið hefur líka hækkað í verði og ég finn fyrir því. Ég held að það sé komið nóg og stjórnvöld hér hljóta að gera eitthvað. Ef verðlag hækkar meira verður allt brjálað.“ Hækkanirnar breyta samt áætlunum Rachids ekki mikið. „Ég stefni á að heimsækja fjölskylduna mína í sumar en það kostar mikið. Flugmiðinn kostar til dæmis meira en áður. Þetta breytir því helst að ég get ekki sparað neitt.“

Filipe Figueiredo:

### AGALEYSI NEMENDA Í PORTÚGAL



„Það er lítið um að vera hjá mér. Ég var að vonast til að komast héðan frá Ísafirði til Akureyrar til að sinna vinnu þar en flugi hefur verið aflýst hvað eftir annað. En ég hef mikið fylgst með fréttum frá Portúgal enda er athyglisvert mál þar til umræðu. Þannig var að kennari vildi taka farsíma af framhaldsskólanema sem var upptekinn við hann í kennslustund, kom þá til smá átaka og annar nemandi tók það upp og setti inn á Youtube. Síðan þá hefur agaleysið í framhaldsskólum verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu.“

Junphen Sriyoha:

### ÁRAMÓTIN Á NÆSTA LEITI



„Ég er ekki enn búin að fá ríkisborgararéttinn, kannski á mánudaginn,“ segir Junphen, sem bíður svara frá yfirvaldinu. „Annars er ég á fullu að æfa Tai-dans með níu öðrum löndum mínum enda eru taílensku áramótin á sunnudaginn. Reyndar verður ekki áramótafagnaðurinn fyrr en laugardaginn 19. apríl í Vodafonehöllinni og þá mun dansinn duna. Við æfum hjá einum félaga en við erum tíu í danshópnum. Þetta er líka tækifæri fyrir mig að sýna kjólinn sem ég var að hanna.“

Íbúar í Nepal kjósa stjórnlagaþing til að leggja formlega niður konungsveldið:

# Upphafið að stofnun lýðveldis

**NEPAL, AP** Íbúar í Nepal gengu til kosninga í gær. Kosið var til 601 manns stjórnlagaþings, sem fær það verkefni að ákveða nýja stjórnskipan fyrir landið.

Samkvæmt samkomulagi sem gert var í vetur verður gamla konungsveldið formlega lagt niður og lýðveldi stofnað þar sem maóískir byltingarsinnar fá tækifæri til að taka þátt í stjórn landsins á forsendum lýðræðis.

Ekki er búist við að endanleg úrslit kosninganna verði ljós fyrr en seint í apríl eða byrjun maí. Óttast er að næstu vikur geti orðið spennuþrungnar, skipst verði á ásökunum um kosningasvik og átök brjótist út.

Nokkuð var um átök á kosningadaginn. Byssumenn á mótorhjólum skutu á frambjóðanda í bænum Janakpur sunnantil í Nepal, en misstu marks. Í bænum Galkot reyndu maóistar að ná einum kjörstað á sitt vald, en kveiktu síðan í byggingunni eftir átök við lögreglu og kosningastarfsmenn.

Átökin voru þó ekki útbreidd og almenn bjartsýni virðist ríkja um að kosningarnar verði upphafið að friðsælum tíma og efnahagsuppgangi.

Um það bil hundrað þúsund manns sinntu eftirliti með framkvæmd kosninganna. Þeirra á meðal var Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti. - gb



**KOSIÐ Í NEPAL** Meira en sautján milljónir manna voru á kjörskrá í þessu landi þar sem konungssinnar og maóistar hafa árum saman barist af hörku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**FLUGÞRAUTIR** Bandaríski flugkappinn Kirby Chambliss stýrir flugvél sinni fimlega milli hindrana í fyrstu umferð flugkeppni í Abu Dhabi. NORDICPHOTOS/AFP

Fjármálaráðherra Noregs um hugmyndina um að binda krónuna við aðra mynt:

# Hagkerfi landanna of ólík

**NOREGUR** „Það er ekki mitt hlutverk að hafa skoðun á því hvort Íslendingar eigi að binda myntina sína við aðra mynt eða hefja myntsamstarf. Það er spurning sem íslensk stjórnvöld verða hugsanlega að velta fyrir sér,“ segir Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, um þá hugmynd að binda íslensku krónuna við þá norsku, eins og Þórólfur Matthíasson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur lagt til.

„Til að taka þátt í myntsamstarfi innan Evrópusambandsins gerir stöðugleikasáttmáli Myntbandalagsins grundvallarkröfur til efnahagslegs stöðugleika, bæði hvað varðar verðbólgu, vexti og ríkisfjármál. Það er sennilega ekki stemning fyrir ESB-aðild á Íslandi nú en ef það hefði verið það þá lítur ekki út fyrir í augnablikinu að íslenskur efnahagur uppfylli þær kröfur sem eru settar til að fá að taka þátt í myntsamstarfinu,“ segir hún.



**EKKI Í VIRKRI UMRÆÐU** „Þetta er ekki virk umræða í pólitíkinni,“ segir Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs.

„Þessar kröfur eru gerðar til að tryggja að viðkomandi land geti haft gleði af því að hafa fast gengi eða þátttöku í myntsamstarfi. Slíkar forsendur gilda jafnmikið ef Ísland myndi óska þess að binda krónuna við Bandaríkjadal eða norska krónu. Hvað varðar norsku krónuna þá á Noregur frekar lítil viðskipti við Ísland og uppbyggingin á þessum tveimur efnahagskerfum er frekar ólík. Þó að íslenskur hagfræðiprófessor hafi skrifað um möguleikann á krónusamstarfi milli landa okkar þá er þetta ekki virk umræða í pólitíkinni,“ segir hún. - ghs

Dómstóll í Þýskalandi:

# Alpahúfur bannaðar

**ÞÝSKALAND, AP** Dómstóll í Þýskalandi hefur kveðið upp þann úrskurð að kennslukonur megi ekki bera alpahúfu frekar en höfuðslæðu að íslömskum hætti. Íslömsk kennslukona brá til þess ráðs, eftir að henni var bannað að bera höfuðslæðu í vinnunni, að setja upp alpahúfu sem huldi hár hennar.

Dómstóll segir að skólayfirvöld megi reka kennslukonuna ef hún tekur ekki niður húfuna. Í Nordrhein-Westfalen er bannað að bera trúartákn sem geta brotið gegn óhlutdrægni hins opinbera gagnvart nemendum og foreldrum þeirra. - gb


www.volkswagen.is




Tilboðsverð á Polo

1.950.000 kr.

Eða aðeins 22.790 kr. á mánuði

Verð áður 2.110.000 krónur. Mánaðarleg afborgun miðast við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun (585.000 kr.). Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,12%.

| Polo | Golf | Passat | Touran | Tiguan |
|---|---|---|---|---|
| 4,5 | 5,0 | 5,8 | 5,9 | 6,9 |
| l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km |

Eyðsla, miðað við TDI® vél frá Volkswagen í blönduðum akstri.

Aukahlutur á mynd: Álfelgur

Fíton/SÍA

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur


## DÓMSMÁL

### Áfram í gæsluvarðhaldi

Héraðsdómur hefur framlengt gæsluvarðhald yfir manni, sem grunaður er um kynferðisbrot gagnvart tveimur dætrum sínum, til 30. apríl. Dætur mannsins eru átta og þrettán ára gamlar.

### Páll Gunnar ekki vanhæfur

Hæstiréttur úrskurðaði í gær að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, væri hæfur til að rannsaka meint brot Mjólkursamsölunnar, Auðhumlu, og Osta- og smjörsölunnar gegn samkeppnislögum. Vildu fyrirtækin að hann viki sæti vegna tiltekinna ummæla hans um málið.

### Sýknaður af líkamsárás

Hæstiréttur sneri í gær við dómi yfir manni fyrir líkamsárás fyrir utan skemmtistaðinn Hverfisbarinn árið 2005. Maðurinn hafði verið dæmdur í héraðsdómi fyrir að kasta glasi framan í annan mann, en Hæstiréttur taldi sekt hans ekki sannaða.

Sendiráð Kanada á Íslandi gefur kennsluefni til franskrar menningarstofnunar:

# Krefjandi og skemmtilegt efni

**MENNING** Sendiherra Kanada á Íslandi, frú Anna Blauveldt, afhenti í gær Gaëtan Montoriol, forstjóra frönsku menningarstofnunarinnar Alliance Francaise á Íslandi, þrjátíu mynddiska með frönsku kennsluefni. Herra Olivier Mauvisseau, sendiherra Frakklands á Íslandi, var einnig viðstaddur afhendinguna.

Kanadíska sendiráðið afhendir gjöfina í tengslum við nýafstaðna viku franskrar tungu. Er henni ætlað að stuðla að enn betri frönskukennslu á Íslandi, ekki síst meðal barna.

Kennsluefnið þykir afar gott en það er framleitt af sjónvarpsstöðinni Téléfrancais TV í Ontario í Kanada. Er efnið sagt krefjandi, gefandi og skemmtilegt.

Á diskunum er hver kennslustund sett upp þannig að hún sameinar einfaldan orðaforða og setningarfræði. Er efnið sett fram munnlega og svo endurtekið með letri á skjánum. Frönsk tunga er þannig sett fram á lifandi og skemmtilegan hátt. Ævintýri, sönglög, leikir, spurningar og próf gleðja þá sem horfa og hvetja til þátttöku í náminu. - ovd



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FRÁ AFHENDINGU GJAFARINNAR** Sólveig Simha og Gaëtan Montoriol hjá Alliance Francaise taka við gjöfinni frá Önnu Blauveldt, sendiherra Kanada á Íslandi. Olivier Mauvisseau, sendiherra Frakklands, stendur hjá.

Borgarráð leggur til fé:

# Fötluð börn í frístundaklúbba

**REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti í gær samhljóða tillögu Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra um vist fatlaðra barna 10 til 16 ára í frístundaklúbbum í sumar. Veitti borgarráð 19 milljónum króna til verkefnisins.**

**Minnihluti borgarráðs bendir á að borgarstjóri hafi í upphafi ætlað að efna til viðræðna við félagsmálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun frístundastarfsins. Fagnar minnihlutinn því að hann hafi vikið frá þeirri stefnu og tryggt fjármuni þess í stað. Borgarstjóri mun ræða við þessa aðila um frekari aðgerðir.** - sgj

Nýjar tillögur gera ráð fyrir hjálp við að brúa bilið frá fæðingarorlofi til leikskóla:

# Foreldrar fái þjónustutryggingu

**SKÓLAMÁL** Foreldrar sem hafa fullnýtt fæðingarorlof sitt munu eiga kost á þjónustutryggingu meðan beðið er eftir leikskólaplássi eða dagforeldri, samkvæmt tillögu meirihlutans í borgarstjórn.

Áætlunin ber heitið Borgarbörn og hefur það að markmiði að fjölga leikskólaplássum og kynna ný og ólík úrræði fyrir börn í Reykjavík. Í áætluninni kemur fram að á næstu þremur árum verði leikskólaplássum fjölgað í nýjum leikskólum og nýjum deildum bætt við rótgróna leikskóla.

Þjónustutrygging er jafn há greiðsla og Reykjavíkurborg greiðir með barni sem er í vistun hjá dagforeldri, eða 35.000 krónur, og stendur til boða eftir að fæðingarorlofi lýkur. Þessi tímabundna greiðsla er hugsuð sem leið til að auðvelda foreldrum að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn fær þjónustu dagforeldra eða leikskóla, til dæmis til að greiða þriðja aðila, skyldmenni eða öðrum, fyrir aðstoð. Foreldrar sem þiggja þjónustutryggingu en ráðstafa henni ekki til þriðja aðila skipta henni á milli sín líkt og lög um fæðingarorlof gera ráð fyrir. Samkvæmt tillögunni mun þjónustutrygging standa foreldrum til boða frá 1. september á þessu ári.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir áætlunina vera stærsta málið sem snýr að leikskólaráði á þessu ári. „Með Borgarbörnum erum við að loka gatinu sem myndast milli fæðingarorlofs og leikskóla eins og kosningaloforð gerðu ráð fyrir. Eftir níu mánaða meðgöngu og yndislegt níu mánaða fæðingarorlof taka oft við níu mánuðir af óvissu og óþægindum við að reyna að redda ýmsum hlutum, svíkja vinnuveitendur og svo framvegis og það er það sem við erum að koma í veg fyrir. Það er átak og kostar gríðarlegan pening en við teljum okkur setja þetta upp á mjög raunhæfan hátt.“ - kg



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR** Formaður leikskólaráðs segir áætlunina vera stærsta mál leikskólaráðs á þessu ári.

PRNDS
ALVÖRU SJÁLFSKIPTINGAR
TDI®
ÖFLUGAR EN HLJÓÐLÁTAR DÍSILVÉLAR
EYÐSLUGRANNAR VÉLAR
$CO_2$
MINNI LOSUN ÚT Í UMHVERFIÐ
KOLEFNISJAFNAÐIR Í EITT ÁR
HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG VIÐHALDI
UPPFYLLA STRÖNGUSTU ÖRYGGISSTAÐLA
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

Sparneytni

Polo er einn af fjölmörgum sparneytnum bílum frá Volkswagen

**Ef sparneytni væri skrásett vörumerki, væri það að sjálfsögðu í eigu Volkswagen**

Það er ekki hægt að fá einkaleyfi á orðinu sparneytni. Jafnvel þótt við hjá Volkswagen höfum í raun fundið upp það hugtak. Jafnvel þótt hönnuðir okkar séu á hverjum degi að finna upp leiðir til að auka sparneytnina enn frekar – til dæmis með nýju kraftmiklu TDI dísilvélunum. Komdu og kynntu þér Volkswagen, sölumenn okkar taka vel á móti þér.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Tilmæli talsmanns neytenda:

# Verðhækkanir kynntar betur

**NEYTENDAMÁL** Síminn og Vodafone hafa fallist á tilmæli talsmanns neytenda um að tilkynna framvegis öllum neytendum fyrir fram um verðhækkanir og aðrar breytingar á skilmálum. Hafa neytendur þá einn mánuð til að bregðast við.

Þetta kemur fram á vefsíðu talsmanns neytenda. Þar segir enn frekar að fram til þessa hafi slíkar breytingar aðeins verið kynntar með fréttum og upplýsingum á vefsíðum fyrirtækjanna auk tilkynningar til Póst- og fjarskiptastofnunar. Tilefni tilmæla talsmannsins er að fyrirtækin hafa frá áramótum breytt verðskrá sinni til hækkunar án þess að tilkynna viðskiptavinum sínum hverjum og einum um breytingarnar með bréfi, tölvuskeyti eða öðrum hætti. - ovd

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, vekur athygli á takmörkuðum aðgangi að vatni í heiminum:

# Borgarráðsmenn skáluðu í vatni

**FÉLAGSMÁL** Stutt hlé var gert á fundum borgarráðs Reykjavíkurborgar í gær þegar fundarmenn fengu vatnspásu. Vildi borgarráð með þessu leggja UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, lið í að vekja athygli á því alvarlega vandamáli sem takmarkaður eða enginn aðgangur að heilnæmu drykkjarvatni er í heiminum.

Á hverjum degi neyðist yfir milljarður jarðarbúa til að svala þorsta sínum með óheilnæmu vatni. Á bilinu 5 til 6 þúsund börn deyja daglega af þessum orsökum og mun fleiri veikjast alvarlega. Skortur á aðgengi að hreinu vatni er næstalgengasta dánarorsök barna undir fimm ára aldri. Vatnsvika UNICEF stendur til 13. apríl næstkomandi þar sem viðskiptavinir valinna veitingahúsa geta greitt fyrir vatn sem þeir drekka. - ovd



**GLÖS Á LOFT** Fulltrúar í borgarráði gerðu hlé á fundinum til að svala þorsta sínum í gærmorgun. Vatnsvika UNICEF stendur yfir þessa dagana. Safnað er fé sem verður notað til að auka aðgang barna að heilnæmu vatni í yfir níutíu löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FRÉTTASKÝRING:** Unglingar á hraðferð inn í harðan heim — 1. hluti – Unglingamenning

# Enginn tími fyrir sjoppuhangs

Hagur og hátterni unglinga í dag er um margt ólíkt því sem áður var. Heilt yfir er mikið vinnuálag á þeim og ekkert er gefið eftir í íþrótta- og tómstundaiðkun. Þeir eru alheimsborgarar sem vafra löngum stundum á veraldarvefnum og kjósa jafnvel lestur bóka á ensku fremur en íslenskar unglingabækur. Þeir eru á hraðferð inn í harðan heim hinna fullorðnu og þeir sem skrikar fótur geta orðið illa úti.

Eflaust myndu margir segja að unglingar væru ekki jafn áberandi í bæjarlífinu nú eins og oft áður. Sjoppuhangs heyrir nær alveg sögunni til, fjölmennar unglingasamkomur eru ekki áberandi um þessar mundir og fátítt er að sjá unglinga að leik um allar koppagrundir. Hvar er þá mannskapurinn? Einhverjir þeirra sem eldri eru kynna að halda að þeir sitji auðum höndum en unglingarnir sjálfir, foreldrar þeirra og þeir sem vinna með þeim vita að það er fjarri lagi. Fréttablaðið talaði við hóp 10. bekkinga í Austurbæjarskóla og Rimaskóla og nokkra nemendur í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Síðan var leitað álits fræðimanna og annarra sem starfa með unglingum og geta því varpað ljósi á hag þeirra og hátterni.



NEMENDUR Í AUSTURBÆJARSKÓLA Bjarki Geirdal Guðfinnsson, Róbert Aceto, Kalman Christer, Fífa Jónsdóttir, Ragnheiður Elísabet Þuríðardóttir og Rebekka Sverrisdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### VISSIR ÞÚ AÐ...

- tæp 8 prósent drengja í 9. og 10. bekk spila í hljómsveit með vinum sínum?*
- lestur dagblaða og tímarita meðal 9. og 10. bekkinga eykst?*
- tæp 2 prósent 9. og 10. bekkinga stunda golf?*
- ROFLMAO er gjarnan notað á MSN og þýðir að eitthvað sé afar fyndið? (Rolling on the floor laughing my ass off)
- F2F þýðir augliti til auglitis?

*heimild Rannsóknir og greining

### Grunnskólanemar í vaktstjórn

„Það er gríðarlegt vinnuálag á unglingum," segir Árni Jónsson, stjórnarmaður í SAMFÉS og fyrrverandi forstöðumaður í frístundamiðstöðinni Kamps, en hann hefur fengist við félagsstarf unglinga í áratug. „Þegar ég vann á félagsmiðstöðvunum þurftum við jafnvel að hafa samband við starfsmannastjóra á þeim stöðum þar sem þau voru að vinna og biðja þá um að minnka vinnuálagið. Til dæmis voru einhverjir grunnskólanemendur orðnir vaktstjórar."

Í dreifibréfi sem Vinnueftirlitið sendi verslunareigendum og stjórnendum matvöruverslana í janúar síðastliðnum segir að eftirlitinu hafi borist kvartanir forráðamanna ungmenna sem vinna í matvöruverslunum vegna brota á ákvæðum reglugerðar um vinnu barna og unglinga, einkum er varðar verksvið og vinnutíma þeirra.

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem Rannsóknir og greining gerði í samvinnu við menntamálaráðuneytið árið 2004 stunduðu um 64 prósent stúlkna á höfuðborgarsvæðinu vinnu meðfram framhaldsskóla árið 2004 og rúmlega helmingur pilta.

### Allt eða ekkert

Fræðimenn sem Fréttablaðið talaði við voru sammála um að ekkert hálfkák viðgengist meðal ungmenna í dag þegar þau á annað borð tækju sér eitthvað fyrir hendur. Til dæmis fækkar þeim stöðugt sem neyta vímuefna en þeir sem á annað borð neyta þeirra gera jafnframt meira af því. Unglingum sem stunda íþróttir fjölgar og flestir láta ekki minna nægja en að stunda þær fjórum sinnum í viku. „Það er eins og gamla góða áhugamennskan sé á undanhaldi," segir Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, kankvís en hann hefur gert margar rannsóknir á hegðun unglinga.

Nemendum í Rimaskóla sem Fréttablaðið ræddi við fannst sem lítill gaumur væri gefinn að því að atvinnuþátttaka og íþróttaiðkun unglinga væri mikil en þeim mun meiri athygli fengi það sem afvega færi hjá fámennum hópi unglinga. Þetta hefði þær afleiðingar að heildin fengi að gjalda fyrir afglöpin sem fáir fremja en fjölmargir fjölyrða um.

### Samskipti á tækniöld

En hvað kemur fyrst upp í huga unglinganna þegar þau eru spurð hvar þau ali manninn? „Fyrir framan tölvuna," segir Bjarki Geirdal Guðfinnsson, nemandi í Austurbæjarskóla, og kollegar hans samsinna því. Þau eiga þó erfitt með að henda reiður á það hversu miklum tíma þau eyða við apparatið. Engan skal þó undra að tölvan sé þeim hugstæð enda verður veraldarvefurinn sífellt stærri þáttur í daglegu lífi unglinga sem og annarra, jafnvel barna. Niðurstöður rannsóknar sem SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni, lét gera notaði innan við helmingur nemenda í 4. til 10. bekk veraldarvefinn daglega fyrir fimm árum en í fyrra var þetta hlutfall tæp áttatíu prósent.

En tölvan er ekki aðeins tímaþjófur að sögn Hlífar Böðvarsdóttur og Guðbergs K. Jónssonar, verkefnastjóra SAFT, „Við megum ekki gleyma því að í gegnum netið eiga sér stað heilmikil samskipti," segir Guðberg. „Þannig getur tiltal foreldra sem spyr barn sitt af hverju það fari ekki og hitti fólk í stað þess að hanga í tölvunni hljómað undarlega því á sama tíma er unglingurinn jafnvel að spjalla við tíu vini sína á MSN. Og þau eru alin upp við að þessi samskiptamáti hafi alltaf verið til staðar svo hann er ósköp eðlilegur í þeirra augum."

### 100 þúsund barnaníðingar á netinu

Nemendum þykir nóg um þá umfjöllun sem verið hefur um neikvæð áhrif tölvunnar og veraldarvefsins. Sumir telja jafnvel að ótti fullorðna við það hvað unglingar og börn aðhafast á netinu sé tilkominn af vanþekkingu foreldranna sjálfra. „Vissulega eru unglingarnir yfirleitt færari á netinu en foreldrarnir. Það er þó viss hætta á því að þeir sem eru einangraðir og jafnvel veikir á svellinu falli fyrir hættunum jafnvel þótt þeir séu ekki grunnhyggnir. Svo er alltaf viss hætta á að fólk ánetjist því," segir Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur en hann hefur meðhöndlað mörg ungmenni með netfíkn. Hann segir að sex til tíu prósent þeirra sem noti netið eigi á hættu að ánetjast því og þegar kemur að tölvuleikjum sé hlutfallið um 24 prósent. „Samkvæmt heimildum bandarísku leynilögreglunnar FBÍ má gera ráð fyrir því að á hverju gefnu augnabliki séu að minnsta kosti 100 þúsund barnaníðingar á netinu. Og í svona bloggvæddu þjóðfélagi eins og Íslandi er þá eru jafnvel glæpamenn sem sitja um bloggsíður og fylgjast með því hvenær einhver er að heiman svo að þeir geti leitað lags með sín myrkraverk. Aðrir óprúttnir reyna svo að komast yfir kreditkortanúmer. Og það er náttúrlega hægt að nálgast nær allt sem hugurinn girnist á netinu. Þar á meðal efni sem við teljum óæskilegt fyrir börn eins og til dæmis klám. Svo er hætta á því að sá sem útilokar sig frá umheiminum vegna tölvunotkunar staðni hvað varðar félagslegan þroska þar sem hann fær lítil tækifæri til að takast á við aðstæður augliti til auglitis."

### Ungu alheimsborgararnir

En sá er vafrar um óravíddir veraldarvefsins verður líka margs vísari enda er talað um að unglingar í dag séu alheimsborgar. Þeir sem nú eru á miðjum aldri fengu fæstir mörg tækifæri til þess að tala við jafnaldra sína frá fjarlægum slóðum en þessu er allt öðruvísi farið í dag. Allir þeir sem blaðamaður talaði við sögðu að unglingar í dag væru almennt upplýstari, víðsýnni og mörgu leyti fróðari í dag en áður. Ekki verður heldur annað séð en að enskukunnátta þeirra sé almennt svo góð að fullorðnir geti hæglega talið sig færa ef þeir standa þeim jafnfætis. Sigþrúður Gunnarsdóttir, ritstjóri barnabóka hjá Forlaginu, segir að sífellt fleiri unglingar kjósi að lesa bækur á ensku og þá jafnvel þykka doðranta. Hún segir svo komið að jafnvel ellefu ára börn lesi bækur á ensku frekar en að rýna í þær íslensku. Hún segir enn fremur að síðustu tvo áratugi hafi framboð á unglingabókum stórlega minnkað á meðan mikil gróska sé í öðrum flokkum. Sigþrúður telur að ein af skýringunum geti verið sú unglingar séu að miklu leyti farnir að lesa sömu bækur og þeir sem eldri eru.

### HVAR ERU UNGLINGARNIR?

„Eru þeir ekki bara í bílunum sínum, mér sýnist allt benda til þess þegar ég lít yfir bílastæði skólans."
**Þorsteinn Þorsteinsson,** skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ

„Eins og foreldrarnir eru þeir yfirbókaðir utan heimilis og undirbókaðir innan heimilis."
**Ólafur Grétar Gunnarsson,** fjölskylduráðgjafi hjá ÓB ráðgjöf

„Fyrir framan tölvuna."
**Bjarki Geirdal Guðfinnsson,** nemandi í Austurbæjarskóla.

„Ef einhver vill sjá hvað unglingar eru að gera væri ráð að kíkja á nemendafélögin."
**Hjálmar Örn Elísson Hinz,** nemandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ

### Beint í djúpu laugina

Það væri því líklega ekki rétt að álykta sem svo að unglingar séu lítt áberandi í okkar samfélagi. Frekar væri að segja að unglingamenningin eins og margir þekkja hana sé fyrir nokkru týnd og tröllum gefin. Hins vegar má spyrja sig að því hvort unglingamenning sé smátt og smátt að mást út og börn sem ná unglingsaldri detti skyndilega í heim sem verður sífellt líkari heim þeirra fullorðnu. Þar sem vinna, nám, tölvusamskipti og stíf ástundun við viðfangsefnin skipa stóran sess en áhugamennska, útileikir og sjoppuhangs mega sín lítils. En unglingar eru þó ekki hættir að leika sér. Flestir leika þeir sér í tölvuleikjum sem sumir hverjir eru afar flóknir og krefjast mikillar þekkingar. Það á þó ekki einungis við um unglinga og börn því fullorðnir eru engu síður iðnir við kolann í þeim efnum.

Með öðrum orðum má álykta sem svo að unglingamenningin, rétt eins og unglingabókmenntirnar, sé að þynnast út í heimi hinna fullorðnu.



NEMENDUR Í RIMASKÓLA Linda Björg Björnsdóttir, Henrý Guðmundsson, Kristín Björk Smáradóttir og Alex Pétursson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HVAÐAN SÖGÐUST FRAMHALDSSKÓLANEMAR AÐALLEGA FÁ PENINGA TIL DAGLEGRA NOTA ÁRIÐ 2004

| | Stelpur | Strákar |
|---|---|---|
| Frá foreldrum | 25,5% | 26,7% |
| Af sumartekjum | 39,0% | 55,2% |
| Af launum vegna vinnu með námi | 53,7% | 35,9% |
| Af námslánum | 2,8% | 1,6% |
| Af dreifbýlisstyrk | 6,4% | 5,1% |

Heimild: Rannsóknir og greining

### IÐKUN ÍÞRÓTTA OG LÍKAMSRÆKTAR FRAMHALDSSKÓLANEMA ÁRIÐ 2004

| | Stúlkur | Strákar |
|---|---|---|
| Nær aldrei | 15,7 | 13,3 |
| Vikulega eða sjaldnar | 25,7 | 20,4 |
| 2-3 sinnum í viku | 30,4 | 25,6 |
| 4 sinnum í viku eða oftar | 28,2 | 40,6 |

Heimild: Rannsóknir og greining

### FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR SEM UNNU MEÐ SKÓLA ÁRIÐ 2004

| | Höfuðborgarsvæðið | | Landsbyggðin | |
|---|---|---|---|---|
| | Stelpur | Strákar | Stelpur | Strákar |
| Unnu ekki þann vetur | 34,4% | 49,3% | 40,5% | 54,8% |
| 1-9 klst. | 28,2% | 22,1% | 24,1% | 19,9% |
| 10-19 klst. | 26,8% | 19,1% | 23,3% | 15,5% |
| 20 klst. eða meira | 10,6% | 9,5% | 12,2% | 9,7% |

Heimild: Rannsóknir og greining. Tölur miðast við eina viku.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is


Núll krónur í þrjá vini
Nú geturðu hringt í þrjá vini fyrir núll krónur ef þú fyllir á Frelsið með símanum eða á siminn.is. Þú getur talað í 60 mínútur eða sent 60 SMS á dag og þetta gildir líka um myndsímtöl. Kynntu þér málið á siminn.is og náðu í lagið og hringitóna með Merzedes Club í leiðinni.
Fáðu þér Frelsi hjá Símanum og stækkaðu vinahópinn.
800 7000 • siminn.is
Sendu SMS í númerið 1900 með textanum:
Frelsi
og þú færð hringitóninn MEIRA FRELSI á 0 kr.
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp
0 kr. í 3 vini

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KS FROSIN LAMBASVIÐ 50% AFSLÁTTUR

KS frosin lambasvið **aðeins 199 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*







Móa grillaður heill kjúklingur *CA. 1100g* **598 kr.stk.**




Móa eldaðir kjúklingastrimlar
**1189 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1699 KR./KG.*

## Ferskur Holta kjúklingur **40% afsláttur**




Holta ferskar kjúlingabringur
**1679 kr./kg.** *MERKT VERÐ 2799 KR./KG.*

Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

Holta fersk hálfúrbeinuð kjúklingalærin
**642 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1069 KR./KG.*




KS frosinn lambabógur **aðeins 489 kr./kg.** *MERKT VERÐ 699 KR./KG.*




Óðals beikon
**1079 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR./KG.*

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ALI SVÍNAKJÖT GOTT VERÐ

Ali




Ali ferskar svínakótilettur
**1070 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1783 KR./KG.*




Ali ferskur svínabógur
aðeins **498 kr./kg.**




Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR./KG.*




Toppur 2 ltr. 98 kr.

## Íslenskt ungnautakjöt á góðu verði í Bónus




Nautaat ferskt 100% íslenskt ungnautahakk
aðeins **798 kr./kg.**




Nautaat ferskir íslenskir
ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **489 kr pakkinn.**

## BÓNUS BAKKELSI ALLTAF NÝBAKAÐ




Emmes ísblóm 6 stk **259 kr.**
*JARÐABERJA OG DAIM*




Bónus kleinuhringir 2 stk **198 kr.**
*KARAMELLU & SÚKKULAÐI*




Bónus nýbakað Baguette
1 stk **98 kr.**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

Sumarbúðir
fyrir 12 - 16 ára

Frábærar sumarbúðir
fyrir alla unglinga
**13. - 17. ágúst** 2008
að Löngumýri í Skagafirði



*„Þetta var ótrúlega skemmtilegt og ég eignaðist fullt af frábærum vinum... og starfsfólkið var líka æði"*



- Hlutverkaleikir
- Kvöldvökur
- Ferðir
- Frábær skemmtun

Dagskrá mótsins er blönduð af gamni og alvöru. Unnið er með viðhorf þátttakenda til ýmissa þjóðfélagshópa og fá þeir meðal annars tækifæri til að setja sig í spor þeirra í formi hlutverkaleikja

Viðhorf virðing

Skráning hjá jon@redcross.is
eða í síma 5704000

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

Barcelona
17. eða 24. apríl
frá aðeins kr. 22.990



Verð kr. 22.990
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum, sértilboð, 17. apríl. Brottför 24. apríl kr. 4.000 aukalega.

Verð kr. 49.990
– flug og gisting **** Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur með morgunverði á Hotel NH Numancia ****, 17.-21. apríl. Brottför 24. apríl kr. 10.000 aukalega (ath. 3 nátta ferð).

*Helgarferðir - frábær sértilboð!*
Heimsferðir bjóða ótrulegt tilboð á allra síðustu flugsætunum í helgarferðir til Barcelona 17. og 24. apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Heimsferðir
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

512 Auglýsingasími 50 50
– Mest lesið

**FRÉTTASKÝRING:** Pólstjörnumálið í Færeyjum

# Kærastan sagði lögreglu frá fíkniefnum í bílnum

**Það var fyrrverandi færeysk kærasta Birkis Marteinssonar, 25 ára Íslendings sem nú bíður dóms í Færeyjum vegna meintrar aðildar að Pólstjörnumálinu, sem fór að eigin frumkvæði til lögreglu. Þar greindi hún frá því að Birkir væri með mikið magn fíkniefna í skottinu á bíl sínum.**



**SMYGLSKÚTAN** Fíkniefnin voru tekin úr skútunni í Færeyjum 9. september og sett aftur um borð 16. september. Að því búnu var henni siglt til Íslands.

Þetta segir Linda Margarete Hesselberg, saksóknari í málinu, í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið. Saksóknari undirstrikar að hún greini einungis frá því sem fram hefur komið við vitnaleiðslur í dómsal.

Það var skömmu eftir handtökuna að kærasta Birkis kom að máli við lögregluna og kvaðst hafa vitneskju um nokkuð sem hún vildi greina frá. Hún hafði verið með Birkis í bíl hans aðfaranótt 14. september þegar hann sagði við hana að nú sætu þau í dýrasta bíl í Færeyjum. Henni þótti þetta undarlegt þar sem bíllinn var kominn vel til ára sinna svo hún spurði nánar út í málið. Birkir greindi henni þá frá því að Alvar Óskarsson og Guðbjarni Traustason hefðu smyglað gífurlegu magni af fíkniefnum til Færeyja, því mesta sem um getur. Þau væru nú í skotti bílsins og andvirðið væri um 200 milljónir íslenskra króna. Þau Birkir og stúlkan höfðu þá nýverið ekið Alvari og Guðbjarna til vinar þeirra í Klakksvík, þegar þessi orðaskipti áttu sér stað.

Lögregla gerði Birki grein fyrir vitnisburði stúlkunnar sama dag og hún gaf skýrsluna.

### Ástæður langrar einangrunarvistar

Spurð um ástæður hinnar löngu einangrunarvistar Birkis kveðst saksóknari mjög gjarnan vilja að þær komi fram nú, þegar séð er fyrir endann á réttarhöldunum.

„Maðurinn var handtekinn 21. september. Hann var þá úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun. Daginn eftir að stúlkan greindi lögreglu frá vitneskju sinni bað Birkir lögregluna að koma til hennar bréfi frá sér úr fangelsinu, þótt hann vissi að hann mætti ekki reyna að hafa samband við vitni í málinu. Bréfið var stöðvað og komst aldrei á leiðarenda. Birki var því afhent það aftur eins og gildandi reglur segja til um."

Þann 31. september var einangruninni yfir Birki aflétt. Ekki var talið þjóna rannsóknarhagsmunum að halda honum lengur í einangrun, þar sem rannsóknin var svo vel á veg komin. Þetta var þó undir því komið að hann héldi gildandi reglur. Ein þeirra var sú að sakborningur mátti ekki hafa samband við vitni í málinu.

„Engu að síður skrifaði hann annað bréf 10. október til stúlkunnar þar sem sagði meðal annars að hann hefði fundið leið til að hafa samskipti við hana. Hún ætti að biðja kærustu færeysks samfanga hans fyrir bréf sín til hans og hann myndi nota sömu aðferð. Hún mætti ekki undir nokkrum kringumstæðum segja neinum frá þessum samskiptum þeirra, því þau væru ólögleg. Í bréfinu útskýrði hann sína hlið á fíkniefnamálinu, sem hann vissi að hann mátti ekki gera því þar með var hann að hafa áhrif á vitni í málinu. Stúlkan fór með bréfið til lögreglu og kvaðst vilja fá frið fyrir manninum."



**DÓMSHÚSIÐ Í FÆREYJUM** Þar hafa réttarhöldin farið fram frá því á mánudag.

### Heimsóknir og bréfaskipti undir eftirliti

Þetta leiddi til þess að Birkir var settur aftur í einangrun vegna ítrekaðra tilrauna til að hafa samband við vitni. Þá var færeyski fanginn sendur til áframhaldandi afplánunar í Danmörku.

„Birkir mátti allan tímann í einangruninni fá heimsóknir vina og síðan fjölskyldu undir eftirliti. Þá mátti hann skrifa bréf og fá bréf að því tilskildu að yfirvöldum væri kunnugt um hvað stóð í þeim bréfum," útskýrir saksóknari. „Með því gáfum við honum eins mikið svigrúm eins og hægt var."

### Bróðirinn handtekinn

Saksóknari segir enn fremur að Birki hefði mátt vera ljóst að fjölskylda kærustunnar var orðin flækt í málið með einum eða öðrum hætti. Bróðir stúlkunnar hafði verið handtekinn um leið og Birkir. Ástæðan var sú að Einar Jökull Einarsson hafði ásamt öðrum manni sent peninga í byrjun september úr banka í Smáralind til Færeyja 11. september. Fóru þeir inn á reikning bróðurins að beiðni Birkis sem kvaðst sjálfur ekki hafa skilríki til að leysa þá út. Þá hafði Einar Jökull hringt símtöl úr almenningssíma, bæði í Birki og bróðurinn.



**LINDA MARGARETE HESSELBERG** Saksóknari í fíkniefnamálinu í Færeyjum.

„Meginástæða þessarar einangrunarvistar var sú að stúlkan gæti borið vitni í dómsal, án þess að vera undir þrýstingi frá sakborningi, sem reyndi að ná til vitnis bréflega."

### Fíkniefnin í Færeyjum

Guðbjarni og Birkir staðfestu báðir fyrir rétti að fíkniefnin hefðu verið fjarlægð úr skútunni sunnudagsmorguninn 9. september. Þau voru sett aftur um borð 16. september.

Þegar skútumennirnir yfirgáfu Færeyjar 17. september skildu þeir eftir tæp 800 grömm af amfetamíni og tæpt kíló af e-töfludufti í vörslu Birkis.

„Vitni í dómsal útskýrðu að þessi efni hefðu átt að fara til færeysks einstaklings sem „ætti fíkniefnamarkaðinn í Færeyjum".

Einar Jökull var sagður vita hver þetta var og hafa hitt þennan einstakling í Danmörku og skipulagt þennan anga málsins.

Birkir sagði í dómsal að Guðbjarni hefði sett efnin sem eftir urðu í skottið á bíl sínum.

„Lögregla fylgdist hins vegar með Birki úr fjarlægð þann 17. og sá hann þá koma frá skútunni með bakpoka sem hann setti í skottið á bílnum."

### Öll fingraför þurrkuð af pökkunum

Efnunum, sem skútumennirnir skildu eftir, var pakkað í tvo pakka um borð í skútunni, sem síðan voru settir í ofangreindan bakpoka. Guðbjarni sendi þá Birgi upp í bíl til að ná í bréfþurrkur til að þurrka öll fingraför af pökkunum. Þegar Birkir var spurður fyrir dómi hvort hann hefði vitað að nota ætti bréfþurrkurnar til að afmá fingraför af fíkniefnapökkunum kvaðst hann ekki hafa vitað það. Þegar Guðbjarni var spurður hvort Birkir hefði vitað til hvers ætti að nota þær sagðist hann hafa sagt Birki það. Í skotti bíls Birkis fundust síðan pakkarnir, án nokkurra fingrafara, svo og einnota hanskar.

Kviðdómur í Færeyjum kveður upp í dag úrskurð sinn um sekt eða sýknu Birkis Marteinssonar.

## ATBURÐARÁSIN Í FÆREYJUM

■ 9. september
Fíkniefnin fjarlægð úr skútunni í Færeyjum.
■ 14. september
Birkir greinir kærustu sinni frá því að hann sé með fíkniefni fyrir 200 milljónir í bíl sínum.
■ 16. september
Fíkniefnin sett aftur um borð.
■ 17. september
Lögregla sér Birki koma með pakka frá skútunni og setja í skottið á bíl sínum.
■ 21. september
Birkir er handtekinn. Úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun.
■ 21. september
Kærastan setur sig í samband við lögreglu og segir síðan frá fíkniefnunum.
■ 31. september
Einangruninni aflétt.
■ 10. október
Birki tekst að koma bréfi til kærustunnar þar sem lagt er á ráðin um frekari bréfasendingar. Fyrri bréfasending hans hafði þá verið stöðvuð. Settur aftur í einangrun.
■ 9. apríl
Einangruninni aflétt.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is

Pioneer

Hljómar eins og til var ætlast!

# Langar þig í góðan magnara?

*Náðu fram fullkomnum hljómgæðum **með Pioneer**!*



**Pioneer VSX-417**
- 5x110W RMS
- FM/AM útvarp með RDS
- Sound Retriever tækni sem bætir hljómgæði frá Mp3, WMA, AAC þjöppuðu hljóði
- Hágæða 192Khz/24-bit D/A hljóðbreytar
- Inngangar: 5.1ch analog, 5 x stereo RCA, 3 x video, 2 x Digital Coax, Optical

LISTAVERÐ: 45.900,- kr. / **TILBOÐSVERÐ: 36.900,- kr.**



**Pioneer VSX-817**
- 7 x 110w RMS
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)
- FM/AM útvarp með RDS
- USB inngangur fyrir Mp3 spilara og PC/MAC tölvur
- Hágæða 192Khz/24-bit D/A hljóðbreytar
- Sound Retriever tækni bætir hljómgæði frá Mp3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
- Inngangar: 5.1ch analog, 2 x Digital Coax, Optical, 4 x stereo RCA, 4 x AV, 2 x video, USB

LISTAVERÐ: 59.900,- kr. / **TILBOÐSVERÐ: 49.900,- kr.**



**Pioneer VSX-917V**
- Heimabíómagnari 7 x 110W RMS
- Sjálfvirk uppsetning með AutoMCACC (hljóðnemi fylgir)
- FM/AM útvarp með RDS
- USB inngangur fyrir Mp3-spilara og minniskubba
- Hágæða 192Khz/24-bit D/A hljóðbreytir
- Sound Retriever tækni bætir hljómgæði frá Mp3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
- Inngangar: USB, 2x HDMI, 5.1 multi channel (DVD), 2x Coax digital, 3x optikal, 3x steríó RCA hljóð, 5x RCA A/V, 3x Component, 3x S-Video, 4x composite

LISTAVERÐ: 76.500,- kr. / **TILBOÐSVERÐ: 64.900,- kr.**



**Pioneer VSX-1017AV**
- 7x 150W RMS
- Forritanleg fjarstýring með skjá
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)
- Bi-Amp stilling - keyrir tvær magnararásir inn á hvorn framhátalara
- FM/AM útvarp með RDS
- USB inngangur fyrir Mp3 spilara og minniskubba
- 192Khz/24-bit D/A hljóðbreytir
- Sound Retriever tækni sem bætir hljómgæði frá Mp3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
- Inngangar: USB, 2x HDMI, 7.1ch analog, 2x coax digital, 4x optikal, 3x RCA hljóð, 5x RCA A/V, 5x S-Video, 5x composite

LISTAVERÐ: 105.900,- kr. / **TILBOÐSVERÐ: 89.900,- kr.**



**Pioneer VSX-2016AV-S**
- 7 x 150W RMS
- THX Select2 vottaður
- Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)
- Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES Discrete 6.1, DTS-ES Matrix 6.1, DTS Neo:6, DTS 96/24, THX Surround Ex, ProLogic IIx og WMA9Pro
- Forritanleg fjarstýring með skjá
- Bi-Amp stilling - keyrir tvær magnararásir inn á hvorn framhátalara
- FM/AM útvarp með RDS
- USB inngangur fyrir MP3 spilara og PC/Mac tölvur
- iPod tengi - Spilar tónlist, sýnir ljósmyndir og iPod-valmyndina
- 192Khz/24-bit D/A breytir
- Sound Retriever tækni bætir hljómgæði frá MP3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
- Inngangar: USB, 2 x HDMI, 7.1ch analog, 2 x coax digital, 4 x optical, 3 x RCA hljóð, 5 x RCA A/V. 3 x component, 5 x S-Video, 5 x composite, iPod

LISTAVERÐ: 129.900,- kr. / **TILBOÐSVERÐ: 109.900,- kr.**

KVIKA

ORMSSON



| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.348 **-1,88%**

**Fjöldi viðskipta:** 642
**Velta:** 5.863 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC AIRWAYS** | 0,23% | **GLITNIR** | 3,04% |
| **SKIPTI** | 0,13% | **FL GROUP** | 2,88% |
| | | **EXISTA** | 2,83% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,44 -0,8% ... Bakkavör 44,70 -1,54% ... Eimskipafélagið 24,70 -1,4% ... Exista 12,72 -2,83% ... FL Group 7,09 -2,88% ... Glitnir 17,55 -3,04% ... Icelandair 24,25 -0,21% ... Kaupþing 846,00 -2,08% ... Landsbankinn 30,8 -1,28% ... Marel 91,60 -1,42% ... SPRON 5,97 -0,5% ... Straumur-Burðarás 12,58 -0,87% ... Teymi 4,49 -0,87% ... Össur 92,00 -0,54%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Jón Baldvin vilji halda í Davíð

Davíð Oddsson var spurður um það, á fundi Seðlabankans í gær, hvort hann myndi segja af sér sem bankastjóri, eins og fram hefði komið í fjölmiðlum. „Hver hefur sagt það?“ spurði Davíð, stuttur í spunann. Þá var nefndur Jón Baldvin Hannibalsson. Davíð rifjaði þá upp að árið 1984, hefði Jón Baldvin sagt að það yrði sitt fyrsta verk að reka Jóhannes Nordal þegar hann kæmist á valdastól, „Svo varð hann ráðherra í sex ár, og eitt af hans síðustu verkum var að biðja Jóhannes um að halda áfram. Það gæti vel farið svo. En eigum við ekki að halda okkur við efnið og ekki ræða svona slúður,“ sagði Davíð.



### Hrun húsnæðismarkaðarins

Eflaust hefur einhverjum runnið kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir renndu yfir Peningamál Seðlabankans og sáu inni í miðri bók að bankinn spáir hruni á húsnæðismarkaði; raunverð húsnæðis lækki um þrjátíu prósent á næstu tveimur árum og öll hækkun undanfarin fimm ár gangi til baka. Seðlabankamenn virtust ekki sjá ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessari svörtu spá.

## Vísitölur niður

**Gengi hlutabréfavísitalna lækkaði almennt á evrópskum hlutabréfamörkuðum í gær.**

**Verri efnahagshorfur eiga hlut að máli en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar með minni hagvexti á heimsvísu á árinu. Mest lækkaði gengi hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í smásölugeiranum.**

**FTSE-vísitalan í Bretlandi lækkaði um 0,31 prósent, Dax-vísitalan í Þýskalandi um 0,25 prósent og Cac-vísitalan í Frakklandi um 0,32 prósent. Af norrænum hlutabréfamörkuðum var sá norski sá eini sem hækkaði, fór upp um 0,1 prósent.**

- jab

# Vonbrigði með ákvörðun bankans

„Það hefði þurft að auka við gjaldeyrisforðann og tryggja lánalínur erlendis,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Hann bætir við að takmörk séu fyrir því hversu mikið Seðlabankinn geti hækkað vexti til þess að styrkja gengið því hver vaxtahækkun til viðbótar auki líkurnar á harðri lendingu.



**ÁSGEIR JÓNSSON** Forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings segir takmörk fyrir því hversu mikið Seðlabankinn geti hækkað stýrivexti. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Fjármálamarkaðurinn brást ekki vel við stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær. Gengi hlutabréfa féll snarlega strax í upphafi dags og fór Úrvalsvísitalan niður um 1,88 prósent þegar yfir lauk. Þá lækkaði gengi krónunnar um 1,2 prósent.

„Tilkynning Seðlabankans um væntanlega aukningu gjaldeyrisforðans er góð svo langt sem hún nær. Maður átti von á frekari aðgerðum með það fyrir augum að senda umheiminum sterkari skilaboð,“ segir Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík.

Fjöldi erlendra fjölmiðla fjallaði um vaxtaákvörðunina í gær. Danska blaðið Börsen hafði eftir Thomas Haugaard Jensen, yfirhagfræðingi Handelsbanken, að fleira hefði þurft að koma til en vaxtahækkun. „Þróunin undirstrikar að Seðlabankinn hefur málað sig út í horn,“ segir hann.

- jab



**ENGIN RÍKISÁBYRGÐ** Davíð Oddsson Seðlabankastjóri sagði að tvöfalda mætti gjaldeyrisforðann en meginverkefni banka væri að þeir björguðu sér sjálfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tvöfalda gjaldeyrisforðann við betri aðstæður

**Seðlabankinn gerir ráð fyrir að stýrivextir fari upp undir sextán prósent á árinu. Verðbólga fari nálægt ellefu prósentum. Verðbólgumarkmiðinu verði ekki náð fyrr en í árslok 2010. Seðlabankastjóri segir að gjaldeyrisforðinn kunni að tvöfaldast en bíður hagfelldari skilyrða til lántöku.**

„Vegna mikilla skulda heimila og fyrirtækja mun gengislækkunin sem orðin er hafa samdráttaráhrif en viðvarandi verðbólga kemur skuldsettum heimilum og fyrirtækjum verst og grefur undan stöðugleika fjármálakerfisins til lengri tíma. Það er því þjóðarnauðsyn að verðbólga verði hamin,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri þegar hann rökstuddi hálfs prósentustigs stýrivaxtahækkun bankans í gær.

Stýrivextir Seðlabankans eru nú 15,5 prósent, þeir hæstu sem þekkjast í iðnvæddum ríkjum. Skammt er síðan bankinn hækkaði stýrivextina um 1,25 prósentustig.

Fram kom í máli Arnórs Sighvatssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að gert væri ráð fyrir frekari hækkun stýrivaxta á árinu, um 0,25 prósentustig til viðbótar. Í fráviksspá bankans um stýrivexti, sem birt er í Peningamálum, er sá möguleiki sýndur að vextirnir fari yfir átján prósent á þessu ári, verði verðbólguþróun óhagstæð og verðbólgan fari yfir tólf prósent. Arnór benti þó á að mikil óvissa væri í spám.

Í grunnspánni er annars gert ráð fyrir því að markmiði bankans um 2,5 prósenta verðbólgu verði náð undir lok árs 2010.

Davíð sagði einnig að gengi krónunnar væri óeðlilega lágt, en vaxtahækkunin ein og sér leysti ekki vandann á gjaldeyrisskiptamarkaði. Aukin útgáfa tryggra skuldabréfa til handa erlendum fjárfestum ætti að opna farvegi gjaldeyrisinnstreymis.

Davíð sagði það vilja ríkisvaldsins að gjaldeyrisforðinn yrði aukinn með lántöku. Hann nemur nú um 220 milljörðum króna. Lántaka væri í undirbúningi en endanleg ákvörðun hefði ekki verið tekin. „Við viljum gjarnan að skilyrði væru hagfelldari en þau eru í augnablikinu.“ Davíð sagði að upphæðir hefðu ekki verið nefndar. „En ég teldi það ekki óeðlilegt að hann yrði að minnsta kosti tvöfaldaður.“ Þá benti Davíð á að mikill kostnaður fylgdi því að vera með mikinn gjaldeyrisforða. Hann sagði hins vegar að engin formúla væri fyrir því hvað teldust hagfelld skilyrði. „Við teljum okkur ekki hafa heimild til þess, sem umboðsmönnum íslensku þjóðarinnar, til að taka lán til að styrkja forðann við óhagstæðari kjör en við teljum boðleg,“ sagði Davíð og bætti því við að tryggingarálag ríkisins hefði farið lækkandi og hann gerði ráð fyrir því að sú þróun héldi áfram.

Davíð nefndi enn fremur að ekkert benti til þess að íslensku bankarnir væru í hættu. En hafa þyrfti í huga að ríkisábyrgð hefði ekki verið seld með bönkunum á sínum tíma. „Meginverkefni banka er að bjarga sér sjálfir.“

ingimar@markadurinn.is

# Verðbólguþrýstingurinn áhyggjuefni í Evrópu

Stýrivaxtadagur var hjá bæði Englandsbanka og evrópska seðlabankanum í gær. Englandsbanki brást við versnandi efnahagshorfum með lækkun stýrivaxta upp á 25 punkta og færði vaxtastigið niður í fimm prósent á sama tíma og evrópski bankinn ákvað að halda vöxtunum óbreyttum í fjórum prósentum.

Í rökstuðningi bankastjórnar Englandsbanka segir að margar hættur vofi yfir bresku efnahagslífi. Þar á meðal séu væntingar um tiltölulega lítinn hagvöxt árið á enda á sama tíma og verðbólguþrýstingur sé mikill. Verðbólga mældist 2,5 prósent í Bretlandi í febrúar en vonast er til að minni hagvöxtur, um 1,6 prósent, þar í landi dragi hana niður á árinu.

Samtök smásala í Bretlandi fögnuðu ákvörðun bankans í gær. Stephen Robertson, formaður þeirra, sagði í samtali við vefmiðilinn Talking Retail að verðhækkanir á matvælum á heimsvísu ýttu undir verðbólgu nú og gætu seðlabankar heimsins lítið gert til að sporna við því.

Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, sagði hins vegar lítil ummerki um samdrátt í efnahagslífinu og vísaði til aukinnar framleiðslu í Frakklandi, þriðja mánuðinn í röð. Á móti væri verðbólga enn of há, 3,5 prósent í mars, og væri það áhyggjuefni. Hefði því verið ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum að sinni.

- jab

## Hæstu stýrivextir á Íslandi

Stýrivextir eru hvergi jafn háir og hér í þeim löndum sem eru með þróaðan fjármálamarkað.

Næsthæstu vextirnir eru í Tyrklandi, fimmtán prósent. Á eftir fylgir Brasilía með 11,25 prósenta stýrivexti. Vaxtaákvörðunardagur er í Brasilíu í næstu viku og því spáð að vextir verði hækkaðir um fjórðung úr prósenti og jafnvel meira til að draga úr verðbólgu.

Fjallað var um stýrivaxtahækkun Seðlabankans víða í erlendum fjölmiðlum í gær. Danska dagblaðið Berlingske Tidende gerði létt grín að þessu vafasama heiðursæti Íslands og sagði landið hafa náð „þessu leiðinlega fyrsta sæti“. - jab

**STÝRIVEXTIR Í HÁVAXTALÖNDUNUM**

| Land | Vaxtastig (í %) |
|---|---|
| Ísland | 15,50 |
| Tyrkland | 15,25 |
| Brasilía | 11,25 |
| Suður-Afríka | 11,00 |
| Nýja-Sjáland | 8,25 |
| Ungverjaland | 7,50 |
| Ástralía | 7,25 |

# Enn að safna gögnum

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði á fundi bankastjórnar í gær að enn væri verið að safna gögnum í tengslum við vísbendingar um að menn hefðu beitt sér gegn fjármálakerfi landsins. „Hún er forsenda þess að menn geti síðar átt samstarf við önnur yfirvöld annars staðar því athugun af þessu tagi fer ekki eingöngu fram hér í þessum ranni. Menn þurfa að færa fram sínar upplýsingar gagnvart kollegum annars staðar. Ég veit ekki betur en að sú vinnsla sé í gangi. Þegar henni er lokið verður þessu máli fylgt fram,“ sagði Davíð.



**DAVÍÐ ODDSSON**

Hann sagði sumt af því sem þessir aðilar gerðu væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt og að minnsta kosti ekki lögbrot. „Í þessum efnum geta menn hins vegar farið yfir mörkin. Og það er það sem menn eru að kanna og að fara yfir,“ sagði seðlabankastjóri. Ekki væri hægt að fullyrða hvort saknæmt athæfi hefði átt sér stað. Það væri flókið mál að sanna en þýðingarmikið út á við að það væri kunnugt að þessi athugun færi fram.

Aðspurður sagði Davíð að Fjármálaeftirlitið ynni að þessari athugun. „Það hefur svo samband og samvinnu við viðeigandi fjármálaeftirlit þar sem starfsemi þessara aðila er stærst.“

- bg


# HVER$ VIRÐI €R ÉG?

**NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!**

Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?**
Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga.
Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.



**SÝNINGAR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þri | 15/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Mið | 16/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Fös | 18/4 | Frumsýning - uppselt | kl. 21 |
| Lau | 19/4 | Uppselt | kl. 19 |
| Lau | 19/4 | | kl. 21 |
| Fös | 2/5 | | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

**Sýnt í Salnum Kópavogi**
Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr. 50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum. **ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS
BYR SPARISJÓÐUR
DYNAMO REYKJAVÍK



## 2 fyrir 1
## Púðaútsala
um helgina!

2 fyrir 1 af öllum púðum um helgina
þú greiðir fyrir dýrari og
# færð annan frítt!

WORLD INSPIRED
the PIER
FOR YOUR HOME



Snyrtifræðingur
verður á staðnum
11. og 12. apríl og kynnir
okkar náttúrulegu
snyrtivörur
**20-50% afsláttur**
um helgina

## Frábær tilboð á snyrtivörum

the PIER

glæsileg og framandi húsgagna- og gjafavöruverslun

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00




**839** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Goða lambalæri - frosið




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Haribo hlaup




**99** kr/pk. áður 197 kr/pk.
Nettó samlokubrauð




**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nátturu vöfflumix




**99** kr/stk. áður 329 kr/stk.
Reach tannþráður

**99** kr/stk. áður 239 kr/stk.
Colgate total

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 10. apríl til 13. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar




**1.499** kr/kg. áður 2.704 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur - ferskar




**999** kr/kg. áður 1.669 kr/kg.
Goða grísahnakkasneiðar bahamas




**1.099** kr/kg. áður 1.834 kr/kg.
Goða grísagúllas




**99** kr/pk. áður 199 kr/pk.
Tomma & Jenna blautklútar




**199** kr/stk. áður 398 kr/stk.
Wash & go 500 ml - 2 in 1

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Víða eru róstur vegna hækkandi verðs á landbúnaðarvörum.

## Matarkistan

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Róstur eru víða um lönd vegna hækkandi matarverðs. Hér á landi hafa talsmenn innflytjenda lýst áhyggjum sínum vegna vaxandi kostnaðar við innkaup matvæla. Rökstuðningur við hækkun á innlendri landbúnaðarframleiðslu er rökstuddur með vaxandi kostnaði á kjarnfóðri, kornblöndum sem eru stór hluti af fóðri fyrir nautpening, fiðurfé og svín. Mjólkurvörur og kjötvörur hækka í búðum á Íslandi vegna hækkandi vöruverðs á korni í heiminum.

Við erum raunar orðin háð matvælaframleiðslu sem byggist á korngjöf. Við þekkjum ekki matvæli sem framleiða mætti hér á landi án korngjafar. Hvorki kjúklinga-, svína- né nautakjötsframleiðslan sem við leggjum okkur til munns þrífst án korngjafar: nyt í kúm yrði önnur ef ekki kæmi til kornfóður. Hvernig ætli sú mjólk yrði á bragðið?

Grundvöllur matvælaframleiðslu innanlands byggist á korni, niðurgreiddu korni frá hinum stóru framleiðslusvæðum Ameríku. Þegar kreppir að á matvælamarkaði vakna aftur gamlar spurningar um sjálfstæði og öryggi samfélagsins: getum við brauðfætt okkur sjálf?

Í alþjóðlegri umræðu síðustu daga hafa sérfræðingar austan hafs og vestan viðurkennt að stórátaks er þörf í matvælaframleiðslu heimsins. Þótt aukinn hlutur jarðargróða fari nú til framleiðslu eldsneytis, víðast með miklum tilkostnaði, er ekki undan því vikist að aukin eftirspurn hjá mannmörgum þjóðum, Indverjum og Kínverjum, á sinn hátt í hækkuðu verði á heimsmarkaði. Og þá ekki síður að landbúnaður er víðast hvar bundinn fornfálegum rekstrarháttum.

*Þegar kreppir að á matvælamarkaði vakna aftur gamlar spurningar um sjálfstæði og öryggi samfélagsins: getum við brauðfætt okkur sjálf?*

Nýlega hafa ráðamenn bent á stórsvæði í Austur-Evrópu sem eru vannýtt. Matarkistan Afríka líður fyrir óskynsamlega varnarmúra ríkari markaðssvæða. Smábændasamfélög forn innan mæra Indíalanda og Kínaveldis standa í vegi fyrir nauðsynlegri aukningu í framleiðslu þessara heimsvelda á mat. Breytingar á vatnabúskap á stórum landflæmum jarðar eru áhyggjuefni: langvinnir þurrkar í Ástralíu og djarfar, sumir segja hættulegar, breytingar á vatnabúskap Kínverja eru til marks um það.

Á einu ári hefur hveiti hækkað um 130%, sojamjöl um 87%, hrísgrjón um 74% og maís um 31%. Þessar tölur eru uggvænlegar. Það er aðeins verð á kjöti og sykri sem hefur ekki hækkað á síðari árshelmingi 2007. Og talnahríðin skelfir enn frekar þegar litið er til mannfjölgunar: mannkynið taldi 6,1 milljarð þúsaldarárið en 2025 verður það 8 milljarðar. Þjóð sem sækist eftir metorðum á alþjóðavettvangi verður að vera meðvituð um hvaða erindi hún hyggst reka. Enginn er eyland, eins og við finnum á verði kexpakkans rétt eins og þeir sem láta nú illa í mörgum suðrænum löndum vegna hækkandi verðs á hrísgrjónum sem hafa þar tvöfaldast í verði á smásölumarkaði. Aðstoð okkar við hin fátækari lönd hlýtur að beinast að aukinni matvælaframleiðslu, ekki síður en bættri orkuframleiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Léttvínsvextir

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína í 15,5 prósent í gærmorgun og þar með búa Íslendingar við hæstu stýrivexti iðnaðarþjóða. Næst á eftir koma Tyrkland, Brasilía, Suður-Afríka og Egyptaland. Oft er sagt að fylgi smáflokka í stjórnmálum sé pilsnerfylgi og er þar vísað til lágrar prósentu beggja. Aðeins eitt léttvín í ÁTVR, hið ítalska Castello di Querceto Vin Santo, inniheldur meira en 15,5 prósent áfengi. Það er sagt bera keim af villisveppum og sviðnu leðri með langt eftirbragð. Svolítið eins og íslenska krónan.



### Miðborgarvandinn færist

Nýlega var greint frá því að framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar hefði reiknað út að þungamiðja búsetu á höfuðborgarsvæðinu hefði færst um 71 metra frá því í fyrra, nánar tiltekið frá Goðalandi 5 til Grundarlands 4 í Fossvogshverfi. Því má ætla að fljótlega fari að bera þar á yfirgefnum húsum, veggjakroti, skemmdarverkum og skrílslátum. Þá geta þau Pétur og Sigrún í Grundarlandi búist við að vakna einn morgun við að einhver sauðdrukkinn ógæfumaður hafi gubbað á tröppurnar við húsið þeirra.



### Að haardea málið

Íslenska málið er í stöðugri þróun. Íslendingum er til að mynda orðið tamt að nota ýmis ný orð úr fjármálalífinu undanfarin ár sem er ekki furða miðað við vaxandi áhuga þjóðarinnar á bankastarfsemi. Nýjasta orðið úr heimi bankamanna ku þó ekki vera í líkingu við nafnorðin mannauður eða marksækni. Sögnin að haardea mun víst vera nýjasta afsprengi tungumálsins og má leiða að því líkur að hún sé dregin af ættarnafni Geirs Haarde forsætisráðherra. Sögnin hefur ekki jafn jákvæða merkingu og þau sem áður hafa orðið til í sama ranni en merking hennar er víst að bregðast ekki við aðstæðum eða að gera barasta ekki neitt.

karen@frettabladid.is, olav@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Lágkúruleg umræða



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Vígbúnaðarkapphlaup

Um daginn varð forsætisráðherra reiður yfir umræðu um það hvers vegna hann kysi að fljúga með einkaþotum á fundi erlendis með þeim afleiðingum að kostnaður skattborgaranna sexfaldast. Þetta finnst honum vera „lágkúruleg umræða“. Við könnumst við þessi viðbrögð enda var fyrirrennari hans oft reiður. Honum fannst það t.d. „óviðfelldin sjónarmið“ þegar innrás í Afganistan var mótmælt á sínum tíma og sá til þess að engin slík sjónarmið kæmust að þegar stuðningur við innrás í Írak var ákveðinn.

En af hverju er forsætisráðherra svona reiður? Þykist hann ekki vera frjálshyggjumaður sem styður aðhald af hálfu hins opinbera? Aðhaldssamir stjórnmálamenn ættu almennt séð að vera ánægðir þegar þeim er bent á leiðir til að spara. En forsætisráðherra er reiður og mótmælir sjálfri umræðunni. Kannski vegna þess að umræðan mun aldrei leiða í ljós að hann sé í raun og veru aðhaldssamur og ábyrgur. Það eru engin góð rök fyrir því að það sé góð meðferð á almannafé að skutlast á einkaþotum milli landa. Þess vegna þarf hinn aðhaldslausi forsætisráðherra á aðhaldslausum fjölmiðlum að halda – fjölmiðlum sem þegja þegar á þá er hvæst: Lágkúra!

Fyrst var því haldið fram að tímasparnaðurinn fyrir því að nota einkaþotu væri svo gríðarlegur að hann réttlætti umframkostnaðinn. Því miður hefur enginn nennt að reikna út nákvæmlega á hvaða tímakaupi ráðamenn þjóðarinnar þyrftu að vera til þess að slíkur útreikningur gengi upp – en það má vera himinhátt.

En svo má líka efast um það hvort ráðamenn þjóðarinnar séu í raun og veru að spara einhvern tíma með þessum mengandi lúxusfararskjóta. Ekki gafst utanríkisráðherra t.d. tími til þess að ræða við utanríkismálanefnd um erindi Íslands á Natófundinum og hver stefna þjóðarinnar ætti að vera gagnvart stærstu álitamálum samtímans.Utanríkisráðherra virðist ekki heldur hafa haft tíma til að lesa ályktanir fundarins, a.m.k. neitaði hún því í Kastljósi á þriðjudagskvöld að hvatt hefði verið til aukins vígbúnaðar. Í 46. grein ályktunar fundarins eru aðildarríki Nató hins vegar greinilega hvött til aukinnar vígvæðingar. Það er því spurning hvort einkaþotuferðir séu ekki aðeins of tímasparandi – fólki gefst ekki einu sinni tími til að lesa þá gjörninga sem það samþykkti.

Hvað græddu svo íslenskir skattborgarar á þessari sjö milljón króna einkaþotuferð til Búkarest? Á þessum fundi var t.d. samþykkt að koma á bandarísku eldflaugavarnakerfi í Póllandi og Tékklandi – raunar í trássi við vilja almennings í þessum löndum. Þetta hefur verið hitamál erlendis en ekki á Íslandi. Á landi sem sækist eftir aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru svona mál ekki einu sinni til umræðu. Það skipti engu máli þótt forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafi mætt úthvíld til Búkarest eftir þægilega ferð í einkaþotu. Þau voru samt hálfsofandi á fundinum og samþykktu að hefja nýtt vígbúnaðarkapphlaup umræðulaust. Ekkert frá fundinum bendir raunar til að íslenska þotuliðið hafi átt þar neitt erindi – annað en að rétta jafnan upp hönd um leið og Bandaríkjaforseti. Og kannski snýst allur kostnaðurinn um þetta – íslensk stjórnvöld reyna sem fyrr að gera sig gildandi með því að eyða nógu miklum peningum; frekar en að hafa sjálfstæða skoðun á einu einasta máli.

# KALDIR DAGAR

## Troðfull búð af kæliskápum, frystiskápum og frystikistum á frábæru tilboði



BEKO IGNIS Whirlpool VESTFROST scan domestic

Scancool SKS150
**85sm KÆLISKÁPUR**
**Tilboð 24.995**
Fullt verð 34.995

Ignis ICF220
**220 lítra FRYSTIKISTA**
**Tilboð 29.995**
Fullt verð 44.995

Scancool SB350
**350 lítra FRYSTIKISTA**
**Tilboð 39.995**
Fullt verð 54.995

Scancool SKF295
**180sm KÆLISKÁPUR**
með litlum frysti
**Tilboð 54.995**
Fullt verð 69.995

Beko FSE27300
**173sm FRYSTISKÁPUR**
**Tilboð 54.995**
Fullt verð 69.995

Whirlpool ARC5551
**187sm KÆLISKÁPUR**
með frysti
**Tilboð 64.995**
Fullt verð 84.995

Whirlpool ARC5554IX
**187sm KÆLISKÁPUR**
með frysti, stál
**Tilboð 74.995**
Fullt verð 89.995

Vestfrost SW350M
**201sm KÆLISKÁPUR**
með frysti - 2 pressur
**Tilboð 89.995**
Fullt verð 129.995

Whirlpool
**AMERÍSKUR SKÁPUR**
með klaka og vatni - stál
**Tilboð 219.995**
Fullt verð 279.995

## Útlitsgallaðir skápar seldir með miklum afslætti

Whirlpool

**ALLAR STÆRÐIR**
**ALLAR GERÐIR**

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

# Þjóðin hafi síðasta orðið



Eftir Magnús Stefánsson

Umræða um Ísland og ESB hefur að mörgu leyti verið ómarkviss og að undanförnu markast af ástandi efnahagsmála. Ýmsar nefndir og starfshópar hafa fjallað um málið og skilað um það skýrslum, bæði á vegum opinberra aðila og annarra. Mikið af gögnum liggur því fyrir um málið. Kallað hefur verið eftir markvissari og efnislegum umræðum um þessi mál, þar sem m.a. komi fram hvað hugsanleg aðild að ESB feli í sér í raun og veru.

Svara þarf ákallinu og færa umræðuna á nýtt plan. Besta leiðin til þess er að ríkisstjórnin sjá til þess að samin verði samningsmarkmið fyrir Ísland vegna hugsanlegra aðildarviðræðna við ESB. Að því verkefni komi stjórnmálaflokkarnir, aðilar vinnumarkaðar og fleiri, svo sem sveitarfélögin. Samningsmarkmiðin verði kynnt efnislega og vel fyrir þjóðinni og í kjölfarið verði efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem þjóðin taki afstöðu til þess hvort Ísland eigi að óska eftir aðildarviðræðum við ESB á grundvelli samningsmarkmiðanna eða ekki. Ef þjóðin segir nei þá liggur sú afstaða fyrir og umræðan um málin verður á þeim forsendum í kjölfarið.

### Vinna hefjist sem fyrst

Verði niðurstaðan sú að þjóðin vilji að farið verði í aðildarviðræður á grundvelli samningsmarkmiðanna, þá óski stjórnvöld eftir aðildarviðræðum við ESB. Þegar niðurstaða þeirra liggur fyrir í aðildarsamningi, verði hann lagður fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem þjóðin tekur endanlega afstöðu til þess hvort Ísland verði aðili að ESB á grundvelli aðildarsamningsins. Þannig verði það þjóðin sjálf sem tekur meiriháttar ákvarðanir í málinu. Það er brýnt að þessi vinna hefjist sem allra fyrst.

Nýlega var skipuð nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins. Henni er ætlað að fjalla um og fara yfir þróun mála hjá Evrópusambandinu. Á fyrsta fundi nefndarinnar var henni gefin sú forskrift að hún eigi ekki að senda frá sér neinar tillögur. Með öðrum orðum er Evrópunefndinni ætlað að vera huggulegur teklúbbur þar sem menn ræða málin án þess að komast að nokkurri niðurstöðu eða gefa stjórnvöldum tillögur að því hvernig best sé að ráðast í umræðu og ákvarðanatöku um Evrópumál. Tvennt til viðbótar vekur athygli varðandi þessa nefnd, annars vegar það að sveitarfélögin eiga þar ekki fulltrúa og hitt að stjórnarflokkarnir ákváðu að hafa tvo formenn yfir nefndinni! Þessi nefnd ætti að fá það hlutverk að gera tillögu um samningsmarkmiðin.

*Með öðrum orðum er Evrópunefndinni ætlað að vera huggulegur teklúbbur þar sem menn ræða málin án þess að komast að nokkurri niðurstöðu...*

Eðlilega eru skiptar skoðanir um margt sem varðar hugsanlega aðild Íslands að ESB. Þar má nefna nýtingu auðlinda hafsins, yfirráð og fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Íslands. Það er mikilvægt að fyrir liggi hvernig við viljum að þeim málum verði háttað, ef til aðildarviðræðna við ESB kemur. Samningsmarkmið hljóta m.a. að fela í sér kröfur Íslands í þeim efnum og þjóðin þarf að þekkja þau markmið. Svo er einnig um fjölmörg fleiri málefni.



### Tveir raunhæfir kostir

Að undanförnu hefur mikið verið fjallað um gjaldmiðilsmál og stöðu krónunnar. Æ fleiri hafa komið fram og lýst þeirri afstöðu að krónan sé of lítill og veikur gjaldmiðill og því þurfi að taka upp annan gjaldmiðil. Aðrir hafa nefnt hugmyndir um að taka upp aðra gjaldmiðla í stað krónunnar og þar með lýst þeirri skoðun að krónan sé ekki framtíðargjaldmiðill okkar. Meðal hugmynda um aðra gjaldmiðla í stað krónunnar er evra, norsk króna, svissneskur franki og jafnvel samstarf við hin Norðurlöndin um sameiginlega norræna krónu. Afstaða greinarhöfundar er sú að tveir kostir séu raunhæfir og skynsamlegir.

Þegar rætt er um að taka upp annan gjaldmiðil í stað krónunnar verður að horfa áratugi fram í tímann og meta hagsmuni Íslands út frá því. Þessir tveir kostir eru annars vegar að halda krónunni eða taka upp evru. Sá kostur kallar hins vegar á að Ísland gangi í ESB og verði aðili að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Þessi mikilvægu mál verður að ræða efnislega samhliða umfjöllun um samningsmarkmið.

### Lýðræðisleg aðferð

Greinarhöfundur hefur hér með ekki tekið þá afstöðu að Ísland eigi að ganga í ESB. Hins vegar bera stjórnmálamenn nútímans þá ábyrgð að fjalla um langtímahagsmuni þjóðarinnar og vinna að því að þeim verði sem best borgið, meðal annars er varðar Evrópusambandið.

Það er mikilvægt að nálgast umræðu um þessi mál með opnum huga og á frjálslyndan hátt, því um einhverja mikilvægustu framtíðarhagsmuni þjóðarinnar er að ræða. Það er lýðræðisleg aðferð að fela þjóðinni að taka afstöðu til þess hvort óska á eftir viðræðum um hugsanlega aðild Íslands að ESB, að undangenginni upplýstri umræðu um málið. Um það ættu allir að geta orðið sammála.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.*

### EVRÓPUSAMBANDIÐ – Hvað er til ráða?

1. Hverjir eru helstu kostir við Evrópusambandsaðild?
2. Hverjir eru helstu gallar við Evrópusambandsaðild?
3. Hvað er til ráða?
   - 3.1. Á að hafna aðild umsvifalaust?
   - 3.2. Á að bíða og sjá til?
   - 3.3. Á að sækja um aðild umsvifalaust?
   - 3.4. Á að gera efnahagslegar og stjórnskipulegar ráðstafanir með það að markmiði að taka ákvörðun af eða á um aðildarumsókn eftir tiltekinn tíma, til dæmis innan þriggja ára?

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Þú & ég & Akureyri!

Lýðræðisdagurinn 2008

Staður: Brekkuskóli
Tími: **Laugardaginn 12. apríl kl. 13-17**

**Vilt þú breyta einhverju í bænum þínum?**

**Býrðu yfir hugmyndum sem gætu orðið til góðs?**

**Gerum íbúalýðræðið virkt og tökum öll þátt í Lýðræðisdeginum 2008 sem haldinn verður í Brekkuskóla frá kl. 13.00-17.00 laugardaginn 12. apríl**

**Þú getur valið um að taka þátt í átta ólíkum málstofum:**

*Íbúalýðræði*
Framsaga: Ágúst Þór Árnason
Umræðustjóri: Margrét Guðjónsdóttir

*Mengun, umferð og lýðheilsa*
Framsaga: Pétur Halldórsson
Umræðustjóri: Kristín Sóley Sigursveinsdóttir

*Göngu- og hjólreiðastígar*
Framsaga: Guðmundur Haukur Sigurðarson
Umræðustjóri: Inga Þöll Þórgnýsdóttir

*Lýðheilsa og skipulag*
Framsaga: Matthildur Elmarsdóttir
Umræðustjóri: Karl Guðmundsson

*Hæglætisbær eða heimsborgarbragur?*
Framsaga: Hólmkell Hreinsson
Umræðustjóri: Katrín Björg Ríkarðsdóttir

*Vistvernd í verki – allra hagur*
Framsaga: Stella Árnadóttir
Umræðustjóri: Gunnar Gíslason

*Að eldast á Akureyri*
Framsaga: Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Umræðustjóri: Þórgnýr Dýrfjörð

*Akureyri – fjölskylduvænt samfélag*
Framsaga: Jan Eric Jessen
Umræðustjóri: Sigríður Stefánsdóttir

**Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri,** setur Lýðræðisdaginn kl. 13.00 með stuttu ávarpi og síðan hefst vinnan í málstofunum. Að þinginu loknu, upp úr kl. 16.00, mun **María Sigurðardóttir, nýr leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar,** sjá um að slíta samkomunni á viðeigandi hátt.

**Skorað er á Akureyringa að fjölmenna og taka þátt í líflegum umræðum um bæinn sinn.**

**Taktu þátt í að skapa ennþá betri bæ!**

BARNAPÖSSUN
KAFFIVEITINGAR

© DAGSKRÁIN




# 4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Tom Yum súpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Kryddlegin dádýralund** með seljurótarsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

**6.290 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.680 kr.*



PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Katrín Rós segir að kjúklingabringur sé hægt að matreiða á margvíslegan skemmtilegan hátt og gott sé að leyfa ímyndunaraflinu að ráða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Sólþurrkaðir tómatar, pestó og svartar ólífur

***Katrín Rós Baldursdóttir líffræðingur er af mörgum sögð vera meistarakokkur. Ímyndunarafl Katrínar í eldhúsinu er óendanlegt og hefur hún borið á borð hvern frábæran réttinn á fætur öðrum.***

Katrín Rós lumar á fjölmörgum uppskriftum að girnilegum kjúklingaréttum úr kjúklingabringum og eina uppskrift, sem hefur verið í miklu uppáhaldi, fékk hún hjá vinkonu sinni.

„Úr kjúklingi er hægt að gera svo marga bragðgóða og frábæra rétti. Ég luma á tugum uppskrifta þar sem kjúklingabringur eru í aðalhlutverki. Uppskriftirnar sem ég hef sankað að mér í gegnum tíðina koma héðan og þaðan og það eru alltaf nýjar að bætast við í safnið,“ segir Katrín.



Ein af uppáhaldsuppskriftum Katrínar er afar einföld og tekur alls ekki langan tíma. Það sem þarf í réttinn er fjórar kjúklingabringur, rautt pestó, sólþurrkaðir tómatar, svartar ólífur, ein og hálf dós af rjómaosti með sólþurrkuðum tómötum, einn piparostur og þrír fjórðu úr pela af matreiðslurjóma. Í sósuna fer ein dós af rjómaostinum, hálfur piparostur og matreiðslurjóminn.

„Aðferðin er fljótleg og góð en byrjað er á því að kljúfa bringurnar í tvennt þannig að tvær þunnar sneiðar verði úr hverri bringu. Bringurnar eru síðan penslaðar með pestóinu. Á aðra hlið bringnanna er sett ein teskeið af rjómaosti, sólþurrkaðir tómatar og ólífur. Þegar þetta er komið er bringunum rúllað upp og þær festar saman með tannstönglum. Sósunni er hellt í eldfast mót og bringunum er svo raðað í mótið og bakaðar við 180 til 200 gráður í ofni,“ útskýrir Katrín.

Með bringunum er gott að bera fram salat með vínberjum, tómötum, rauðlauk og feta-osti. Einnig er mjög gott að sögn Katrínar að hafa með kartöflubáta sem eru búnir til þannig að kartöflurnar eru skornar í tvennt langsum og síðan skorið í þær „rúðumynstur“. Kartöflurnar eru svo penslaðar með olíu sem hefur verið blönduð með kjöt- og grillkryddi. Hafa þarf í huga að kartöflurnar þurfa klukkutíma inni í ofni við 180-200 gráður.

*mikael@frettabladid.is*


nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar



Sushi
SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS

www.nings.is

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

**Fiskur** á mánudögum er góð regla. Smellið honum í ofn með salti og pipar og bakið í fimmtán mínútur. Kreistið sítrónu yfir og berið fram með kartöflum.








Súkkulaðipennana má ydda yfir til dæmis konfekt eða ís sem skraut.

# Ómótstæðilegir súkkulaðipennar

***Í súkkulaðipennum mætast matargerð og list og ættu þeir að geta heillað fagurkera jafnt sem sælkera.***

Þessir súkkulaðipennar eru afrakstur samvinnu japanska arkítektsins og hönnuðarins Oki Sato og bakarans Tsujiguchi Hironobu.

Hinn síðarnefndi er maðurinn á bak við sælkeraverslanirnar Mont St. Claire and Le Chocolat de H. í Tókýó.

Pennarnir fást í misdökku súkkulaði og með þeim fylgir yddari. Kurlinu á svo að strá yfir ís og eftirrétti og njóta!



Súkkulaðið er í ýmsum litum og hægt að blanda saman eftir hentugleikum.

Sjá nánar á slóðinni http://www.nendo.jp/en/works/detail.php?g=product&t=107

*-ve*



## Kartöfluár

NÝSTÁRLEGUR UPPSKRIFTABÆKLINGUR ER KOMINN ÚT ÞAR SEM KARTÖFLUR KOMA VIÐ SÖGU Í ÓLÍKU SAMHENGI.

„Ég er alin upp í kartöflugarðinum heima að Áshóli í Grýtubakkahreppi og hef alltaf litið með lotningu til kartöflunnar. Nú er ár kartöflunnar að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna og því fannst mér tilvalið að leggja vinnu í bækling um þessa menningarjurt,“ segir höfundur nýs kartöflubæklings, Sigríður Bergvinsdóttir hárgreiðslumeistari á Akureyri.

Sigríður hefur safnað uppskriftunum og þróað þær ásamt því að elda réttina og láta mynda þá. „Ég hef kartöflur í öllu sem ég bý til matarkyns, hvort sem það tilheyrir eldamennsku eða bakstri. Ég verð til dæmis með saumaklúbb í kvöld og ætla að bera fram marenstertu en botninn undir er kartöflubotn.“

Þess má geta að það er Landsamband kartöflubænda sem gefur bæklinginn út og honum verður dreift ókeypis til neytenda í verslunum.

*- gun*





HÓTEL HVOLSVÖLLUR

**Árshátíðir**

Gisting í tveggja manna herbergi.
4 rétta hátíðarmatseðill.

Dinnertónlist og dansleikur.
Brunch.

Föstudag til laugardags. **kr. 8.400.-**
Laugardag til sunnudags. **kr. 9.400.-**
Bjóðum upp á fordrykk í Sögusetrinu. **kr. 950.-**

Verð án gistingar **kr. 4.900.-**

**Golf og hótel**

Frá 15/04 til 15/06 2008

Heill dagur á Strandarvelli.

Gisting í tveggja manna herbergi.
3 rétta kvöldverður.
Morgunverður.

**Á leiðini heim:** Komið við á Strandavelli og tekinn einn hringur.

Verð **kr. 11.000.-**












**Allt hitt**

**Fundir og ráðstefnur frá 2- 200 manns**
Árshátíðir.
Brúðkaupsveislur.
Afmælisveislur.
Fermingaveislur.

Gerum tilboð í veislur og veitingar.
*Pinnamatur/brauðtertur/snittur/hlaðborð/a la carte/kökuhlaðborð/hádegisverður/kvöldverður og fleira.*
*Salur fyrir allt að 240 manns.*

*Óvissuferðir/Jeppaferðir/Njáluferðir/strandferð með hertrukk/fjórhjólaferðir/hestaferðir*

Björgvin Óskarsson gsm: 692 7464

Ath: Öll verð miðast við gistingu í tveggja manna herbergi á mann. Auka fyrir einsmanns herbergi kr. 3.500 .-

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 fax: 487 8058 | hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is

# Sælkerar borða kavíar

***Þegar gera á sér dagamun er misjafnt hvað hverjum líkar. Meðan kaffibolli gerir gæfumuninn fyrir suma dugar öðrum ekkert minna en dýrindis kavíar.***

Á veitingastöðum víða um heim geta nautnaseggir fundið kavíar á svimandi háu verði. Veitingahúsið Caviar House & Prunier við St James Street í London er Íslendingum kunnugt en þar kosta 125 grömm af kavíar rétt um fimmtíu þúsund krónur. Hér á landi er hægt að nálgast lúxuskavíar ef viljinn er fyrir hendi en Sælkerinn flytur meðal annars inn franskan kavíar, Baerii, og er útsöluverð á 30 gramma dós um það bil 5.000 krónur. Einnig er hægt að sérpanta Ostietre-kavíar frá Íran og er verðið á kílóinu af honum langt yfir 500.000 krónur.

„Það er alveg sérstök upplifun að borða kavíar og hann þykir vera einhver fínasti matur í heimi,“ segir Jóhannes Þór Ævarsson hjá Sælkeranum. Hann leggur áherslu á gæðavöru en auk styrjuhrogna flytur fyrirtækið inn Wagyu-nautakjöt og flest það sem til þarf til matargerðar sælkera en vörurnar fást í Fiskisögu og Gallerý kjöti.

Mörg íslensk veitingahús nota kavíar í rétti en fá þeirra bjóða upp á hann að staðaldri. Þó sést kavíar öðru hvoru á matseðlum í borginni svo íslenskir nautnaseggir leyfa sér þennan munað. Á veitingastaðnum Humarhúsinu er boðið upp á styrjuhrogn á 8.090 krónur og að sögn starfsfólks slæðist alltaf inn einn og einn sem skellir sér á réttinn.

Beluga-styrjuhrogn voru þau dýrustu en Beluga-styrjan er nú í útrýmingarhættu og hefur Evrópusambandið bannað verslun með þau. Baerii-kavíarinn sem Sælkerinn flytur inn kemur úr eldisstyrju.



Jóhannes Þór Ævarsson, eigandi Sælkerans, segir kavíar það fínasta. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Veitingastaðurinn Silfur notar styrjuhrogn í rétti sína. Hér sýnir Jói kokkur listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er frönsk tegund af eldis-styrju en Frakkar neyta fimmtán prósenta allrar kavíarframleiðslu í heimi,“ útskýrir Jóhannes Þór. Kringum 1990 var styrjueldi komið á laggirnar og nú eru framleidd um það bil sex tonn á ári. „Eldishrognin hafa þennan fallega dökkgráa lit sem sóst er eftir og einkennir gæðakavíar,“ segir Jóhannes Þór. *heida@frettabladid.is*

## Ostur góður í allan mat

RIFINN OSTUR GERIR OFT GÆFUMUNINN.



Þetta skemmtilega rifjárn er eftir hönnuðinn Richard Sapper og framleitt af fyrirtækinu Alessi. Sökum stærðar kemur rifjárnið, sem gengur undir heitinu Todo, sér afar vel þegar rífa á niður stóra osta. Með nánast einni stroku er stór parmesan-ostur orðinn að myndarlegri hrúgu af fínum strimlum. Það að auki er rifjárnið flott á að líta og sómir sér því vel í eldhúsinu. Todo-rifjárnið fæst í versluninni Casa og kostar 7.200 krónur. *- rve*















# FÖSTUDAGUR

11. APRÍL 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS




## HANNES STEINDÓRSSON
Selur eignir fræga fólksins

## NANNA KRISTÍN
Ekki hætt að leika

## SIGTRYGGUR BALDURSSON
Skrifar kvikmynda-handrit

Marín Magnúsdóttir í Practical

# Maraþon frama-brautarinnar

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Helgi Svavar Helgason tónlistarmaður*



„Fram eftir deginum ætla ég að njóta þess að slæpast með fjölskyldunni minni. Um kvöldið fer ég í þrítugsafmæli til danskrar vinkonu minnar, Irene, auk þess mun ég spila í einkasamkvæmi fyrir bandarískan vin minn með Jónsa í Svörtum fötum. Atriðið var planað með stuttum fyrirvara og verður mjög framandi fyrir mig. Ég byrja alla laugardaga á því að fara á dansnámskeið með eldri dóttur minni sem er mjög hressandi. Um eftirmiðdaginn leik ég með stórsveit Samma í Ráðhúsinu en þar munu öll big-bönd Íslands spila. Þaðan fer ég í Þjóðleikhúsið og spila í sýningunni Baðstofan. Árshátíð stórsveitar Samma er plönuð þetta sama kvöld og hver veit nema að ég kíki þangað eftir sýninguna. Á sunnudagsmorgnum förum við oftast í barnamessu og það verður líklegast engin undanteking á sunnudaginn, síðan fer ég örugglega í íbúðina sem við vorum að kaupa, reyni að mála og gera eitthvað af viti. Mun enda helgina á því að grilla og njóta þess að vera með fjölskyldunni.“

# Skrifa morðsögu með gamansömu ívafi

„Við erum að skrifa kvikmyndahandrit fyrir Pegasus en handritið er enn þá í smíðum. Að svo stöddu er ekki komið á hreint hvenær tökur eru áætlaðar enda á margt eftir að gerast í ferlinu áður en það verður ljóst,“ segir Sigtryggur Baldursson, tónlistarmaður og handritshöfundur, en hann og Marteinn Þórsson kvikmyndagerðarmaður skrifa handritið saman. „Þetta er kómísk morðsaga í sex þáttum. Hún fjallar um samkynhneigt par sem kaupir bakarí en þar er ekki allt sem sýnist. Gamli bakarinn var myrtur og gengur aftur í bakaríinu og reynir að benda á morðingja sinn með vísbendingum að handan,“ segir Sigtryggur og bætir því við að margar aðrar persónur fléttist inn í söguna en atburðarásin á sér stað í götunni þar sem bakaríið er. „Við Marteinn höfum skrifað nokkur handrit saman í gegnum tíðina en þetta er fyrsta handritið okkar sem fer í framleiðslu,“ segir Sigtryggur en hann og Marteinn eru gamlir vinir. Þetta er annað handrit Sigtryggs sem fer í framleiðslu en á síðasta ári var stuttmynd hans, Lokahnykkur, frumsýnd. Marteinn hefur getið sér gott orð bæði sem leikstjóri og handritshöfundur en mynd hans Einn komma núll hlaut mikið lof gagnrýnenda og síðar á þessu ári leikstýrir hann Roklandi.

Það verður því spennandi að sjá útkomu þessa öfluga tvíeykis.

*bergthora@365.is*



Sigtryggi Baldurssyni, tónlistarmanni og Marteini Þórssyni kvikmyndagerðarmanni, er margt til lista lagt.

## fréttir



Það er ekkert lát á skráningu eigna í sölu þessa daga. Árni Þór Vigfússon og Mariko Margrét Ragnarsdóttur hafa til dæmis sett penthouse-íbúð sína á sölu og sjónvarpsstjarnan Ellý Ármanns hefur sett 300 fermetra einbýlishús á sölu í Hörgshlíðinni. Upphaflega voru tvær íbúðir í húsi Ellýjar og byrjaði hún á því að kaupa efri hæðina sem hún gerði alla upp. Þegar því var lokið keypti hún neðri hæðina og var hún allt síðasta sumar í framkvæmdum til að gera húsið sem fjölskylduvænast. Penthouse-íbúð Árna Þórs og Mariko er 144 fermetrar og vilja þau fá 75 milljónir fyrir slotið. Báðar eignirnar eru á sölu hjá Hannesi Steindórssyni, fasteignasala hjá Remax, en í gegnum tíðina hafa íslensku stjörnurnar flykkst með híbýli sín í sölu til hans en hann var lengi sölustjóri á Skjá einum og síðar hjá 365 miðlum áður en hann fór út í fasteignabransann. Hannes er þó ekki bara að selja fyrir Ellý og Árna Þór heldur líka fyrir Völu Matt, Habitat-hjónin Jón Arnar og Ingibjörgu, tónleikahaldarann Björn Steinbeck og svo mætti lengi telja.







Bakkaflöt 3. Húsið er 211 fermetrar og stendur á besta stað í Garðabæ.

Bakkaflöt 2. Bjarni Benediksson alþingismaður er að byggja við húsið sitt.

Benedikt og Birgitta eru ekki viss hvenær þau ná að flytja inn í draumahúsið.

*Birgitta Haukdal og Benedikt Einarsson keyptu Bakkaflöt 3*

# Komin í faðm fjölskyldunnar

Söngkonan Birgitta Haukdal og unnusti hennar, Benedikt Einarsson lögfræðinemi, hafa fjárfest í 211 fermetra húsi við Bakkaflöt 3 í Garðabæ. „Við keyptum þetta hús á dögunum og hlökkum til að flytja,“ segir Birgitta Haukdal þegar Föstudagur hafði samband við hana. Það kemur ekki á óvart að Birgitta og Benedikt hafi fjárfest í húsinu því foreldrar hans, Einar Sveinsson og Birna Hrólfsdóttir, búa í Bakkaflöt 10 og stóri bróðir hans, Hrólfur, á húsið að Bakkaflöt 8. Hann býr þó ekki í húsinu eins og stendur því hann leigir þeim Svövu Johansen og Birni Sveinbjörnssyni í augnablikinu.

Þótt húsið sé glæsilegt hyggjast þau fara í allnokkrar framkvæmdir í húsinu, meðal annars skipta um eldhúsinnréttingu og gera það eftir sínu höfði. Birgitta og Benedikt eru þó ekki eina framkvæmdaglaða fólkið í götunni því beint á móti þeim, að Bakkaflöt 2, býr frændi Benedikts, Bjarni Benediktsson alþingismaður, ásamt fjölskyldu sinni og eru þau að byggja við húsið sitt. Birgitta og Benedikt bjuggu áður í miðbænum og því má segja að hann sé kominn heim.

## SIRRÝ VILL FREKAR SKRIFA FYRIR DV EN AÐ VINNA Á FRÉTTASTOFU STÖÐVAR 2

# Undirbýr stórt verkefni

„Reynir Traustason ritstjóri bað mig að taka helgarviðtöl fyrir DV. Ég sló til þar sem ég hafði tíma aflögu og er núna að skrifa mitt fimmta helgarviðtal. Þetta er gott með öðrum verkefnum,“ segir Sigríður Arnardóttir, Sirrý, en hún hóf fjölmiðlaferil sinn sem blaðamaður á Þjóðviljanum aðeins 19 ára gömul. Einnig hefur hún verið ritstjóri á tímariti, en er þekktust sem sjónvarps- og útvarpskona. „Mér finnst mjög gaman að skrifa og bara almennt að taka viðtöl við fólk. Auk þess fæ ég mikla útrás fyrir sköpunarþörfina í gegnum skrifin. Ég verð að fást við eitthvað uppbyggilegt og fjalla um fólk. Ég er félags- og fjölmiðlafræðingur svo það skýrir kannski þennan áhuga minn á fólki og samfélaginu,“ segir Sirrý sem er langt frá því að hafa sagt skilið við fjölmiðla eftir að hún hætti hjá Stöð 2 um áramótin. „Mér stóð til boða að fara að vinna á Fréttastofu Stöðvar 2 þegar serían Örlagadagurinn var á enda en ég hafði ekki áhuga á því og ákvað því að snúa mér að öðrum verkefnum.“ Sirrý hefur haft nóg á sinni könnu og er nú að undirbúa stórt verkefni sem hún getur ekki upplýst hvað er að svo stöddu, auk þess heldur hún námskeið og fyrirlestra fyrir hópa í framsækni. „Þetta eru námskeið sem ég hannaði og hef haldið í nokkur ár og er með kvikmyndatökumann með mér. Þar þjálfa ég fólk í öruggri tjáningu og fjölmiðlaframkomu. Það kemur sér vel í mörgum störfum að geta staðið upp og tjáð sig vel fyrir framan fólk og hafa gaman af en til þess er nú leikurinn gerður.“ Framsækni-námskeiðin hafa notið mikilla vinsælda en Sirrý miðlar þar af áratugalangri reynslu sinni í fjölmiðlum til þátttakenda. „Hóparnir koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins sem gerir þetta enn þá skemmtilegra. Þetta er ekkert ósvipað því að vera í beinni útsendingu, gagnvirk samskipti, og maður einbeitir sér að því að laða það besta fram í fólki. Á næstunni verð ég líka með námskeið fyrir konur á Tenerife,“ bætir Sirrý við að lokum alsæl með lífið og tilveruna.

*bergthora@frettabladid.is*



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Teitur Jónasson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000


Pungurinn er grundvöllur að góðu sambandi
Nú er fartölvan loksins orðin alvöru far-tölva.
Fáðu netið beint í punginn og vertu
í sambandi hvar og hvenær sem þú vilt.
mbl.is
Ísland er heitur reitur!
3G internet + 3G pungur
NOVA
3G pungur + 3G internet
1.990 kr.
á mánuði í 12 mánuði.
Allt að 3 Mb/s hraði og 1 GB innifalið á mánuði.
NOVA
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
DAGUR & STEINI
3G pungur 19.900 kr. staðgreitt eða 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og reikningur greiddur með kreditkorti.
Ef keyptur er 3G pungur fylgir 3G internet með í 12 mánuði. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán.

DRYKKUR VIKUNNAR



# Blár yndisauki

Arnar Þór Gíslason, eigandi Ólivers, segir að Blue Caribic sé heitasti drykkurinn á staðnum í dag. Fyrir þá sem vilja sturta í sig bláum veigum heima hjá sér geta sett 3 cl af Reyka-vodka í glas, 2 cl af M.B. Blue og fyllt svo upp með grape-gosi. Til að fullkomna stemninguna er dásamlegt að setja regnhlífar og annað baðstrandaskraut í drykkinn, strá sandi á stofugólfið og fara í Kanaríeyjafötin. Kreppa hvað?

*Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona er ekki hætt að leika þótt hún opni barnavöruverslun*

# Fær útrás fyrir sköpunarkraftinn í fæðingarorlofinu

Hinar hollensku Bugaboo-kerrur hafa verið gríðarlega vinsælar síðustu árin og þá sérstaklega hjá fræga fólkinu í útlöndum. Þegar Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona var ólétt komst hún í kynni við kerrurnar. Þegar hún ákvað að opna barnavöruverslunina Stubbasmiðjuna í Holtagörðum kom ekkert annað til greina en að selja kerrurnar þar. „Nína Dögg, vinkona mín og leikkona, á Bugaboo-kerru. Þegar ég var ófrísk ráðfærði ég mig við hana og Selmu Björnsdóttur, vinkonu mína, sem á aðra tegund af kerru. Nína Dögg var svo sannfærandi að ég kolféll fyrir Bugaboo. Eftir það fór ég að grennslast fyrir og komst þá að því að ég yrði að kaupa mér farmiða til útlanda ef ég ætlaði að fá mér þessa kerru því þær fengust ekki hér. En nú verður breyting á því við munum selja allar tegundirnar af Bugaboo í Stubbasmiðjunni,“ segir Nanna Kristín. Þegar hún er spurð að því hvað hafi heillað hana mest við kerruna segir hún að það hafi verið hvað þær væru praktískar. Það er hægt að brjóta þær saman með einu handtaki og svo eru þær úr áli og því fisléttar. „Svo skiptir útlitið alltaf máli og gaman að leika sér með litina. Það er hægt að skipta um lit á skermunum og svuntunum sem gerir kerruna mun eigulegri,“ segir hún. Þótt Nanna Kristín sé að opna barnavöruverslun segist hún alls ekki vera hætt að leika. „Ég er í fæðingarorlofi, sonur minn, Kristinn Kolur, er fjögurra mánaða og ég er því að vinna í þessu í orlofinu. Þetta lá beinast við núna því ég fékk svo mikinn áhuga á öllu sem tengist meðgöngu og börnum þegar ég var ólétt. Þetta er afraksturinn af því og ég er ánægð með það.“ Hún segist heilmikla listræna útrás en í búðinni eru 13 barnaherbergi sem hún er að innrétta ásamt starfsfólkinu. Nanna Kristín ætlar að geysast fram á leiksviðið að fæðingarorlofi loknu. Þeir sem hyggjast fjárfesta í Bugaboo-kerru ættu að koma á laugardaginn því þá veður Robbert Cohen de Lara frá Bugaboo í versluninni.

*martamaria@365.is*



Nanna Kristín segir að í sumar muni enn ein nýjungin frá Bugaboo líta dagsins ljós þegar bílstóll frá þeim kemur á markað. Þeir sem vilja skoða kerrurnar betur geta farið inn á bugaboo.com.


## Topp 20 SKÍFULISTINN – Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum | Skífunni og verslunum BT út um allt land. Listinn gildir 4-10. Apríl 2008

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugison | ↑ | Mugiboogie |
| 2 | Páll Óskar | ↑ | Allt fyrir ástina |
| 3 | Sprengjuhöllin | – | Tímarnir okkar |
| 4 | Sigur Rós | ↑ | Hvarf / Heima 2cd |
| 5 | Jack Johnson | ↑ | Sleep Through The Static |
| 6 | Lay Low | ↓ | Ökutímar - tónlist úr leikriti |
| 7 | Hjálmar | – | Ferðasót |
| 8 | Eagles | ↑ | Long Road Out Of Eden 2CD |
| 9 | Ýmsir | ↑ | Pottþétt 45 |
| 10 | Radiohead | A | In Rainbows |
| 11 | Einar Scheving | ↓ | Cycles |
| 12 | Leona Lewis | ↑ | Spirit |
| 13 | Ýmsir | ↓ | Femin 2008 |
| 14 | Poetrix | A | Fyrir lengra komna |
| 15 | Eric Clapton | ↓ | Complete Clapton |
| 16 | Benny Crespo´s Gang | A | Benny Crespo´s Gang |
| 17 | Nick Cave & The Bad Seeds | ↑ | Dig, Lazarus Dig!! |
| 18 | Mika | A | Life in Cartoon Motion |
| 19 | Bloodgroup | ↓ | Sticky Situation |
| 20 | Sigurður Flosason | N | Blátt ljós |

### VINSÆLASTA DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Ratatouille |
| 2 | 101 Dalmatians PE |
| 3 | Stardust |
| 4 | Assassination of Jesse James |
| 5 | American Gangster |
| 6 | Beowulf |
| 7 | Doddi þættir 1-8 |
| 8 | Michael Clayton |
| 9 | Meet the Robinsons DVD |
| 10 | Elizabeth The Golden Age |
| 11 | Lincence To Wed |
| 12 | Top Gear |
| 13 | Charlottes Web |
| 14 | American Gangster Steelbox |
| 15 | Sydney White |
| 16 | Shoot'em Up |
| 17 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 18 | No Reservations |
| 19 | Knocked Up |
| 20 | Friends DVD Sería 8 |




S·K·Í·F·A·N


adidas
stella mccartney
adidas.com/stella

*Nú þegar sultarólin herðir að eru margir sem horfa á eftir velmegun síðustu ára með eftirsjá og tárum. Föstudagur tók saman nokkra punkta fyrir þá sem kvíða yfirvofandi kreppu því eins og Ellý Vilhjálms söng þá er fátt svo með öllu illt að ei boði gott.*

# Kreppan er enginn heimsendir

**1**

Það er ekki jafn sjálfsagt að kaupa sér frið barnanna með leikföngum, sælgæti, dvd-myndum eða öðrum friðþægingartólum, þar af leiðandi „neyðast“ foreldrar til að eyða meiri tíma með börnunum sínum. Bönd fjölskyldunnar styrkjast og hver veit nema að fjölskyldan þín breytist í hina syngjandi og síkátu Von Trapp-fjölskyldu í kreppunni?



**2**



Þegar við hættum að geta verið með í yfirborðsmennskunni með góðu móti förum við að meta það sem skiptir máli í lífinu, ástina og vináttuna, eins væmið og það nú hljómar.

**3**



Kynlíf er ókeypis afþreying (í flestum tilfellum) og kemur sterkt inn í staðinn fyrir bíó og áskrift að sjónvarpsstöðvum. Ekki amalegt að ylja sér við logandi ástarelda í stað þess horfa á Opruh Winfrey.

**4**

Íslenskur heimilisiðnaður og hönnun munu blómstra með tilheyrandi hannyrðum og tískuhönnun úr ódýrum efnum.

**5**



**Ódýrasti drykkur okkar Íslendinga, vatnið, verður vinsælasti drykkurinn og meðalþyngdin mun lækka.**

**6**




Fegrunaraðgerðir verða á undanhaldi. Við getum gleymt fegrunarslysum á borð við flekkóttar brúnkumeðferðir, ofurplokkaðar augnabrúnir, tattúveraðar varalínur og vaxaða karlmenn. Íslensk fegurð eins og hún gerist best mun blómstra.

**7**

Reiðhjólið verður aðal farartækið. Hver vill ekki aukið úthald, hreysti og hreinna umhverfi? Langtíma gróði sem marggefur af sér.

**8**

Mömmumatur kemur í staðinn fyrir kjúklingabita í fötu og annan syndsamlegan skyndibita, MSG-kryddið verður eitthvað sem mun heyra sögunni til.

## þú kemst ekki í gegnum vikuna …



… nema að fara á karnivalstemninguna í Gallerí Sautján á Laugavegi og dressa þig upp í öllum blankheitunum. Það er ekki á hverjum degi sem maður getur eignast Diesel-gallabuxur á fimm þúsund kall!



… nema að henda þér í vorhreingerninguna, breyta til, hreinsa skúffur og skápa. Slík alþrif eru sömuleiðis hressandi fyrir líkama og sál og ef rétt er haldið á spöðunum gæti slík hreingerning aukið brennsluna jafnmikið og heil helgi í Boot-camp.



… nema að fjárfesta í sparibauk, hann gæti reynst verðmætasta eign heimilisins þegar hart verður í ári og hann orðinn fullur af dýrmætu klinki.



… nema að leyfa sköpunargleðinni að blómstra í eldhúsinu, það þarf engar fermingarveislur til að hafa leyfi til að útbúa kökuhlaðborð. Komdu vinum þínum á óvart og bjóddu þeim í marengskökur og hnallþórur á sunnudegi, fullkominn endir á vikunni.



… nema að skipuleggðu vorhátíð. Kveddu veturinn með stæl. Þú gætir boðið öllum þeim til hátíðarinnar sem hafa snert líf þitt með einum eða öðrum hætti í vetur, gæti verið mjög spennandi gestalisti.


# Hefurðu efni á að missa af þessu?

## Tískufatnaður á „grín“verði.

Á karnival dögum bjóðum við ótrúlega hagstæð tilboð á herra- og dömufatnaði.
Allt að **80% afsláttur** af okkar helstu vörumerkjum.

Paul Smith jakkaföt ~~59.900~~ nú 14.900 *(ertu að grínast)*
Lloyds skór ~~18.900~~ nú 4.990
Herraskyrtur frá 1990
Stakir herrajakkar ~~18.900~~ nú 3.990
Energie bolir frá 990
Matinique jakkar ~~18.900~~ nú 5.690
Bullboxer skór frá 1.990
Studio dragtir ~~27.900~~ nú 3.900 *(ertu að grínast)*

Diesel gallabuxur frá 2.990
Miss Sixty gallabuxur frá 2.990
Numph jakkar ~~13.900~~ nú 4.990
Dömuskór frá 500 kr
Dömubolir frá 990 kr
Levis bolir frá 2.990 kr
Bronx skór frá 1.990 kr
Acne buxur ~~17.900~~ nú 5.990
Modström 50% afsláttur
Tiger of Sweden 30% afsláttur




galleri húsið
Laugavegi 91

CENTRUM gs skór galleri sautján

*Hlökkum til að sjá þig!*


VOR
HREIN
SUN
föstudag / laugardag
Jakkaföt fra 6.990
Stakir jakkar frá 4.990
Úlpur 2.990
Skyrtur frá 1.990
Gallabuxur frá 1.950
Bolir frá 690
opið til kl. 18 á laugardag
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Herra
hafnarfjörður
Herra
hafnarfjörður
Herra
hafnarfjörður
PIPAR • SÍA



# Kemst þangað sem hún ætlar sér

Þegar Marín Magnúsdóttir var lítil stelpa sagði pabbi hennar við hana að það væri ekki nóg að lesa um dýrin í Afríku, hún yrði að sjá þau með berum augum. Með ævintýraþrána í farteskinu hefur hún náð ótrúlegum árangri með fyrirtækið sitt, Practical, sem sérhæfir sig í hvataferðum og viðburðastjórnun. Í viðtali við Mörtu Maríu Jónasdóttur segir hún frá hvatvísinni, vinnukraftinum og maraþonhlaupunum.

Marín lifir lífinu lifandi, ef hún er ekki að vinna eða að sinna fjölskyldunni er hún pottþétt með iPod í eyrunum úti að hlaupa.

MYND/VALGARÐUR GÍSLASON

Fyrir fjórum árum kom Marín Magnúsdóttir heim úr námi frá Ástralíu þar sem hún lærði mannauðsstjórnun og markaðs- og almannatengsl. Í hennar sporum hefðu flestir sótt um vinnu hjá stóru fyrirtæki og keppst um að fá sem besta stöðu en það hvarflaði aldrei að henni. Hún var nefnilega með viðskiptaáætlun í farteskinu að sínu eigin fyrirtæki sem var ekki líkt neinu fyrirtæki sem hún þekkti. „Við komum heim í júní 2004 og það kom aldrei annað til greina en að stofna strax fyrirtæk. Til að byrja með var ég ein og vann þannig í nokkra mánuði en smátt og smátt jukust viðskiptin og þá fór ég að ráða til mín fólk. Í dag eru sjö manneskjur í 100 prósent starfi og örugglega 50 verktakar sem koma inn í verkefnin hjá okkur. Á fjórum árum er fyrirtækið búið að vaxa mjög hratt,“ segir Marín.

Fyrirtækið hennar, Practical, sérhæfir sig í starfs- og hvatadögum fyrir fyrirtæki ásamt viðburðastjórnun. Svo hefur blaðamaður heimildir fyrir því að Marín sjái um margar af erlendu stórstjörnunum sem koma til landsins. Þegar hún er spurð nánar út í það segist hún ekki vilja ræða það í viðtalinu enda væri hún ekki fengin í það ef hún kjaftaði frá. „Á starfs- og hvatadögum fyrir fyrirtæki sérhæfum við okkur í því að hafa allt klæðskerasniðið. Við gerum ekki sama hlutinn tvisvar og okkar markmið er að flétta saman hópefli, fyrirlestra og skemmtun og við sjáum að sjálfsögðu um allt frá a-ö,“ segir Marín og bætir því við að það skipti ekki máli hvort það séu fjórir í hópnum eða 400 manns. „Þegar við skipuleggjum svona viðburði sjáum við ekki bara um viðburðinn sjálfan heldur byrjum strax að kynna daginn á skemmtilegan hátt innan fyrirtækisins eða til gesta ásamt því að klára í rauninni ekki ferðina fyrr en eftir að hún hefur verið farin. Þetta gerum við á mjög margan hátt með alls konar glensi og gríni ásamt góðum hnitmiðuðum kynningum. Í vikunni fórum við til dæmis inn í eitt fyrirtæki um morguninn áður en starfsfólkið kom til starfa. Þegar þau mættu voru gulir hjálmar á borðunum og framan á þeim var spurningarmerki en starfsfólkið er á leið í óvissuferð á okkur vegum á morgun.“ Til að geta framkvæmt nær alla hluti kemur starfsfólkið úr ólíkum áttum, allt frá ferðamálafræðingum, viðskiptafræðingum upp í grafíska hönnuði. Hún segir að það geri það að verkum að þau geti framkvæmt og búið til næstum því hvað sem er. Þar að auki er Practical með ferðaskrifstofuleyfi. „Við förum oft út í heim með hópa og við gerum mikið af því að leigja vélar sjálf þegar það hentar. Með því að fá okkur til að skipuleggja þessa hluti fyrir sig getur fyrirtæki sparað mikla peninga því við erum iðulega með samninga við okkar birgja og fáum því alltaf betra verð en sá sem labbar inn af götunni.

Ég held að fyrirtæki séu að gera sér grein fyrir því að það borgar sig að kaupa þjónustu þegar kemur að slíkum viðburðum í stað þess að missa starfsmenn úr sínum verkefnum. Það er til fullt af ferðaskrifstofum og þjónustufyrirtækjum en það er ekkert fyrirtæki sem ég veit um sem er að gera nákvæmlega þetta, að sameina svona marga þætti. Ég er mjög upptekin af mannauði fyrirtækja og starfsmannastefnu. Þegar ég kom heim úr námi og fór að skoða hópefli og hvataferðir var sama hvaða rútufyrirtæki eða hótel ég gúggglaði, allir virtust bjóða upp á hópefli. Mér fannst þetta svolítið skrýtið og hugsaði með mér að þessi fyrirtæki skildu ekki hvað hópefli væri í raun og veru. Fyrir mörgum er hópefli það að fara út í leiki, en það er ekki alveg svo einfalt. Við vinnum markvisst að hópefli, að samræma hug og hönd og láta fólk gera alls konar þrautir. Það má eiginlega segja að ég hafi byrjað þar. Mig langaði að fara inn í fyrirtæki og vera með alvöru starfsdaga sem væru með alvöru markmið, ekki bara að fara upp í rútu og detta í það.“

## Dóttirin breytti forgangsröðinni

Marín segir að eini ókosturinn við að læra í útlöndum sé að vera ekki með tengslanetið sem myndast í háskólunum á Íslandi. Hún lét það þó ekki stoppa sig. Þegar hún var búin að stofna fyrirtækið heimsótti hún nokkur fyrirtæki og kynnti starfsemi sína. „Áður en ég vissi af var búið að bóka mig í fyrsta verkefnið sem var starfsdagur með hópefli og ferð. Þetta var lítill hópur en ákaflega dýrmætur í mínum huga,“ segir hún. Þegar hún er spurð að því hvort það hafi ekki verið dýrt að stofna sitt eigið fyrirtæki segir hún að aðal fórnarkostnaðurinn hafi verið að fá ekki laun. „Þetta var samt ekkert rosalegt og fljótlega eftir fyrsta verkefnið fór boltinn að rúlla. Svona eftir á að hyggja finnst mér ég hafa tekið rosalega áhættu og stundum skil ég ekki hvernig ég þorði þessu. Það hefði kannski verið skynsamlegra að fá góða vinnu,“ segir hún og hlær.

Hún segist þó ekki sjá eftir þessu þótt fyrirtækjareksturinn hafi vissulega sett mark sitt á líf hennar. Hún segir að það sé ekki nóg að vera bara hugmyndaríkur, dugnaðurinn þurfi að vera til staðar. „Ég hef ekki átt neitt líf fyrir utan vinnuna. Ég hef þurft að fórna ýmsu og er ánægð með hvað ég á góða vini. Að þeir séu ekki búnir að gefast upp á mér. Ég hef sett vinnuna númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Marín. Fyrir ári síðan breyttist forgangsröðin reyndar aðeins þegar hún eignaðist dóttur. Nú er hún í þessum þremur efstu sætum og svo kemur fyrirtækið. „Þetta er búið að kosta blóð, svita og tár,“ segir hún og viðurkennir að hafa verið á fundi í vinnunni þegar hún fékk fyrstu hríðirnar. Hún neyddist því til að fara heim úr vinnunni og upp á spítala því barnið var að koma. „Ég fór fljótt að vinna eftir að ég átti. Maður þarf að vera með skýra sýn á hvert maður ætlar og vinna að því. Það gerist engan veginn af sjálfu sér, þess vegna hef ég verið hérna dag og nótt. Það má eiginlega segja að Saga dóttir mín hafi bjargað mér svolítið því ég vann allan sólarhringinn áður en hún fæddist,“ segir hún og ítrekar að hún hefði ekki getað gert alla þessa hluti nema að hafa svona gott starfsfólk í vinnu.

## Krafturinn kemur af Ströndunum

Marín er alin upp á Hólmavík og segist hafa sterkar taugar til Strandanna enda býr afi hennar

### Í HNOTSKURN

*Besti tími dagsins:* Morgnarnir.

*Bíllinn minn er …* Eyðslusamur.

*Uppáhaldsmaturinn:* Fiskréttirnir hennar mömmu og sænska súkkulaðikakan hjá tengdó.

*Skyndibitinn:* Kjúklingasalat á American Style.

*Diskurinn í spilaranum:* A Beautiful Life – Védís Hervör.

*Uppáhaldshúsgagnið:* Sjónvarpssófinn.

*Hvers gætir þú ekki verið án?* Fjölskyldunnar.

*Hvenær varstu hamingjusömust?* Þegar dóttir mín fæddist.

*Dekrið:* Laugardagsmorgunn í rólegheitum með dóttur minni og manninum mínum.

*Mesti lúxusinn:* Góð heilsa.

*Hverju myndir þú sleppa ef þú þyrftir að spara?* Sumarfríinu.





Hreinasta snilld!

iRobot Roomba
Ryksugan með gervigreind

Hvað segja notendur?
„Hún eldar kannski ekki, en hún ryksugar á meðan þú eldar“
„Þú ferð í vinnuna og hún er búin að ryksuga þegar þú kemur heim“



Tvær gerðir - skoðaðu málið á

iRobot ehf.
Hólshrauni 7, Hafnarfirði
símar 555 2585 - 848 7632
www.irobot.is

Fæst hjá: Byko um land allt, Max Kauptúni og Holtagörðum, Byggt og Búið, Heimilistæki, Ormsson Smáralind, Ljósgjafinn Akureyri, Ormsson, Model, Krákur ehf verslun, Rafsjá fasteignir ehf, Árvirkinn Selfossi og Tölvuþjónusta Vals.



**Premium veiði og útivistarfatnaður**
frá finnska framleiðandanum Jahti Jakt.

**Innifalið;** Vatnsheldur Jakki og buxur með AIR-TEX öndun, ullarpeysa, flónelskyrta, Micro flís nærföt, flísmillilag, húfa, axlabönd, öryggisvesti, vatnshelt sætisáæði á bílstjórasætið.

**Icefin**
Noatuni 17 S. 5343177
Skoðið úrvalið á www.icefin.is

Allur Premium pakkinn
kr 35.900,-

*Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum notaJahti Jakt fatnað með góðum árangri.*



# heilsa og lífsstíll

**FÖSTUDAGUR 11. APRÍL 2008**




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Knorr




Knorr bollasúpa er fullkomin máltíð hvenær sem er.




## Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn og hjúfra sig inni í hlýjunni yfir heitri súpu eða pastarrétti frá Knorr. **Alltaf einfalt, litríkt og gott með Knorr!**



Boltinn mundaður milli vina í Listasafni Íslands. Íþróttabandalagið stefnir á góða spretti í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Úrvalslið listamanna í fótbolta

**Fáir tengja listamenn við íþróttir þótt afreksmenn á því sviði leynist vissulega í þeirra röðum. Samt sem áður verður í sumar starfrækt íþróttabandalag þar sem listamenn safnast saman og spretta á eftir boltanum.**

„Við vorum að tala í síma, ég og Bryndís Ragnarsdóttir myndlistarkona, um hreyfingu og íþróttir. Hvað listamenn eru oft útundan einhvern veginn.“ segir Snorri Ásmundsson myndlistarmaður rólega og gerir hlé á ræðu sinni til að hugsa. „Þetta er svona annað mengi af fólki sem hefur sjaldan áhuga á íþróttum. Þá datt okkur í hug að stofna Íþróttabandalagið eða ÍBÐ sem verður liður í að draga listamennina út að hlaupa.“

Snorri segir félagið vera í viðræðum við óskaþjálfara en upprunalega stóð til að fela góðkunningja í íþróttaheiminum hlutverkið. „Okkur langaði helst til að fá Bjarna Felixson til að þjálfa. Hann treysti sér ekki í það en gerðist þess í stað heiðursfélagi,“ segir Snorri, sem telur þó vissara að nefna engin nöfn á þjálfurum fyrr en málið er komið í höfn. „Við ætlum samt að vera dugleg að æfa okkur. Þetta er kynjablandað lið því þarna munu bæði karlar og konur spila saman. Svo verður þetta sennilega ný tegund af fótbolta. Við ætlum að þróa nýjar leikaðferðir, nýjar leikreglur og það gætu komið upp spennandi aðferðir sem gætu nýst knattspyrnumönnum víða um heim,“ segir Snorri og Bryndís Ragnarsdóttir myndlistarkona, sem er meðlimur í bandalaginu, tekur í sama streng.

Íþróttabandalagið ÍBÐ ætlar að spila við hina ýmsu hópa í samfélaginu sem vilja. Auk þess sem bandalagið stefnir hærra og vílar ekki fyrir sér að skora úrvalsdeildarlið og landsliðið á hólm. Snorri segir að það yrði spennandi að sjá útkomuna. „Búningurinn á liðið er reyndar ekki tilbúinn en það eru alls konar hugmyndir um hann. Hann



Bjarni Fel heiðursfélagi gefur Snorra og Bryndísi góð boltaráð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

á örugglega eftir að rugla andstæðinginn í ríminu. Ein af okkar brellum er meðal annars að vera með búninga sem rugla,“ útskýra Snorri og Bryndís.

Snorri segir fólk oft með fordóma gagnvart listamönnum, eins og þeir kunni bara að leika sér en taki ekki þátt í samfélaginu af alvöru. Sömuleiðis hafi listamenn oft fordóma fyrir fótboltamönnum sem slá megi á. ÍBÐ er liður í að breyta þeirri ímynd og sýna að listamenn geta líka verið fyrirmyndar þjóðfélagsþegnar.

„Þarna verður fólk sem kann ekki fótbolta og því þarf að nota það í aðra hluti í bandalaginu. Þetta verða pottþétt óvenjuleg hlutverk sem menn munu leika og við hlökkum mikið til,“ segir Snorri og heldur áfram: „Ef við erum hins vegar að spila við landsliðið þar sem dómari dæmir eftir þeirra reglum þá verðum við að hlíta þeim. Samt eiga boð og bönn ekki vel við listafólkið í ÍBÐ. Og eiginlega eru boð og bönn bönnuð í Íþróttabandalaginu.“ *- nrg*

# Vorið er komið og grundirnar gróa

**Sumardagurinn fyrsti er á næstu vorgrösum. Þá er kominn tími til að minnast góðra stunda við útileik. Draga fram leikföng fyrir bæði fjölskyldur og börn. Demba sér síðan í badminton, krikket, kubb eða yfir. Láta boltann skoppa um allar koppagrundir og gleyma sér við sandkökur úti í sandkassa með skóflu í hönd.**



Hjólbörur, skófla, fata og mót fyrir krakka á öllum aldri. Sandkassinn er staðurinn á vorin. Settið fæst í Hagkaupum, Skeifunni. Kostar 2.999 krónur.

Bolti fyrir hollí hú og aðra hoppandi skoppandi leiki. Frá Rúmfatalagernum. Kostar 399 krónur.

Kubb-fjölskylduspilið frá Intersport. Tilvalið á Klambratúni eða í sumarbústaðinn í sumar. Kostar 4.990 krónur.

Badminton með mjúkri kúlu og fokku. Það er full ástæða til að slá í gegn í sumar. Frá Hagkaupum, Skeifunni. Kostar 349 krónur.

Krikket sem fær fjölskylduna í æsispennandi leik um allan garð. Fæst í Rúmfatalagernum. Kostar 990 krónur.

# skór ársins. tvisvar

GEL-NIMBUS 9

EDITOR'S RUNNER'S WORLD International CHOICE 2007



hægri skór ársins



vinstri skór ársins

FLEXOR
NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34, 517 3900

asics
sound mind, sound body

# Rotvarnarefni eyða glerungi tanna

**Sítrónusýra og fosfórsýra sem settar eru sem rotvörn í orku- og gosdrykki eyða glerungi tanna. Þetta sýnir rannsókn útskriftarnema úr tannlæknadeild Háskóla Íslands.**

Eyðing glerungs á tönnum unglinga hefur stóraukist í hinum vestræna heimi á síðari árum. Hún hefur verið tengd gosdrykkju en rannsókn 6. árs tannlæknanema við Háskóla Íslands leiðir í ljós að orkudrykkir og bættir vatnsdrykkir eru engu betri að þessu leyti. „Helsta niðurstaðan hjá okkur er sú að drykkir sem innihalda sítrónusýru eru verstu óvinir glerungs tannanna. Sú sýra er notuð sem rotvarnarefni í ljósa og glæra drykki. Í dökkum coladrykkjum er fosfórsýra og þótt hún vinni enn meiri skaða en sítrónusýran fyrstu sekúndurnar sem hún er í munni fólks eru langtímaáhrifin minni,“ upplýsa 6. árs nemarnir. Þeir birta þessar niðurstöður í rannsóknakeppni tannlæknanema í Norður-Evrópu nú um helgina í Kaupmannahöfn.

Inga B. Árnadóttir, forseti deildarinnar, segir niðurstöðurnar mjög spennandi. „Lengi hefur verið talið að það væri gosið í drykkjum sem eyddi glerungi tanna. Nú er búið að afsanna það. Það eru rotvarnarefnin sem eru sökudólgarnir og þau finnast í ósætum drykkjum sem hefur verið stillt upp á markaðinum sem mótvægi við hina sætu, óhollu drykki. Nemarnir tóku drykkina úr búðarhillunum eins og þeir koma fyrir og eru búnir að kortleggja hverjir þeirra eru mest glerungseyðandi. Það þýðir að hægt er að leiðbeina fólkinu í landinu með hvaða drykkir eru í lagi fyrir glerung tannanna og hverja þeirra á að forðast.“ „Já,“ segir einn neminn. „Um leið og þú sérð sítrónusýru getið aftan á drykk áttu að leggja hann frá þér og velja annan. Svipað og með þriðja kryddið sem uppgötvaðist að væri krabbameinsvaldandi og flestir reyna nú að sniðganga. Sýran er merkt E og ef E-gildið er hátt þá er drykkurinn skaðlegur glerungnum.“

Nemarnir vitna í íslenskar rannsóknir sem sýna að 37,3% 15 ára íslenskra drengja eru með glerungseyðingu á byrjunarstigi enda drekka 15-19 ára piltar meira en einn lítra af gosi á dag að meðaltali. Nú er sýnt að orkudrykkir, íþróttadrykkir og vatnsdrykkir sem innihalda sítrónusýru sækja einnig að glerungnum. „Það tvöfaldar glerungseyðingarvirkni orkudrykkjanna að fólk neytir þeirra oft í líkamsræktinni þegar það hefur minna munnvatn en ella til að skola efnin í burtu,“ bendir Inga á.

Hópnum ber saman um að drykkirnir valdi mestum skaða þegar verið sé að sísúpa á þeim því þá séu tennurnar í stöðugu sýrubaði. „En svo eru líka til vatnsdrykkir með bragðefnum sem innihalda ekki sítrónusýru og þeir eru skaðlausir glerungnum,“ tekur einn neminn fram. „Til dæmis venjulegur Kristall og venjulegur Toppur. Þessir gömlu sem komu fyrst á markaðinn. Líftími þeirra í kæliborðunum er bara styttri.“

Inga segir hægt að stöðva eyðingu glerungs með breyttu mataræði en ekki bæta skemmdir á honum. Spurningunni hvort ekki sé hægt að úða tennur með glerungi svarar hún brosandi. „Nei, þá værum við búin að fá nóbelsverðlaunin.“

*- gun*



Útskriftarnemar úr tannlæknadeild. Birgir Björnsson, Sólveig Anna Þorvaldsdóttir, Heiðdís Halldórsdóttir, Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, Ása Margrét Eiríksdóttir og Jón Hafliði Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HLUTFALL EYÐINGAR GLERUNGS Á TÖNNUM**
**eftir að hafa legið í drykkjunum í 9 sólarhringa**









Niðurstöður nýlegrar rannsóknar sýna að neysla á unninni kjötvöru í litlu magni auki líkur á krabbameini. Salami, pylsur, beikon og reykt kjöt eru dæmi um unna kjötvöru. NORDICPOTOS/GETTY

## Unnið kjöt varasamt

**Nýleg rannsókn leiðir í ljós að neysla á litlu magni af unninni kjötvöru auki líkur á krabbameini.**

Þeir sem borða eina pylsu eða þrjár beikonsneiðar á dag auka líkur á krabbameini í þörmum um fimmtung. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á vegum „The Charity World Cancer Research“-sjóðsins.

Neysla á fimmtíu grömmum af unninni kjötvöru á dag eykur líkur á krabbameini um 20 prósent samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.

Til unninnar kjötvöru telst til dæmis skinka, beikon, salami, pylsur, reykt og saltað kjöt, hlaðið rotvarnarefnum.

„Við erum nú vissari en nokkru sinni fyrr um að unnin kjötvara auki líkur á krabbameini í þörmum og þess vegna vörum við fólk við að leggja hana sér til munns,“ segir prófessor Martin Wiseman, talsmaður sjóðsins.

*- ve*




Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution**
verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

**á gamla genginu með allt að 30% afslætti.**



| AVERY | AVERY | AVERY | AVERY | AVERY |
|---|---|---|---|---|
| Spine support | Spine support | Spine support | Spine support | Spine support |
| (Full XL 135x203) | (Queen size 153x203) | (King size 193x203) | (Twin XL 97x203) | (Cal King size 183x213) |
| **kr. 84.800** | **kr. 89.900** | **kr. 129.800** | **kr. 68.900** | **kr. 129.800** |



Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.



## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

**rekkjan**

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# Fjalla um endurhæfingu á landsvísu

**Félag fagfólks um endurhæfingu eru frjáls félagasamtök. Meðlimir eru úr öllum stéttum sem koma að hvers kyns endurhæfingu og vilja vekja athygli á sínum málefnum. Í dag verður haldinn aðalfundur og málþing á Grand hóteli.**



Kristín Thorberg segir markmið Félags fagfólks um endurhæfingu stuðla að faglegri umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Markmið endurhæfingar er að koma fólki út í lífið aftur sem fyrst. Annars vegar þarf fólk að vera tilbúið andlega og líkamlega. Hins vegar þurfa félagslegar aðstæður að vera ákjósanlegar,“ segir Kristín Thorberg, formaður Félags fagfólks um endurhæfingu ‚FFE, en hún er einnig formaður samtaka heilbrigðisstétta. Kristín er menntuð hjúkrunarfræðingur, framhaldsskólakennari og iðjuþjálfi. Auk þess er hún í meistaranámi í lýðheilsu- og kennslufræðum.

Kristín starfar nú á endurhæfingarsviði Landspítala, Grensási, þar sem hún vinnur að mastersverkefni sínu í lýðheilsufræðum. „Endurhæfing byrjar á því líkamlega, að ná upp þreki og færni. Síðan taka iðjuþjálfarnir við til að fólk geti bjargað sér mest sjálft. Hvort heldur með hjálpartækjum, hjólastólum eða breytingum á umhverfi heima við,“ segir Kristín og nefnir sem dæmi brottflutning þröskulda.

Tildrög félagsins var tillaga um þverfaglegt fræðifélag fyrir sjö árum. Magnús Ólason læknir var í forsvari fyrir undirbúningshópinn og var jafnframt fyrsti formaður. Í hópnum sat fagfólk á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunar, sjúkraþjálfunar, sálfræði, stoðtækjafræði og talmeinafræði. „Endurhæfing er mikil teymisvinna þar sem meðal annars læknar, taugasálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og fjölskyldur og aðstandendur taka þátt,“ útskýrir Kristín.

Hún segir að markmið FFE sé að að bæta fagþekkingu og skapa faglegar umræður sem vonandi leiða til betri þjónustu. „Í fyrra voru öndunarvélarnar efst á dagskrá. Núna er það spurningin um hvað sé í boði tengt endurhæfingu á landsvísu,“ segir Kristín sem býr sjálf á landsbyggðinni og er bóndi í Eyjafirði. „Stærstur hluti fer til Reykjavíkur í endurhæfingu eftir alvarlegt slys eða langvarandi veikindi. Að mínu mati er langbest að þjálfa fólk heima við. Nema alveg á fyrstu stigum endurhæfingar. Annars er hætta á að fólk verði háð stofnunum og upplifi lært hjálparleysi. Hins vegar þarf samfélagið að vera tilbúið í þessar breytingar,“ segir Kristín og vekur athygli á aðalfundi og málþingi félagsins í dag þar sem endurhæfing á landsvísu verður rædd.

Kristín bætir við að til hefði staðið að ræða kosti og galla einkavæðingar í faginu. Hins vegar varð að fresta því um ár, sökum þess hve viðkvæmt málið er í augnablikinu.

Á málþinginu koma fram tveir fyrirlesarar. Karl Kristjánsson, læknir á Reykjalundi, sem fjallar um Stiklu, sem er verkefni um gagnabanka um endurhæfingarúrræði á Íslandi. Þá mun Ingvar Þóroddsson, læknir á endurhæfingardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, Kristnesi, fjalla um starfsendurhæfingu Norðurlands. Síðan mun Sigurður Þór Sigursteinsson iðjuþjálfi halda tölu um endurhæfingarklúbb á Akranesi. „Við reynum að taka púlsinn hjá fagstéttunum og ræða það sem brennur mest á hverju sinni. Þó eru skoðanir á endurhæfingu mjög misjafnar, en við viljum fá faglegra sjónarhorn svo hægt sé að taka upplýsta afstöðu sem fagmaður,“ segir Kristín.

Nánari upplýsingar um félagið er að finna á: www.endurhaefing.com. Aðalfundurinn og málþingið verða á Grand hóteli í Reykjavík í dag 11. apríl og standa frá kl. 13-15.30.

*- rh/nrg*



cera snyrtihús

Stórhöfða 17 · Sími: 577 7007

# ÞÚ GETUR ENDURNÝJAÐ HÚÐINA Á AÐEINS FIMM DÖGUM!

GREEN PEEL, peeling-jurtameðferðin hefur hlotið viðurkenningu lækna og snyrtifræðinga um allan heim, en hún var þróuð af Dr. Christine Schrammek.

Þessi meðferð örvar endurnýjun húðarinnar og á aðeins 5 dögum sést ótrúlegur árangur. Húðin verður unglegri og sléttari, svitaholur minnka og ör sjást minna en áður, bólur og dökkir blettir hverfa. Meðferðina má einnig nota annars staðar en á andlit, t.d. til að vinna á appelsínuhúð, húðsliti og örum. Árangurinn er ótrúlegur.

Umboðsaðili fyrir Green Peel er Hafrún María Zsoldos.

Nánari upplýsingar um Green Peel-meðferðina er hægt að nálgast á www.greenpeel.com.
Fyrirspurnum er svarað í síma: 577 7007.



Fyrir



Eftir



Fyrir



Eftir

cera snyrtihús

Stórhöfða 17 · Sími: 577 7007




HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is
www.bluelagoon.is

PLÁNETAN

enn þá fyrir vestan. Þegar hún var 16 ára flutti hún á brott til að fara í menntaskóla. „Á Hólmavík fékk ég þessa þrá að skoða heiminn og upplifa eitthvað meira og kannski valdi ég Ástralíu því það var eiginlega ekki hægt að komast neitt lengra en þangað. Pabbi minn sagði við mig þegar ég var lítil að ég ætti ekki bara að lesa um dýrin í Afríku, ég ætti að fara að sjá þau,“ segir hún og viðurkennir að þessi orð hafi mótað lífsmót hennar síðar á lífsleiðinni.

„Þegar ég var 18 ára þótti djarft að fara til Ástralíu, en þetta var það eina sem mig langaði,“ segir hún og brosir. Ástralía hitti hana beint í hjartastað og eftir ársdvöl sem skiptinemi dreif hún sig heim til að klára menntaskólann svo hún kæmist út fljótlega aftur. Eftir að Marín kom heim leið ekki á löngu þar til hún kynntist manninum sínum og á mettíma náði hún að smita hann af Ástralíudellunni. „Eitt af því fyrsta sem við gerðum eftir að við urðum par var að safna inn á reikning fyrir Ástralíuferð. Þegar við vorum búin að safna nógu miklu fórum við í þriggja mánaða ferðalag til Ástralíu og Asíu.“ Nokkrum árum síðar héldu þau enn á ný til Ástralíu til að fara í nám en þar dvöldu þau til sumars 2004. Meðan á námsárunum stóð prófaði hún ótrúlegustu hluti og var sífellt að reyna að toppa sjálfa sig. „Ég setti mér alls konar áskoranir. Ég lærði til dæmis að kafa. Það var mjög stórt skref fyrir mig því ég hef alltaf verið svo hrædd við sjóinn. Í dag er ég dolfallinn kafari. Ég hef reyndar ekkert kafað síðan ég kom heim en það er ekki vegna áhugaleysis heldur tímaskorts.“

Á sama tíma fékk Marín þá flugu í hausinn að það væri gaman að taka þátt í Sydney-maraþoninu og í framhaldinu fór hún að æfa sig. „Ég var byrjuð að hlaupa svolítið, en ekkert markvisst. Svo fór ég að fara út að hlaupa með einum skólafélaga mínum og við ákváðum að gera alvöru úr þessu og fórum að æfa okkur fyrir maraþon. Við byrjuðum á Sydney-maraþoninu sem er eitt erfiðasta maraþon í heimi því seinni hluti þess er eiginlega allur upp á við. Ég vissi ekkert að þetta væri svona, skoðaði slóðina á korti og sá einhverjar brýr en fattaði ekki að þetta væri uppi á hæðinni. Þetta var ansi erfitt hlaup. Seinna maraþonið sem ég hljóp var í Brisbane og það var ekkert mál því það var alveg flatt.“ Hún segist hafa verið í hálft ár að þjálfa sig upp fyrir maraþonið.

„Í dag finnst mér mjög mikilvægt að hlaupa, þó ekki bara vegna hreyfingarinnar, heldur til að fá að vera ein með sjálfri mér með tónlist í eyrunum. Ég fer oft út að hlaupa á morgnana og á meðan ég hleyp skipulegg ég daginn.“ Spurð að því hvað framtíðin beri í skauti sér segist hún vera full bjartsýni þrátt fyrir bölsýnistal í efnahagsmálum. „Við eigum eftir að framkvæma fullt af hlutum og þótt menn tali mikið um kreppu þessa dagana þá segi ég að það sé enn þá mikilvægara núna að fyrirtæki hugsi um starfsfólkið og kúnnana. Það er fullt af stórum verkefnum fram undan eins og 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar sem við sjáum um og undirbúum og svo eru margir erlendir hópar að koma til landsins á okkar vegum. Við finnum því ekki fyrir neinni kreppu eins og er. Ég trúi því líka að þegar einar dyr lokist opnist aðrar í staðinn.“

*martamaria@365.is*

## borgin mín DUBLIN

### ODDNÝ STURLUDÓTTIR borgarfulltrúi



**BORGIN:** Dublin á Írlandi. Þar bjó ég í hálft ár fyrir rúmlega áratug, afgreiddi á pitsustað á Temple Bar, spilaði brúðarmarsa í kaþólskum kirkjum um helgar og drakk í mig tónlistarsenuna á kvöldin.

**MORGUNMATURINN:** Ég hafði ekki náð þeim þroska að átta mig á gildi þess að borða staðgóðan morgunmat á þessum árum og segi því pass.

**SKYNDIBITINN:** Írar segja gjarnan að Guinness sé bæði matur og drykkur. And very good for your health.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Ég fór mikið í bókabúð sem heitir The Winding Stair. Hún er á mörgum hæðum og eins og nafnið gefur til kynna, með kræklóttum stigum á milli þeirra. Á the Winding Stair er hægt að kaupa notaðar og nýjar bækur og líka hefðbundinn írskan mat. Búðin er rétt við the Ha´Penny Bridge.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Til að sameina hreyfingu og skemmtan er best að skella sér á Literary Pub Crawl, eða „bókmenntalegt pöbbarölt“ í fylgd með tveimur leikurum sem þræða gömlu pöbbana og segja sögu gömlu skáldanna, James Joyce, Brendan Behan, Oscar Wilde, George Bernhard Shaw og Samuel Beckett.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Mermaid Cafe á Dame Street. Frábær matur og húmorísk afgreiðsla. Í fyrsta sinn sem ég fór þangað var ég spurð í anddyrinu hvort ég kysi „active or passive smoking“. Reyk eða reyklaust! Dæmigerður írskur húmor, ískaldur og sótsvartur.

**BEST VIÐ BORGINA:** Heimamenn. Ákaflega líkir Íslendingum sem eru auðvitað hreinræktaðir Keltar. Sagnahefðina, húmorinn og kraftinn eigum við sameiginlegan. Gömlu krárnar eru dýrðlegar og heita nöfnum eins og The Foggy Dew og The Flowing Tide. Temple Bar er skemmtilegt svæði og svo verður fólk að kíkja í Trinity-háskólann sem er í hjarta miðbæjarins. Þar verður fólk að skoða The Long Room og endurupplifa þá frábæru bíómynd Educating Rita. Molly Malone er svo á Grafton Street með föturnar sínar fullar af kræklingum, ég bið að heilsa henni ef einhver á leið um.



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**UNDURFÖGUR HANDTASKA**
frá versluninni 38 þrepum, kvenleg og stílhrein, setur punktinn yfir i-ið.



**FAGRIR SKÓR**
sem gætu átt heima í 1001 nótt. Fást í versluninni Kron.

## Svarthvít veröld

Þrátt fyrir að æpandi blómamunstur og skærir litir verði áberandi í sumar þá er svarti og hvíti liturinn langt frá því að vera á undanhaldi. Svarthvíta tískan ber með sér anga rómantíkunnar sem svífur yfir sumartískunni þetta árið og fylgir heitustu straumum og stefnum. Blómamunstur, rendur og snið innblásin frá hippatímabilinu birtast okkur í hinni svarthvítu veröld, krydduð með skemmtilegum smáatriðum sem gefa lífinu lit.



1. Donna Karan, sumar 2008.
2. Rómantískur kjóll með hippaívafi frá Warehouse.
3. Heklaður kjóll frá versluninni Karen Millen.
4. Toppur frá versluninni Karen Millen.
5. Sumarkjóll frá versluninni Warehouse.
6. Chanel, Haute Couture, sumar 2008.
7. Chanel, Haute Couture, sumar 2008.
8. Dolce & Gabbana, sumar 2008.
9. Svartur blúndutoppur frá versluninni Warehouse.
10. Lakkskór frá Topshop.


20% afsláttur

Vandaðir leður lúxus-hvíldar

**sófar**

með stillanlegu baki og skemli
Frábærir sjónvarps-sófar og stólar
Einnig fáanlegir rafknúnir

2 sæti m/borði
Verð kr. 175.000.-
Verð nú aðeins kr. **140.000.-**

3 sæti m/2 borðum
Verð kr. 273.000.-
Verð nú aðeins kr. **218.400.-**

4 sæti m/2 borðum
Verð kr. 336.000.-
Verð nú aðeins kr. **268.800.-**

Raðgr. Visa og Euro





Einnig fáanlegir stakir stólar

Val húsgögn
Ármúla 8 •108 Reykjavik
Símar 581 2275 • 568 5375

**Opið** virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**




# LANCÔME DAGAR Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 10. - 16. APRÍL

## Kristjana Rúnarsdóttir, sérfræðingur LANCÔME, kynnir nýjungar í húðsnyrti- og förðunarvöru.

- Primordiale Skin Recharge og Cell Defense™ viðhalda fegurð húðarinnar og verja gegn ótímabærri öldrun.
- Augnskuggar í margbreytilegum litum og í einstökum umbúðum.
- La Base Pro er notað undir farða og árangurinn er óviðjafnanlega slétt og falleg húð.
- Star Bronzer töfraburstinn lætur hárið og axlirnar tindra. Einnig endurbætt sólarpúður sem gefur húðinni fallegan, gylltan tón.
- Nýjar, fallegar gjafaöskjur í LANCÔME ilmum og einnig í möskurum.

**Líttu við og fáðu faglega aðstoð við val á snyrtivörum.**

Sex vörur í réttu stærðunum fyrir ferðalagið fylgja þegar keyptar eru vörur fyrir 6.000 krónur eða meira frá Lancôme meðan á kynningu stendur.*



*nokkrar gerðir í boði. Gildir á meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa
Kringlan




STJARNA STJARNANNA

Hollywood stjörnurnar velja **OPI** naglalökk.
Þrátt fyrir að hafa ekki gengið niður rauða dregilinn þá lætur OPI þér líða eins og þú hafir gert það.

O·P·I

Litur í auglýsingu: **OPI RED**


# Sumarævintýri í andlitinu

Í vor- og sumarförðuninni frá Lancôme er lögð áhersla á bjarta og lifandi liti sem minna á sólríka daga á ströndinni. Augnskuggapallettan kemur í litlum skeljum og púður augnskugganna leikur við ljósið og endurkastar því á skemmtilegan hátt. Augun verða tindrandi og full af lífi. Áður en byrjað er að farða er mikilvægt að vinna undirvinnuna svo áferðin verði sem fallegust. Kristjana Rúnars förðunarfræðingur setti silkidropana, LA BASE PRO frá Lancôme, áður en farðinn er borinn á húðina. Droparnir fylla upp í allar ójöfnur svo línur og hrukkur hverfa auk þess sem húðin helst mött. Svo setti hún lítið magn af farðanum á handarbakið, nuddaði vel inn í förðunarburstann og strauk með burstanum yfir andlitið þannig að áferðin yrði jöfn. Svo púðraði hún yfir með Poudre Majeur-púðrinu. Þá farðaði hún augun og lagði áherslu á innri augnkrókinn og hafði litinn ljósari við ytri augnkrókinn.

*Förðun:* Kristjana Rúnars. Förðunarsérfræðingur Lancôme
*Hárgreiðsla:* Hermann Óli Ólafsson
*Módel:* Íris Hrund Þorsteinsdóttir

Gott er að setja aðeins af maskaranum á augnhárin, það hjálpar til við að ákvarða styrk augnförðunarinnar. Þetta lét augun virðast opnari og stærri. Því næst setti hún ljósa litinn á miðju augnlokanna og dró þau út og blandaði litinn í átt að gagnauganu. Svo setti hún Traceur Design eye-liner sem opnar augun enn frekar. Til að toppa augnförðunina setti hún maskara á augnhárin til að gera þau löng, þétt og fögur. Kinnaliturinn er mikilvægur og Kristjana mótaði andlitið með honum og dýpkaði örlítlu glossi á varirnar. Punkturinn yfir i-ið er að blanda varalitnum og L.U.C.I.-glossi saman og leggja áherslu á miðju varanna. Þá eykst umfál varanna, þær verða þrýstnari og fallegri.

*martamaria@*






1. L.U.C.I. eye-lingerinn, Traceur Design, fær augun til að tindra.
2. Silkidroparnir, LA BASE PRO, frá Lancôme gefa húðinni fallegan blæ.
3. Það stirnir á glossið númer 024.
4. Farðinn frá Lancôme gefur fallega áferð.
5. Mest seldi varaliturinn frá Lancôme er númer 004. Honum er blandað saman við gloss til að fá alvöru perluáferð.
6. L.U.C.I.-gloss setur punktinn yfir i-ið.
Vorförðun 2008








Compeed frunsuplásturinn er nýjung með Nanocolloid – 075 sem er vísindalega staðfest að veiti þægilegan og skjótan bata

www.compeed.com


# Yndislega Freyja



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Þegar kvikmyndin Mávahlátur var frumsýnd á sínum tíma varð til nýtt viðmið í vinkvennahópnum mínum. Það að vera Freyja þótti það albesta sem hægt var að hugsa sér og kepptumst við vinkonurnar við að líkjast henni í einu og öllu. Það átti ekki bara við í klæðaburði og fasi heldur kom það sér stundum vel að leika Freyju þegar karlamálin voru öll í steik. Við gengum þó aldrei svo langt að láta menn hverfa eða horfa upp á þá detta „óvart" í stiganum þótt sumir hefðu vissulega átt það skilið. Þess í stað lékum við leikinn að snúa öllu okkur í hag, alveg sama hversu ástandið var svart. Sumir myndu segja að þetta væri hreinræktuð bjartsýni og auðvitað er gott að tileinka sér hana á alla kanta.

Síðustu ár hef ég verið svo upptekin við að búa til fjölskyldu og hlúa að henni að ég var búin að steingleyma Freyju vinkonu minni þegar myndin var sýnd í sjónvarpinu síðasta sunnudagskvöld. Þegar ég horfði á myndina yljaði ég mér við minningarnar og auðvitað var ég alsæl að vera ekki í þeirri stöðu að langa að henda kærasta eða eiginmanni „óvart" niður stiga og hugsaði með mér hvað ég væri ótrúlega heppin.

Það sem vakti mig þó til umhugsunar var að á þessum árum, þegar Mávahlátur var frumsýnd fyrir tæpum áratug, eyddi ég miklu meira púðri í útlitið og sá það svart á hvítu að það væri kannski ráð að fara í smá snyrtiátak. Freyja fór nefnilega ekki ómáluð eða í druslufötum út úr húsi. Hún var alltaf tipp topp, gekk teinrétt um bæinn með örlítinn yfirlætissvip. Þegar maður er búinn að lifa allt of marga „ljótufatadaga" í röð þá er tími til að stofna til aðgerða og klassa sig upp í eitt skipti fyrir öll. Ef vorin eru ekki rétti tíminn til þess þá er það aldrei. Að fara út að skokka, bera á sig maska, brúnkuklút og skrúbba af sér appelsínuhúðina er náttúrlega bara dásamlegt. Á Freyju-tímabilinu hefði maður til dæmis ekki farið með brúskinn undir höndunum í sund og ekki látið sjá sig með óplokkaðar augabrúnir. Fylgifiskur móður- og húsmóðurhlutverks er þó oft sá að maður hefur bara einfaldlega ekki tíma til þess að vera alltaf uppstrílaður, vel snyrtur á alla kanta með fullkomið hár og þegar maður hlúir að sínu eigin barni fara þarfir manns ósjálfrátt neðar í forgangsröðina. Þess vegna er gott að hafa Freyju bak við eyrað til að minna sig á að maður er stelpa (kona), ekki bara haugur sem felur sig á bak við stór sólgleraugu.




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

# bland

*í gær og á morgun ...*

**HELGIN 11.-13. APRÍL**

Bíódagar Græna ljóssins verða haldnir í Regnboganum 11.-24. apríl þar sem sérvaldar kvikmyndir frá öllum heimshornum verða frumsýndar. Kvikmyndaveisla sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af.

**13. APRÍL** Kanadíski listamaðurinn Rufus Wainwright heldur tónleika í Háskólabíó á sunnudagskvöldið kl. 20. Fullkominn endir á helginni.



## díana mist



**Fimmtudagur 3. apríl:**
Ég vaknaði fimmta morguninn í röð með pakkalausa manninn mér við hlið, ákvað á þeirri stundu að þetta væri að verða of alvarlegt.

Stökk þar af leiðandi á það þegar vinkona mín hringdi í mig og bauð mér í opnunarpartíið á Óliver enda nóg komið af kúrukvöldum í sófanum heima. Á Óliver var góð stemningin og allt partíkrádið í Reykjavík mætt. Þar var Arnar Gauti, lögmaðurinn Sveinn Andri, Ragnheiður Guðfinna og stjörnulögmennirnir Oddgeir Einarsson og Grímur Sigurðsson hjá Opus. Yfirhnakkinn Ásgeir Kolbeins var löðrandi brúnn og hress, Anna Karen á Remax, Auddi, Logi Bergmann og Jón Ólafsson. Endaði á barnum í drykkjuleik við unga herramenn sem endaði með ósköpum. Ég missti tökin og sendi pakkalausa manninum blóðugt sms á leiðinni heim: Ég er ekki tilbúin í samband, Góða nótt.

**Föstudagur 4. apríl:**
Vaknaði á bömmer aldarinnar á vígvellinum með símann mér við hlið sem minnti mig á bardaga næturinnar. Hann hafði ekki svarað mér. Fór heim til særða hermannsins og gerði að sárum hans. Baugótt, þrútin, þunn og óplokkuð stakk ég upp á því að við hittumst á bar um kvöldið. Ég get ekki átt sófakærasta. Við ákváðum að hittast á Boston. Þar var leikstjórinn Dagur Kári og Stefán Svan, verslunarstjóri í KronKron, og fullt af einhverju leikaraliði. Ég var aftur frekar upptekin af því að vera risin upp úr sófanum með elskhugann mér við hlið. Við fórum síðan snemma heim og þá fyrst fann ég hvernig para-nályktin sveif yfir vötnum.



**Laugardagur 5. apríl:**
Vaknaði við það að maðurinn var að gera pönnukökur. Hann stóð sykursætur við eldavélina á nærbuxunum í eldhúsinu mínu, syngjandi sæll og hamingjusamur. Mér leið eins og ég væri stödd í minni verstu martröð, pakkanum. Sagði honum að ég væri eitthvað slöpp og lystarlaus og þyrfti að hvíla mig ein. Ég hafði varla sleppt orðinu þegar hann kyssti mig og bauðst til að elda fyrir mig í kvöld. Hvað er þetta með karlmenn, geta þeir aldrei slappað af? Eyddi það sem eftir lifði dags í þunglyndi, hringdi í hann um kvöldið og sagðist ekki geta hitt hann. Veit ekki hvað ég á að gera.



## TOPP 10

## Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikari og þáttastjórnandi





Draumafangari. Fangar fallega drauma og tortímir hinum.




Söngvamyndir. Þær eru svo hressandi.



Alls konar pillur. Það getur verið mjög gott að borða pillur.



Ég get ekki verið án majoness, gott með öllum mat eða bara eintómt.




Prótíndrykkir. Svo maður verði massaður, hentugir í öll mál. Gott með majonesi og pillum.




Orkudrykkir. Góðir fyrir taugakerfið og virka vel með pillum.



Handlangarinn á heimilinu er nauðsynlegur. Segir sig svolítið sjálft, frekar þægilegt apparat.



Lyklar. Það veitir manni öryggistilfinningu að ganga með lykla á sér. Muna alltaf eftir lyklum, það er gott trix.




Klósettpappír. Mjög gott að eiga svoleiðis. Þarf eitthvað að segja meir?




Bókin. „The Classical ICD-10 Classification of mental and behavioural disorders." Lífsnauðsynleg ef maður vill fræðast meira um sjálfan sig, fjölskyldumeðlimi og vini.






ÚTSÖLUMARKAÐUR
HEFST Í DAG KL.10.00
AÐ HVERAFOLD 1-3 NEÐRI HÆÐ

Hnokkar & Hnátur
Betri barnaföt

Skólavörðustíg 20
Sími 5615910



# Heilsuleikskólinn Kór

## auglýsir eftir starfsfólki!

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi leitar að:

- **Deildarstjóra**
- **Sérkennslustjóra**
- **Stuðningi inn á deild**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki**




Að vinna að uppeldi barna eru forréttindi, að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri. Leikskólinn Kór í Kópavogi er heilsuleikskóli sem opnaði 1. júní 2006. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og er með þjónustusamning við Kópavogsbæ um reksturinn.

Skólar ehf. reka tvo leikskóla. Einn í Grindavík og síðan Kór í Kópavogi. Leikskólinn Kór er heilsuleikskóli og stefnir að því að fá viðurkenningu sem slíkur. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Kjörorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama". Það hefur sýnt sig í rannsóknum á undanförnum árum að heilbrigð lífssýn er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

**Heilsuleikskólinn Kór**
„heilbrigð sál í hraustum líkama"

**Verið velkomin í heimsókn á leikskólann Kór að Baugakór 25 í Kópavogi eða hafið samband við Bjarneyju Kr. Hlöðversdóttur leikskólastjóra í síma 570-4940, 897-7891 eða með tölvupósti á netfangið kor@skolar.is.**

Skólar ehf.

www.skolar.is








SÝNINGUM LÝKUR Í APRÍL
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA
jesus christ superstar
Lau. 12. apr. kl. 20.00
Sun. 13. apr. kl. 20.00
Lau. 19. apr. kl. 20.00
Sun. 20. apr. kl. 20.00
Fös. 25. apr. kl. 20.00
Lau. 26. apr. kl. 20.00
Miðasala í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

## Önnur þjónusta

**Jarðvinna**
**Öll almenn gröfuþjónusta. Margra ára reynsla og topp-þjónusta. Stofnafl ehf. Sími 770 2910, Viggó & 616 2071, Grímur.**

Get bætt við mig verkefnum. Tek að mér flísalög, hellulögn parket, sólpalla ofl. Vandvirkur - Gott verð. S. 896 8755.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Stubbastandar**
Viltu losna við sóðaskapinn? Utanhúss öskubakkar, ýmsar gerðir í boði, bæði standar og á vegg. Standur ehf. Sími 842 2535. stubbastandur@gmail.com



1.árs gamall góður sjónvarpssófi. 3 stæta hornsófi með tungu. 230cm á breidd, lengd fram á tungu er 155 og hæðinn er 72. Fæst á 50,000.- kr. Upplýsingar í síma 868 5001.



Hitamælar hitabyssur rakamælar pHmælar Vönduð mælitæki RJ S. 5678 030 www.rj.is

Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna frítt með. S. 697 4008.

2 flugmiðar. Vorið í Kroatiu 20 þ. miðinn RT út 19.04 innif. gisting þátt. í bílal.bil gegn aðstoð. S. 551 9801 & 860 9801.

Eldhústæki til veitingareksturs, leirtau, sjóðsvélar, stólar og fleira til sölu. Uppl. í s. 699 2363.

Búslóð til sölu vegna fluttninga. Fæst á sanngjörnu verði. S. 581 3984 & 864 3507.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Stál ísskápur 2m á 45þ. Eldavél á 5þ. Þurrkari á 10þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Uppþvottavél á 10 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Rafstöð**
Óska eftir að kaupa rafstöð notaða eða nýja, 20-30 kw. Uppl. í s. 863 5699

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til byggingar

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m2. 2x4 óheflað á 195 kr/m, H-20 I-bitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór

## Verslun
















# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl. Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga. Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




5-7 kíló á 9 dögum. Komdu þér af stað með hreinsiprógrami frá Aloe Vera. S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval. topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Whole body massage Telepone 841 8529.

Heilsunudd, nudd gegn vöðvabólgu afslöppun og vellíðan uppl í síma 690-8876. (ekki erótískt)

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt

Gönguferðir í Skotlandi sumarið 2008 Velkomin á heimasíðuna okkar www. skotganga.co.uk og kynnið ykkur sumar áætlunina.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




50% Off summer prices - Icelandic for foreigners- Level I: 4 weeks Md-Frd; 8-19:30 start 28/4, 26/5, Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 14/4, 14/7. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 29/4, 7/7. Level IV: 20 w; Sund 10-11:30 start 13/4. Ármúli 5 S. 588 1169 www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Leðursófasett til sölu.

Uppl. í s. 561 0430 & 897 0530.

## Dýrahald



Stóru hundagerðin komin aftur. Lengd 340 Breidd 200 Hæð 175 cm verð 42,000 kr. www.liba.is

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dals-mynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dals-mynni.is**

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Gullfallegir hreinræktaðir Papilon hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091.

www.icelandichusky.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Íbúð til leigu í Barcelona. Uppl. www. ibudbcn.blogspot.com og ibud.bcn@gmail.com

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www. helenjonsson.ws

## Hestamennska



Reiðbuxur úr leðri. Brúnar og svartar. Dömu kr. 23.500,- Herra kr. 23.950,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

**Hey til sölu**
Höfum til sölu hey á fínu verði. Búfjárveiki frítt svæði. Má flytja hvert sem er. Fluttningur til Rvk. innifalinn í verði. Uppl. í s. 848 9872, Björn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rúmgóð geymsla í risi til leigu er staðsett í 101 Rvk. Uppl. í s. 695 1730.

**Leiguliðar Fossaleyni**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar íbúðir til afhendingar fljótlega. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn. www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Húsið er fullbúð húsbúnaði og húsgögnum og leigist ýmist viku eða helgarleigu. Þó kemur til greina að leigja mánaðarleigu fyrir apríl og maí. Uppl. gefur Erna Stefánsdóttir í s. 844 1259. Geymið auglýsinguna

96 fm, 3ja herbergja íbúð til leigu frá 15. apríl á Ægisíðunni. Íbúðin er björt og á jarðhæð með sérinngangi og góðum suðurgarði. Kr. 150.000 á mánuði án hita og rafmagns. Uppl. í s. 664 5776.

Fullbúið 13 fm herb. til leigu í 210 Sérinngangur. Leigist reykl. & engin gæludýr. V. 50 þús. S. 898 5002 & 820 8522.

Ertu ad flytja til Danmerkur - Sudur Jótland 5 herb. einbýlishús med bilskúr til leigu, ca. 10 km fra Aabenraa. húsal. 7500 DK á mán. Uppl. í s. 820 7318 & 0045 74698288.

Nýuppgert einbýli til leigu í Mosfellsbæ. 125 m2, 2 stór herbergi. 160 þús. mán. Hildur í s. 496 0632.

Herb. til leigu f. reglusama stúlku. Býð nálægt Kennó. Uppl. í s. 552 0952.

**3 herb. í 107 til leigu**
með húsgögnum. 42" flatskjá, græjum, öllum húsbúnaði, þvottavél, ísskápur, uppþvottavél o.fl. Laus fljótlega. Leigutími samkomulag. Leiga 200 þús. Uppl. í s. 615 1074.

## NÝSMÍÐI




## SUMARTILBOÐ



Til leigu í skamman tíma 160 fm. hæð + bílsk. í Rimahverfi ísskápur og uppþvottav. til staðar. Bankaábyrgð + 1 mán fyrirf. Upplýsingar í síma 864 0990.

Falleg og nýleg 2ja herb. íbúð í Salarhverfi í Kóp til leigu. Íbúðinni fylgja húsgögn og lokað bílskýli. V. 130 þús pr. mánuð (innifalinn hússjóður og hiti). Leigist til eins árs og aðeins fyrir 50 ára og eldri. Bankatrygging. Glæsilegt útsýni. Laus fljótlega. Uppl. gefur Þórhallur s. 899 6520.

## Húsnæði óskast

Reglus. 4 barna fjölsk. óskar e. 5-6 herb. húsn. til leigu á sanngjörnu verði í Rvk. frá 1.6 . Uppl. í s. 690 7583 & 844 1525.

Ungt par sem er ný flutt heim eftir nám í þýskalandi óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í miðbænum til lengri tíma, greiðslugeta 80-100 þ. á mánuði getum útvegað tryggingar ef óskað er.(ekki kjallari) Uppl. í síma 699 0912 Sverrir Örn - 896 0860 Anna wolff email: sverrirorn@yahoo.com

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Fiskistofa óskar eftir að taka á leigu 100 fm geymslurými helst á jarðhæð í Hafnarfirði eða nágr. Húsnæðið óskast sem fyrst þó eigi síðar en 01.06.08. Tilboð óskast sent á thordur@fiskistofa.is eða karitas@fiskistofa.is eigi síðar en 20.04.08

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Eldhús - Vaktavinna**
**Leitum að aðstoðarmanni við kokkatörf, viljum ráða mann með reynslu af eldhússtörfum. Umsóknir á www.kringlukrain.is & í s. 893 2323.**

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki. Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Viltu vinna vaktavinnu? Viltu vinna með skóla ?**
**Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu fólki í vaktavinnu. Hentar vel með skóla, mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**miðlun**

**Miðlun ehf** óskar að ráða spyrla til að annast gagnaöflun vegna spurningakannana á kvöldin og um helgar. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki. Viðkomandi þarf að hafa góða og skýra framsögn í síma og geta unnið 2-3 kvöld/helgar í viku.

**Þeir sem hafa áhuga sendið tölvupóst til eva@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

AMERICAN STYLE

**American style Nýbýlavegi**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á american-style.is

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Unnið er á 15 daga vöktum. Hentar vel fyrir þá sem eiga auðvelt með að vinna með öðrum og hafa góða þjónustulund. Nauðsynlegt er að vera íslenskumælandi. Einnig vantar afgreiðslufólk í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**TABASCO'S**
mexican bar · grill

**Tabascos**
**Nýr mexikanskur veitingastaður.**
**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Vaktstjóra í sal og starfsfólk í sal í kvöld og helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Uppl. í síma 842 2800 eða á helgi@redchili.is**

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir meiraprófsbílstjóra. Matur í hádeginu og heimkeyrsla**
**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

Óskum eftir dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir skal senda á elin@dekkjahollin.is eða koma á staðinn. Dekkjahöllin S.462 3002.

**Hvar eru smiðirnir?**
Vantar smiðir, sveinn eða meistara til starfa. Vantar iðnaðarmenn sem kunna að lesa úr teikingum, taka rétt mál og nota þau. Góða íslensku kunnáttu krafist, enska kostur ekki skilda. Næg verkefni næstu 5 árin. Umsókn á www.Leigulidar.is eða 517 3440

Óskum eftir mönnum í hellulagnir og gröfumanni. Uppl. í s. 860 6500.

**Krambúðin Skólavörðustíg 42**
auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á dagvakt. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

Potrzebni doswiadczeni pracownicy do prac zwiazanych z betonem obróbka metali oraz konstrukcjami stalowymi. Tel. 868 2487.

Byggingarfyrirtæki óskar eftir verkstjóra og smiðum. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

**Sveitasæla!**
Viltu komast út fyrir borgina? Einstæður faðir með 2 börn óskar eftir heimilishjálp í sveit. Starfið felur í sér barnapössun og létt heimilisverk. Uppl. í s. 865 5613.

Dregg ehf. óskar eftir starfsmanni á lager fyrirtækisins í Hafnarfirði. Um er að ræða starf við brunnasmíði og aðra framleiðslu, auk afgreiðslu viðskiptavina. Upplýsingar gefur Jón Örvar í s. 843 5510.

**Múrgæði ehf.**
Óskar eftir að ráða Múrara til starfa. Uppl í s. 660 4490 & 660 4494.

Ísbúðin og söluturninn Toppís leitar eftir hressu starfsfólki bæði í fullt starf og kvöld og helgarvinnu. Ekki yngri en 16 ára. Uppl. í s. 821 7418.

Bifvélavirki eða maður vanur bílaviðgerðum óskast á Bílaverkstæði Einars Þórs. Uppl. í síma 894 2606.

Óska eftir vandvirkum starfsmanni á trésmíða & lakkverkstæði í Hfj. Þarf að geta byrjað strax. www.innsmidi.is S. 555 3039.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Sif / Helga gefur uppl. í síma 696 0939 & 699 5423.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

32 ára Pólsk kona óskar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu allt kemur til greina ég tala ágæta ensku og er að læra íslenskuna sími 8667851

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**BAR POLONIA**
**ZAPRASZA 11.04.08.PIATEK NA 1 EDYCJE AMSTERDAM DENS MISION.**
**POCZATEK IMPREZY GODZ.23.00-03.00.WSTEP JEDYNE 500 KR.**
**GRA DJ JAME.**
**W SOBOTE 12.04.08. ZAPRASZAMY NA ZABAWE(MUZYKA DLA WSZYSTKICH)POCZATEK IMPREZY GODZ.22.00-03.00 GRA ZESPOL MAGIC.WSTEP FREE.**
**ZAPRASZAMY SERDECZNIE!**
**BAR POLONIA**
**UL.FLATAHRAUN 21**
**TEL.555-2329.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta**

**Spjalldömur**

**S. 908 6666**

**Opið allan sólarhringinn.**

**Gefðu vatn**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**Skagstrendingamót**
Skagstrendingamót verður haldið laugardaginn 12. apríl 2008 í Húnabúð í Skeifunni 11 kl. 22:00. Skagstrendingar fjölmennum og hittum gamla vini og sveitunga og eigum góða stund saman.
**"49 árgangurinn.**




Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is
...ég sá það á visir.is



**Vísir hf óskar eftir Vélaverði á Pál Jónsson GK-7.**
Páll Jónsson er línuveiðiskip með beitningarvél.

**Nánari upplýsingar eru gefnar í símum 856-5700 og 855-5157**

---

ÁLFTANESSKÓLI
– allir eru einstakir

**„Einn hefur yndi af þróttmiklum söng, annar vill staðreyndahjal"**

## Óskum að ráða frá 1. ágúst 2008:

- **Grunnskólakennara á yngsta stig, miðstig og elstastig með áherslu á íslensku og ensku**
- **Grunnskólakennara í textílmennt, heimilisfræði, upplýsingatækni og tónmennta**
- **Skólaliða og starfsmenn í Frístund-síðdegisvistun**

Skoðaðu aðstæður og vertu með í liði sem byggir upp.

Upplýsingar um störfin gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í símum skólans 5404700, 8215007, 8215009 og netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
**Umsóknarfrestur til 23. apríl 2008**
Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is
Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

---

Fiskisaga

GALLERÝ KJÖT OG FISKISAGA AUGLÝSA EFTIR STARFSFÓLKI Í SÖLU- OG AFGREIÐSLUSTÖRF.

UM ER AÐ RÆÐA HLUTA- OG HEILSDAGSSTÖRF, EINNIG ÓSKUM VIÐ EFTIR SUMAR-STARFSFÓLKI. REYNSLA ER EKKI SKILYRÐI EN BRENNANDI ÁHUGI Á SÆLKERAMAT ER KOSTUR.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BIRGIR ÁSGEIRSSON Í SÍMA 8638614 EÐA Í NETFANGINU BIGGI@FISKISAGA.IS

GALLERÝ KJÖT

---




PÓSTURINN
allur pakkinn

# Bílstjórar með meirapróf, - sumarstörf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu og dagvinnu í sumar.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 25. apríl n.k.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Útkeyrsludeild Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjóri með meirapróf

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á www.postur.is

---

## FASTEIGNIR

## Engjasel 84
109 Reykjavík
3 herbergja íbúð með bílskýli

**Stærð: 80 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1977**
**Brunabótamat: 12.375.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Þing



Opið Hús





**Opið hús í dag kl. 19:00 - 19:30**

**Verð: 19.200.000**

3 herbergja endaíbúð á 4 hæð með frábæru útsýni í Seljahverfi ásamt bílskýli. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi/þvottahús, og 2 svefnherbergi.Möguleiki á 30 m2 millilofti. Nánari lýsing: komið er inn á flísalagt hol með ljósgráum flísum og góðum skáp. Á vinstri hönd er baðherbergi með sturtu og baðkari, ásamt ágætum skápum. Á hægri hönd er stofa og borðstofa með parketi á gólfi. Á vinstri hönd er gott hjónaherbergi. Inn af holinu er eldhúsið og þar á vinstri hönd er barnaher



Vilbergur
Sölufulltrúi
**659 9945**
vilbergur@remax.is



Bergur
Steingrímsson
Lögg. fasteignasali
bergurst@remax.is

**RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is**

---

## ÓSKAST KEYPT

VERKTAKAR MAGNI

**Vantar nýlegan Jarðvegsvaltara 9-11 t.**

**Upplýsingar gefur Hilmar í síma 660-6111**

---

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

---

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

# Félagsfundur
**Eflingar-stéttarfélags**
**miðvikudaginn 16. apríl kl. 18.00**

EFLING STÉTTARFÉLAG
*Stendur með þér!*

Efling-stéttarfélag boðar til félagsfundar í Kiwanishúsinu við Engjateig
miðvikudaginn 16. apríl 2008.
Fundurinn hefst kl. 18.00.

Dagskrá:
1. Sameiningarmál við Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðann. Bráðabirgðaákvæði og lagabreytingar vegna sameiningar.
2. Laga- og reglugerðarbreytingar fyrir aðalfund Eflingar.
3. Staðan í kjaramálum við ríkið og hjúkrunarheimilin.
4. Önnur mál.

Félagar! Mætum vel og stundvíslega.
Stjórn Eflingar-stéttarfélags

# Ísland og umheimurinn

UMRÆÐAN
Alþjóðleg viðskipti



MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR

Í þeim brotsjóum alþjóða fjármálamarkaða sem riðið hafa yfir heiminn að undanförnu hafa Íslendingar æ ofan í æ þurft að bera til baka ranghugmyndir og rógburð um íslenskt viðskiptalíf á erlendum vettvangi. Við bregðumst að vanda hart við: Ef þeir sem hæst hrópa kynna sér málin mun sú staðreynd blasa við svart á hvítu að íslenskir bankar, íslensk fyrirtæki og íslenskt efnahagslíf eru mestan partinn ágætlega rekin og standa traustum fótum í bráð og lengd.

Flestum ber saman um að sú bylting sem hefur orðið á Íslensku samfélagi og atvinnulífi á síðasta áratug sé þrekvirki sem þjóðin á að vera stolt af. Íslenska útrásin er undur sem ekki aðeins á fyllilega rétt á sér heldur er rökrétt framhald af hinni rómuðu vinnusemi Íslendinga, þekkingu þeirra og réttum ákvörðun. Ef vel er haldið á spilunum er hún komin til að vera.

Við stöndum hins vegar á krossgötum. Viðfangsefnið er margslungið og kallar á hugrekki, vandvirkni og djúpa íhugun og að sjálfsögðu mun taka tíma að koma umheiminum í skilning um okkur. Þetta erfiða og á köflum auðmýkjandi verk útheimtir gagngera þekkingu á alþjóðlegum samskiptum svo og viðhorfum og menningu okkar helstu viðskiptaþjóða. Hvernig getum við komið umheiminum í skilning um hver við erum og hvað við raunverulega stöndum fyrir.

**Hvað er til ráða?**

Nýlega lét Viðskiptaráð gera yfirgripsmikla könnun sem afhjúpaði þá óþægilegu staðreynd að flestir útlendingar vissu sáralítið um Íslendinga, menningu þeirra og listir. Við verðum að setja í það mannafl og fjármuni til að bæta úr þessu þar sem heimurinn veit að ekkert kynnir land og þjóð, sál hennar og innviði eins vel og listir og menning.

Eins mæli ég með því að við lítum í eigin barm og veltum því fyrir okkur hvernig erlendir aðilar sem eiga viðskipti við Ísland upplifa okkur í raun og veru. Því miður höfum við öll heyrt þess dæmi að á ýmsu hefur gengið í þessum efnum og margir aðilar sem hér vilja starfa og vinna vel hafa orðið fyrir barðinu á miklum fordómum, ranghugmyndum og já, jafnvel árásum. Ég nefni dæmi: Álverið í Straumsvík hefur um áratuga skeið starfað á heimsmarkaði og rekið hér vel afskaplega gjöfult og fyrirtæki. Meðan við héldum við gætum ekki án þeirra verið áttum við ekki orð til að lýsa aðdáun okkar og þakklæti á þessum erlendu vinum okkar. Þegar velmegunin stóð sem hæst og við töldum okkur ekki lengur „þurfa á þeim að halda“ datt fyrirtækið úr tísku og mátti muna sinn fífil fegri.

Hvernig skyldi umsögn þessara aðila vera um Ísland og þeirra upplifun í þröngum hópum stærstu aðila í kauphöllum heims? Eða annara þeirra fyrirtækja í kauphöllum erlendis með samstarf við helstu fjárfestingasjóði í heimi með starfsemi hérlendis og hafa slíka upplifun af samskiptum við okkur. Hvernig skyldu þeir bera okkur söguna? Bananalýðveldi eða sanngjarnt land í viðskiptum við aðra?

**Verkefnið er komið til að vera**

Ég vona sannarlega að við sýnum þeim þrönga en vonandi vaxandi hópi aðila sem áhuga hafa á rekstri hérlendis hver við erum. Í þessum efnum er verkefnið ÍSLAND BEST Í HEIMI sannarlega þess virði að við öll stöndum saman um þá ímyndarherferð, framtíð okkar og komandi kynslóðum til heilla um aldur og ævi.

Markmiðið hlýtur alltaf að vera að við komum fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur: Af skilningi, sanngirni og heiðarleika. Krefjumst við velvildar annara er best að við lærum að beita henni í hvívetna sjálf. Vandi fylgir vegsemd hverri.

Það blása vindar víðar en á Íslandi. En þessir skjálftar eru ekki merki um hrun heldur traustabresti í hinu kornunga alþjóðlega fjármálakerfi, sem þarf að þjóna hagsmunum æ fleiri þjóða og þjóðarbrota. Allra stærstu tækifærin eru ekki að baki, heldur framundan. Ef þjóðin gerir það sem til þarf mun draumurinn rætast um land þar sem velmegun nær ekki aðeins til fárra útvaldra, heldur til þjóðarinnar í heild sinni.

*Höfundur er athafnakona. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.*


# Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ

Tillögur að nýrri byggingu fyrir Hönnunarsafn Íslands eru til sýnis í sýningarsal safnsins við Garðatorg.

Hönnunarsafnið mun rísa á lóð við Garðatorg og verður eitt af helstu kennileitum í nýjum miðbæ Garðabæjar. Alls bárust 36 tillögur í samkeppni um hönnun hússins.

Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 dagana 10.-27. apríl.

Aðgangur ókeypis.

Grafika 2008




GARÐABÆR





# Traust á dómsvaldi í skoðanakönnunum II

**UMRÆÐAN**
Dómstólar


HRAFN BRAGASON

Fjölmiðlar og stjórnmálamenn bæði vilja og geta haft áhrif á skoðanir manna svo vera kann að frásagnir og uppákomur eins og lýst var í greininni á undan hafi áhrif á útkomu skoðanakannana. Stór hluti almennings sér hins vegar í gegnum venjulegan áróður. Hitt held ég sé hugsanlega réttara að það séu ákvarðanir dómstóla um refsingar í líkamsmeiðinga- og kynferðisbrotamálum sem hér hafi mest áhrif.

Eiga dómarar þá að fara eftir almenningsálitinu, geta þeir og mega gera það? Hækka úrlausnir þeirra þá í áliti og verða dómararnir þjóðkunnir? Þegar litið er yfir umfjöllun fjölmiðla um refsiákvarðanir virðast þær því miður verulega fljótfærnislegar. Flestum okkar hlýtur að finnast þessi mál hörmuleg og þau eru mörg hver mjög erfið í meðförum sérstaklega fyrir aðila málsins en einnig þá sem með þau fara.

## Sakfelling og refsiákvörðun

Saksóknarar hleypa miklum hluta þessara mála réttilega aldrei til dómstólanna því sjálf meðferð málsins reynir mikið á þolendur þessara brota og niðurstaða sem ekki er í samræmi við væntingar hlýtur eðli málsins samkvæmt að virka sem niðurlæging, þótt svo eigi alls ekki að vera. Ástæðan fyrir ákvörðun saksóknarans er einfaldlega sú að hann sér ekki horfur á að sönnun takist fyrir sekt kærða. Í þeim málum sem höfðuð eru tekst sönnunin hins vegar oftast og mat saksóknaranna því að öllum líkindum í nokkuð góðu lagi.

Ljúki máli með sakfellingu er komið að ákvörðun refsingar. Þótt lagaákvæði séu um til hvers eigi að líta við refsinguna, bæði um rammann sem um hana gildir svo og almenn ákvæði sem eiga við um allar refsingar, er hún komin undir nokkru mati dómara. Hér er að mörgu að hyggja. Fyrst er til þess að líta að ekki verður gerð refsing fyrir annað og alvarlegra brot en dómurinn telur sannað. Í umfjöllun manna um þessi mál er þess oft ekki gætt að þau eru mjög mismunandi og virðist sem ýmsir telji að sé brot sannað á annað borð eigi að ákvarða hámarksrefsingu. Æska brotamanna, langur tími frá broti og breyttar aðstæður hans geta haft áhrif á ákvörðun. Þá verða líkamsmeiðingar oft í átökum milli manna og getur það einnig haft áhrif til lækkunar. Þannig er það ekki aðeins brotið sjálft heldur einnig aðstæður brotamanns sem hafa áhrif á refsingu.

Í kynferðisafbrotamálum virka sönnunarerfiðleikarnir oft á þann hátt að þótt grunur sé um alvarlegt brot sannast ekki nema mun vægara brot. Kringumstæður brota eru mjög mismunandi. Misvægi var lengi milli lagaákvæða þannig að brot, sem mörgum þótti jafn alvarleg, höfðu misvíða refsiramma. Séu refsingar við þessum brotum hér á landi bornar saman við refsingar í nágrannalöndunum virðast þær á líku róli. Þess er þó að gæta að ekkert refsilágmark gildir t.d. í Danmörku um kynferðisafbrot og hámarkið er þar lægra fylgi ekki alvarlegar líkamsmeiðingar afbrotinu. Þessi dönsku ákvæði eru að mínu mati gegnsærri og fullkomnari en hér gildir en hafa ekki fengist samþykkt af Alþingi. Ákvæðin hér gera það að verkum að refsingar verða hér þyngri fyrir vægustu brotin.

Fyrir algengustu brot af þessu tagi virðist fullt samræmi við hin Norðurlöndin en vilji menn deila á dómarana ætti það helst að vera að fyrir sum alvarlegustu brotin sleppi menn of vel, sérstaklega hafi menn orðið sekir um ofbeldisbrot áður eða sé dæmt um fleiri brot af sama toga í einu lagi. Þyngsti dómur af þessu tagi mun vera fangelsi í 12 ár. Var þar um að ræða þrjú tilfelli í sama dómi. Tæplega hefði hann þó átt að verða mun strangari því lítill vandi er að ímynda sér enn alvarlegra brot af þessu tagi.

## Ósamræmi í refsingum

Þegar refsingar eru ákveðnar eru fyrri dómar mjög hafðir til hliðsjónar a.m.k. í Hæstarétti og þótt engin mál séu eins má með samanburði draga nokkurn lærdóm af fyrri málum. A.m.k. 10 -15 síðustu árin hafa dómarar Hæstaréttar leitast við að hækka viðurlög við brotum í þessum málaflokkum. Stafaði það upphaflega meðal annars af því að þeim þótti sem dregið hefði úr refsingum fyrir algengustu brotin og væri hún ef til vill orðin vægari en í nágrannalöndunum.

Það verður hins vegar að gæta samræmis og fara ekki verr með einn en annan sem framið hefur líkt brot. Lögfræðingar virðast hafa nokkuð misjöfn viðhorf til þess hvernig haga eigi refsingum og hafa hæstaréttardómarar ekki alltaf verið sáttir við úrlausnir sumra héraðsdómara. Hefur þeim virst sem of mikils ósamræmis gæti um refsiákvarðanir þeirra og ekki sé tekið nægilegt tillit til fordæma Hæstaréttar. Þetta heyrir samt til undantekninga.



## Viðhorf byggð á misskilningi

Viðhorf almennings og fjölmiðla til refsinga á þessum sviðum virðast rýma illa við ákvarðanir dómstóla. Má vera að það eigi ekki rót sína að rekja eingöngu til þess að almenningur taki ekki nægilegt tillit til málavaxta og lagaákvæða um viðurlagaákvarðanir við umfjöllun um þessi brot heldur hreinlega sé um að ræða misskilning um sjálfan grunn refsinga sem ákveðnar eru af dómstólum.

*Mér er auðvitað ljóst að flestum finnast bætur, sem í þessu skyni eru ákveðnar til þolandans of lágar en þar ræður oftast að eingöngu er um ófjárhagslegar bætur að ræða og gögn til ákvörðunar þeirra af skornum skammti.*

Séu ádeilur fjölmiðlanna lesnar virðist sem lagt sé mest upp úr hefnd fyrir brotaþolann gagnvart sakborningi meðan dómararnir leggja í samræmi við norræna lagahugsun aðallega áherslu á þjóðfélagsleg varnaðaráhrif refsinga og hugsanlega endurreisn sakborningsins svo hann haldi ekki áfram brotum og geti nýst þjóðfélaginu í framtíðinni. Aðalatriðið sé að mál hljóti afgreiðslu og brotamaður komist ekki upp með brot sitt án afleiðinga fyrir hann. Refsitíminn skipti hins vegar ekki eins miklu máli. Ríkir þjóðfélagslegir hagsmunir séu fyrir því að koma brotamanni á rétta braut, svo hann gagnist þjóðfélaginu, geti bætt fyrir brot sitt og íþyngi ekki öðrum með hegðan sinni.

Þótt það sé mannlegt og eðlilegt að þolandi afbrots og aðstandendur hans vilji loka brotamann inni sem lengst er uppreisn þolandans hins vegar frekar hugsuð með bótum til hans. Fjölmiðlarnir halda því að almenningi öðrum viðhorfum en almennt liggja að baki refsiákvörðunum. Má vera að hér séu að einhverju leyti að verki bandarísk áhrif eins og þau birtast í kvikmyndum. Þess er ekki gætt að bandarískt réttarkerfi byggir um sumt á öðrum grunni og kvikmyndir gefa ekki raunsanna mynd. Má um þetta rita langt og flókið mál en hér verður við þetta staðnæmst.

## Bætur til þolenda

Mér er auðvitað ljóst að flestum finnast bætur, sem í þessu skyni eru ákveðnar til þolandans of lágar en þar ræður oftast að eingöngu er um ófjárhagslegar bætur að ræða og gögn til ákvörðunar þeirra af skornum skammti. Þegar þessar bætur eru bornar saman við bætur á öðrum sviðum í fjölmiðlum og hneykslast á samanburðinum er þess oft ekki gætt að auðveldara er í sumum öðrum málum að sýna fram á að þolandinn hafi auk ófjárhagslegs tjóns orðið fyrir fjárhagslegu tjóni þótt hann geti ekki sannað umfang þess.

Bætur taka þá einnig mið af fjárhagslega tjóninu. Því eru fjölmiðlarnir ekki að bera saman samanburðarhæfa hluti. Bætur fyrir kynferðisafbrot mættu sjálfsagt hækka að ósekju en þó er þess að gæta að brotamenn virðast sjaldan miklir borgunarmenn og innheimta því erfið. Betra kann að vera að innheimta einhverjar bætur en engar og takmörk eru fyrir því hversu háar bætur er rétt að hið opinbera ábyrgist. Á hið opinbera ekki frekar að liðsinna þolendum afbrota með öðrum hætti?

## Tilgangslítill samanburður

Samanburður milli mismunandi brotasviða sést oft í fjölmiðlum og má vera að það hafi einhverja þýðingu um álit manna á refsiákvörðunum dómstóla. Almennt held ég að slíkur samanburður sé til lítils. Við sjáum því haldið fram að refsiákvarðanir í líkamsmeiðinga- og kynferðisafbrotamálum séu ekki í neinu samræmi við refsiákvarðanir í fíkniefnamálum.

Hér er að ýmsu að hyggja. Refsingar í fyrrnefnda brotafloknum eru miðaðar við brot gegn ákveðnum einstaklingum meðan brot í þeim síðari beinast að óskilgreindum fjölda einstaklinga og refsingarnar verða því liður í baráttu gegn þjóðfélagslegu meini. Hvaða tilgangi það þjónar að bera refsingar í þessum brotaflokki saman við aðra flokka er ekki alveg ljóst ef vel er að gáð, þótt ekki sé ástæða til að draga úr ömurleika og alvarleika annarra brota og afleiðinga þeirra fyrir þá einstaklinga sem fyrir þeim verða. Þyngstu refsingar á Íslandi eru einmitt dæmdar vegna morða, líkamsmeiðinga- og kynferðisafbrota og fyrir alvarleg fíkniefnabrot.

Ég geri mér fulla grein fyrir að orð mín hér að framan breyta tæpast miklu um álit almennings um refsiákvarðanir á þessu sviði en þau gætu ef til vill orðið til þess að einhverjir vönduðu umfjöllun sína betur og huguðu einnig að hvað sakfræðingar og refsiréttarsérfræðingar segja um þessar refsiákvarðanir.

*Höfundur er fyrrverandi hæstaréttardómari.*


**Samgönguráð**
**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**
**Samgönguráðuneytið**

**Stefnumótun í samgöngum**

Samgönguráð efnir til sjötta fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

**Samgöngur og byggðaþróun**

**Ferðavenjur sumarið 2007**
– Bjarni Reynarsson, skipulagsfræðingur, ráðgjafi hjá Land-ráði sf.

**Fjárhagsstaða hafna/vandi landsbyggðarinnar**
– Sveinn Agnarsson, hagfræðingur, Hagfræðistofnun HÍ

**Flug og byggðaþróun**
– Pétur Maack, flugmálastjóri

**Búferlaflutningar og samgöngubætur á Íslandi 1986-2006**
– Vífill Karlsson, hagfræðingur, dósent við Háskólann á Bifröst

**Staðsetning íbúðarhúsnæðis og tengsl við verð á Stór-höfuðborgarsvæðinu** – Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 kl. 14:30 – 17:00 á Hótel Sögu Reykjavík í salnum Harvard II. **Fundurinn verður jafnframt sýndur á Veraldarvefnum á slóðinni: www.straumur.hotelsaga.is – að því búnu er valið: Samgönguráð.** Aðgangur er ókeypis. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 17. apríl 2008.


# Að vera hluti af heildinni

**UMRÆÐAN**
Skólamál


SARA DÖGG JÓNSDÓTTIR

Ég er skólastjóri í sjálfstætt reknum grunnskóla. Það merkilega við það er að það eru afar fáir slíkir skólar á Íslandi. Því velti ég því mikið fyrir mér hvað það þýðir að vera í slíku hlutverki þ.e. að vera hluti af stórri heild en samt svolítið utan við hana. Ég lít þó alltaf á mitt starf og minn skóla sem hluta af stóru myndinni. Sérkenni skólans míns eru að hann er ekki hverfisskóli og er ekki rekinn af hinu opinbera eins og flestir aðrir skólar. Annað sérkenni skólans míns er sú stefna sem einkennir allt kennslufyrirkomulag en það er annað mál, slíkt sérkenni hafa aðrir skólar líka. Skólar fara sem betur fer sínar eigin leiðir, leiðir sem sá mannauður sem í þeim starfar hefur ákveðið að fylgja eftir í starfi.

Hið fyrrnefnda sérkenni skólans míns er umræðuefnið mitt. Að starfa í sjálfstætt reknum skóla þýðir í mínum huga fyrst og fremst að öðlast tækifæri til að fara sínar eigin leiðir óháð hinu almenna kerfi. Í skólanum mínum hef ég tækifæri til að skipuleggja allt skólastarf út frá ákveðnum leiðum sem fela í sér öðruvísi kennslurými, öðruvísi kennsluhætti, öðruvísi nálgun á aga og samskipti við börn og eiginlega öðruvísi allt. Og það er svo gaman!

Það er þannig að rekstur skóla er samfélagsmál og um það eru allir sammála. Það þykja almenn og viðurkennd mannréttindi að öll börn hafi sömu tækifæri til að stunda nám og engum mismunað í þeim efnum. Það er okkar ákvörðun að hluti af skattpeningunum okkar fer í það að mennta börnin okkar, svo einfalt er það.

Stjórnvöld í landinu ákvarða um það fjármagn sem þurfa þykir í skólastarf almennt og er farið eftir ákveðnum lögum og reglum í því sambandi – gott og vel.

Framlag sveitarfélaganna til sjálfstætt starfandi skóla er svo aftur annað ákvörðunarefni sem hvert sveitarfélag um sig tekur ákvörðun um en í lögum segir að slíkir skólar skulu að lágmarki fá 75% framlag með hverju barni af landsmeðaltali ef skólinn er með færri börn en 200.

Túlkun sveitarfélaga er svo aftur mismunandi þ.e. hvernig þau skilgreina það sem felst í þessum lágmarksgreiðslum og þar liggur mikill vandi óleystur. Því það fjármagn sem liggur fyrir dugar ekki alla leið og það veit hver maður að skólastarf er ekki eitthvað til að græða á heldur fyrst og fremst er það áhugi kennara og stjórnenda til að hafa áhrif á samfélagið með því að bjóða upp á fjölbreytilegt skólastarf.

Ég velti því fyrir mér hvort vandinn geti legið í því hvernig fólk lítur á fyrirbærið sjálfstætt starfandi skóli. Í mínum huga finnst mér að allt skólasamfélagið eigi að vera í sama liðinu óháð rekstrarfyrirkomulaginu. Mér finnst líka að það ætti að teljast þeim sveitarfélögum til tekna að hafa ólík form á rekstri skóla innan sinna raða. Að það sé eftirsóknarvert og sé litið þeim augum að um sé að ræða fjölbreyttara starf sem gefur enn meiri möguleika á að skólakerfið bjóði valkosti til að ná til allra barna og ekki síst væntinga foreldra. Það hlýtur að vera megin markmið okkar allra. Ég myndi vilja sjá meiri samvinnu og stuðning af hálfu sveitarfélaga í garð sjálfstætt starfandi skóla þar sem sá angi skólastarfsins er ekki litinn hornauga eða litið á slíkt framtak sem ógn við það sem fyrir er því slíkt er ekki hugmyndin á bak við það að starfa í sjálfstætt starfandi skóla. Heldur miklu frekar að hafa frelsi til að velja um það umhverfi sem starfað er í.

Það hefur hingað til verið mikilvægt fyrir sveitarfélög að geta boðið upp á fjölbreytilegt atvinnulíf þar sem rekstur ýmissa aðila kemur að málum en fær að vera með í heildarpakkanum. Það er sú sýn sem ég myndi vilja sjá í hverju því sveitarfélagi sem á annað borð samþykkir sjálfstætt starfandi skóla í túninu heima.

*Höfundur er skólastjóri barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.*

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



4.690kr GOTT VERÐ

**Philips hárblásari** HP4983
- 2100w öflugur hárblásari
- ION tækni sem afrafmagnar hárið
- 6 Hita/hraða stillingar
- 2m kapall



1.990kr GOTT VERÐ

**Melissa hárblásari** 635092
- 2200w
- 2 kalda- og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Með ionization - afrafmagnar hárið
- 2 hausar fylgja
- Ofhitunarvörn
- Hægt að taka út filter til að hreinsa



3.990kr GOTT VERÐ

**Philips hárklippur** QC5010
- Hárklippur fyrir rafmagn
- SteelWave sjálfbrýnandi hnífar
- 8 stillingar (1-21mm)
- Klippibreidd 32mm

**Philips Trimmer**
TT2021
- Hentar vel til að trimma hár undir höndum, á maga, baki og fleira
- 8 tíma hleðsla gefur 50 mínútna notkun
- Hægt að nota í sturtu
- 3 stillingar (3 til 10mm)



6.490kr GOTT VERÐ

**Philips Multi Trimmer**
QG3020
- Multi Trimmer fyrir skegg, nef og eyru.
- Flott gjafasett



4.990kr GOTT VERÐ

**Melissa Multi Trimmer**
638136
- Multi Trimmer fyrir skegg, nef og eyru
- 2 mismunandi hausar



990kr GOTT VERÐ



4.990kr GOTT VERÐ

**Philips 8 in 1 hársett** HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum



4.990kr GOTT VERÐ

**Melissa hársett** 635085
- 1800w hárblásari • Ion tækni sem afrafmagnar hárið
- 2 hraðastillingar ásamt köldum blæstri
- Sléttujárn með keramik húð • Hitastillir frá 80° til 230°C
- Keramik krullujárn • 33mm breidd • Stiglaus hitastillir
- Hárbursti fylgir



3.990kr GOTT VERÐ

**Philips sléttujárn** HP4661
- Nær 180°C hitastigi
- Plötur með keramik húð
- Tekur aðeins 3 mín. að hitna

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**JOSS STONE SÖNGKONA ER 21 ÁRS Í DAG**

*„Fólk virðist gleyma því hvernig það er að vera ungur, hlutirnir sem ég syng um eru þeir sem ég er að upplifa í fyrsta sinn.“*

***Joss Stone er bresk og syngur aðallega R&B-tónlist. Hún sló fyrst í gegn árið 2003, aðeins átján ára gömul. Hún hefur unnið ein Grammy-verðlaun og tvenn BRIT-verðlaun.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 11. APRÍL 1956

## Ráðist á Nat King Cole á sviði



Þennan dag árið 1956 var ráðist á söngvarann Nat King Cole þar sem hann hélt tónleika í Birmingham Alabama. Þrír hvítir menn, meðlimir kynþáttahaturssamtakanna The North Alabama White Citizens, hlupu upp á svið þar sem Cole var að syngja og náðu að hrinda honum, þar sem hann sat við píanóið, niður á gólf. Mennirnir voru stöðvaðir fljótlega en Cole meiddist í baki. Cole lauk ekki við tónleikana og spilaði aldrei aftur í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Mennirnir þrír voru dæmdir fyrir árásina.

Nathaniel Adams Coles, best þekktur sem Nat King Cole, varð fyrst frægur sem djasspíanóleikari. Seinna fór hann út í söng og varð einn af vinsælustu og best þekktu söngvurum allra tíma.

Þegar hann var ekki að taka upp plötur og syngja á tónleikum lék hann í kvikmyndum, nokkrum stuttmyndum, skemmtiþáttum og öðru sjónvarpsefni.

Cole var mikill reykingamaður og reykti stundum allt upp í þrjá pakka á dag. Hann hélt því fram að reykingar gerðu rödd hans djúpa og vegna þessa keðjureykti hann alltaf nokkrar sígarettur áður en hann tók upp lögin sín.

Cole barðist við kynþáttahatur allt sitt líf. Hann neitaði alla tíð að spila á tónleikum þar sem svartir og hvítir voru skildir að.

Árið 1965 lést hann úr lungnakrabbabeini á hátindi ferilsins.

**MERKISATBURÐIR**

1890 Ellis Island er gerð að innflytjendamiðstöð fyrir þær milljónir manna sem vilja setjast að í Bandaríkjunum.

1912 Konur í fiskverkun í Hafnarfirði semja eftir meira en mánaðarverkfall. Verkfallið var fysta verkfall íslenskra kvenna og einnig fyrsta skipulagða verkfallið á Íslandi.

1921 Fyrsta íþróttaútsendingin í útvarpi.

1959 Rannveig Þorsteinsdóttir lögfræðingur öðlast fyrst íslenskra kvenna rétt til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

1970 Minkarækt hefst að nýju á Íslandi.

1979 Einræðisherra Úganda, Idi Amin, steypt af stóli.

ATLANTSSKIP: TÍU ÁR FRÁ STOFNUN

# Veisluhöld í vöruskemmu

Tíu ára afmæli Atlantsskipa verður haldið hátíðlegt í vöruskemmu fyrirtækisins 16. maí næstkomandi. „Þessi dagsetning var einfaldlega valin með vorið í huga,“ útskýrir Birgir Örn Birgisson, markaðstjóri fyrirtækisins.

Atlantsskip hafa árlega haldið upp á afmælið sitt í apríl eða maí en í ár verða veisluhöldin öllu veglegri. „ Við ætlum að halda svokallað kúnnapartí þar sem samstarfsaðilar okkar erlendis og viðskiptavinir koma og fagna með okkur. Þetta verður skemmtileg veisla með veitingum og tónlistaratriðum,“ útskýrir Birgir.

Enn er verið að skipuleggja daginn og þar sem Eurovison verður haldið á svipuðum tíma kæmi vel til greina að vera með þannig þema í veislunni. Stór hópur fólks kemur hingað til lands til að fagna þessum tímamótum Atlantsskipa, starfsfólk samstarfsfyrirtækja frá Kína, Bandaríkjunum og víðs vegar frá Evrópu.

Saga Atlantsskipa hófst árið 1998 þegar Atlantsskip og systurfélag þess í Bandaríkjunum, Trans Atlantic Lines, gerðu samning við flutningadeild Bandaríkjahers um alla flutninga Varnarliðsins milli Bandaríkjanna og Íslands. Þjónustuframboð fyrirtækisins hefur aukist jafnt og þétt. Evrópulína fyrirtækisins varð til fjórum árum eftir stofnun þess. Fyrirtækið býður nú upp á vikulegar siglingar til og frá Evrópu. Í lok árs 2005 hófu Atlantsskip að bjóða upp á daglegar flugsendingar frá öllum heimshornum.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti frá upphafi. Í dag eru starfsmenn Atlantsskipa um sextíu talsins. Þó að fyrirtækið sé í miklu alþjóðlegu samstarfi þá er það ekki með útibú í þeim löndum sem það þjónar. Það eru samstarfsaðilar þeirra erlendis sem vinna sem þjónustumiðstöð fyrir viðskiptavini Atlantsskipa erlendis. „Við flytjum fyrir fyrirtæki og einstaklinga, eins og til dæmis námsmenn sem eru að flytja að utan,“ segir Birgir. Atlantsskip þjónar fyrirtækjum í innog útflutningi og mjög stór hópur viðskiptavina þeirra er hérlendis.

klara@frettabladid.is



**BIRGIR ÖRN BIRGISSON** Markaðsstjóri Atlantsskipa stendur í ströngu að skipuleggja afmælishátíð fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Hörður Bachmann Loftsson**

Hrafnistu í Reykjavík, áður Borgarholtsbraut 67, Kópavogi,

lést sunnudaginn 6. apríl. Útförin fer fram í Áskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.30.

**Arnbjörg Davíðsdóttir**
**Örn Harðarson** **Halla Mjöll Hallgrímsdóttir**
**Þórhalla Harðardóttir**
**Jóhanna Guðný Harðardóttir** **Sigurður Ingólfsson**
**Ari Harðarson** **Hjálmfríður Lilja Nikulásdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Agnes Árnadóttir**

Kópavogsbraut 1b,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 9. apríl.

**Árni Þórhallsson**
**Amalía Þórhallsdóttir**
**Ingibjörg Þórhallsdóttir**
**Kristín S. Þórhallsdóttir**
**Herdís Þórhallsdóttir** **Þorsteinn N. Ingvarsson**
**Þórarinn Þórhallsson** **María R. Ólafsdóttir**
**Lárus Þ. Þórhallsson** **Hildur E. J. Kolbeins**
**Þórhildur Þórhallsdóttir** **Reynir Sturluson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðlaugur Stefán Jakobsson**

Víðilundi 20, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. apríl kl. 13.30.

**Þorgerður K. Guðlaugsdóttir**
**Valgerður J. Guðlaugsdóttir** **Kristján Davíðsson**
**og afabörn.**



†

*Frænka mín,*

**Margrét Þorbjörg Mellström**

lést í Stokkhólmi í Svíþjóð laugardaginn 23. febrúar. Útförin hefur farið fram.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Margrét Norland.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Finnbogadóttir**

Sævangi 26, Hafnarfirði,

varð bráðkvödd á heimili sínu þriðjudaginn 8. apríl. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Gylfi Jónasson**
**Finnbogi Gylfason** **Svana Huld Linnet**
**Jónas Gylfason** **Ingibjörg Valgeirsdóttir**
**Gylfi Örn Gylfason** **Margrét Guðrúnardóttir**
**Sölvi Þór Jónasson** **Kristján Flóki Finnbogason**
**Hrafnhildur Kría Jónasdóttir** **Ylfa Finnbogadóttir**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Vilhelmína Arngrímsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Skúlaskeiði 18,

lést þriðjudaginn 8. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurfljóð Erlendsdóttir**
**Anna Erlendsdóttir** **Kristján J. Ásgeirsson**
**Davið V. Erlendsson**
**Vignir Erlendsson** **Inga Áróra Guðjónsdóttir**
**Steinar R. Erlendsson** **Dagrún Erla Ólafsdóttir**
**Arngrímur I. Erlendsson**
**Erla M. Erlendsdóttir** **Ólafur Ö. Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Pálína Guðmundsdóttir**

Birkimel 10, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 6. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 14. apríl kl. 15.00.

**Kristín Björk Friðbertsdóttir**
**Friðbert Friðbertsson** **Soffía Huld Friðbjarnardóttir**
**Njáll Trausti Friðbertsson** **Guðrún Gyða Hauksdóttir**
**Jóhann Grímur Friðbertsson** **Kristine Feldthus**
**ogömmubörn.**



†

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórðar Þórðarsonar**

Skarðsbraut 5, Akranesi.

**Halla Þorsteinsdóttir**
**Anna Þórðardóttir** **Kristján Sveinsson**
**Gíslný Bára Þórðardóttir** **Halldór Júlíusson**
**Þóra Þórðardóttir** **Helgi Helgason**
**Rósa Þórðardóttir** **Sigurður Hauksson**
**og afabörn.**

**FordFocus**

*Nýtt tákn um gæði*

## Láttu töfrana tala við þig í Brimborg í dag
# Prófaðu nýjan, endurhannaðan Ford Focus

Lokaðu augunum. Finndu hvernig töfrarnir tóna í Brimborg í dag. Töfraðu til þín söluráðgjafa. Töfraðu fram einn glæsilegasta bíl ársins. Töfraðu fram sérstakt kynningarverð á nýjum Ford Focus. Nýttu þér töfrana. Nýtt og töfrandi útlit, töfrandi tækni og búnaður eru örfá töfrandi dæmi sem mæla með nýjum, endurhönnuðum Ford Focus. Láttu töfrana tala. Prófaðu nýja tækni – nýjan fjölskyldubíll sem gaman er að eiga, gott að keyra og hagkvæmt að reka. Veldu umhverfishæfan bíl. Veldu núna Ford Focus.

Láttu töfrana tala. Spurðu um verð og gæði. Spurðu um fjármögnun. Ford. Keyrð'einn.

Komdu **í dag**
**frumsýningin**
heldur áfram
í Brimborg
Akureyri, Reykjavík



**Töfrandi kynningarverð: 2.690.000 kr.***

Ford Focus Trend
1,6i 100 hö 150 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
CO2 losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




## STUÐ MILLI STRÍÐA Lífið úti á landi

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER ÞREYTTUR Á SKILNINGSLEYSI BORGARBARNA



Þegar ég fluttist suður yfir heiðar og settist á skólabekk í höfuðborginni vakti ég strax mikla athygli meðal skólasystkina minna, enda var ég utan af landi. Fyrstu vikurnar urðu margir til að ræða við mig um uppruna minn og hvernig það væri nú að búa á þessari fjarlægu plánetu sem landsbyggðin virðist vera sumum.

Síðan þá finnst mér ég allt of oft heyra fólk ræða um ástandið á landsbyggðinni. Mér virðist sem svo að fjöldi fólks álíti landsbyggðina eina rjúkandi rúst. Stundum spyr fólk mig hvernig standi á því að ég sé alltaf þarna úti á landi og hvort mér leiðist ekki. Maður hefur á tilfinningunni að orðunum fylgi einhver vorkunn, enda sé lífsfyllingin fólgin í umferðarteppum og því að geta keypt sér í matinn allan sólarhringinn. Aðrir tala um það hversu mikill baggi landsbyggðin sé á íslenska ríkinu. Allt þetta tal og hjal fer hrikalega í taugarnar á mér. Staðreyndin er að þeir skattpeningar sem vinnandi fólk á landsbyggðinni greiðir til ríkisins fara að langstærstum hluta suður yfir heiðar, enda ver ríkið mestu af sínu fjármagni þar. Þar er stjórnsýslan og þar er stöðugt byggt upp. Svo ætlar allt um koll að keyra þegar talað er um ein jarðgöng úti á landi. Þvílíkt bruðl! Vissulega hefur ástandið oft verið betra á landbyggðinni og þarft er að gæta að byggðinni en það er líka jafn mismunandi eftir svæðum eins og mennirnir eru margir.

Það að búa úti á landi er ekki einhver kvöð fyrir mig. Þetta er líf sem ég hef valið mér. Ég bý núna á Akureyri sem er stærsti byggðarkjarni utan höfuðborgarinnar. Ég hef þó prófað að búa á öðrum og jafnvel miklu minni stöðum og líkar það vel. Ég nýt þess að kaupa mjólkurlítrann af nágranna mínum og eiga í leiðinni stutt spjall um daginn og veginn. Ég nýt þess að labba um og vera veifað úr nánast hverjum bíl. Þetta líf þykir mörgum einfaldlega eftirsóknarvert. Það er nefnilega ekki allt fengið með því að hafa aðgang að verslunum sem eru opnar allan sólarhringinn og geta valið úr fjölda verslunarmiðstöðva.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



REGNBOGINN
11. - 30. APRÍL

# BÍÓ-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS




## 3 VIKUR
## 12 KVIKMYNDIR

DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á MIÐI.IS
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGINN græna ljósið

**!** **Kl. 16.00**

*Útskriftartónleikar fiðluleikarans Guðnýjar Þóru Guðmundsdóttur úr tónlistarnámi við Listaháskóla Íslands fara fram í Salnum, Hamraborg 6, í dag kl. 16. Á efnisskránni eru verk eftir tónskáldin Mozart, Eugène Ysaÿe, Beethoven og Ernest Bloch. Tónleikarnir eru kjörið tækifæri til þess að skyggnast inn í framtíð íslensks tónlistarlífs. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tékkneskur píanóleikari fyrir kvikmyndaunnendur

Hinn heimskunni tékkneski píanóvirtúós Ivan Klánský heldur á morgun kl. 17 einleikstónleika í tónleikaröðinni Tíbrá í Salnum. Á fyrri hluta efnisskrárinnar er án efa ein þekktasta píanósónata Beethovens, Tunglskinssónatan, auk síðustu píanósónötu þessa mikilfenglega tónskálds, Sónötu í c-moll op. 111. Á seinni hluta efnisskrárinnar eru eingöngu verk eftir Chopin, næturljóð, marsúrkar, Bátsöngur og Pólónesa.

Ivan Klánský er jafnan talinn einn fremsti og virtasti píanóleikari Tékka. Hann nam við Tónlistarakademíuna í Prag og hefur unnið fjöldann allan af píanókeppnum og hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar. Strax á námsárunum í Prag var hann orðinn eftirsóttur einleikari og kammermúsíkant. Hann hefur leikið yfir fjögur þúsund tónleika í fjórum heimsálfum, en auk fyrirferðarmikils tónleikahalds er Ivan Klánský mjög eftirsóttur kennari. Hann er prófessor við Tónistarháskólann í Prag og Tónlistarakademíuna í Luzern í Sviss. Klánský gegnir þýðingarmiklu hlutverki í skipulagsmálum tónlistarlífsins í Tékklandi.



**LUDVIG VAN BEETHOVEN** Tékkneski píanósnillingurinn Ivan Klánský leikur Tunglskinssónötu Beethovens í Salnum á morgun.

Það sem skipar Ivan Klánský í röð fremstu listamanna heimsins er ekki bara fullkomið vald á hljóðfærinu hvað varðar tækni og tilfinningalega túlkun, heldur einstök snilligáfa sem gerir honum kleift að miðla verkum meistaranna á undraverðan hátt. Ivan Klánský er meðlimur í hinu heimskunna Guarneri-tríói.

Það er ekki á hverjum degi sem píanóleikarar á borð við Klánský stíga á íslenskt tónleikasvið og er því sannarlega um einstæðan listviðburð að ræða. Margir sáu eflaust kvikmyndina Óbærilegur léttleiki tilverunnar sem fór á sínum tíma sannkallaða sigurför um heiminn. Tónlistin í myndinni var eftir tékkneska tónskáldið Leoš Janácek, en til gamans má geta þess að píanóleikarinn var enginn annar en Ivan Klánský. - vþ

## Hér & Nú á leiklistarhátíð í Tampere

Sokkabandinu hefur verið boðið að fara með sýninguna sína Hér & Nú á leiklistarhátíðina í Tampere í Finnlandi, sem haldin verður dagana 4.-10. ágúst næstkomandi. Leiklistarhátíðin í Tampere er elsta, stærsta og virtasta leiklistarhátíðin á Norðurlöndum og býður upp á það helsta sem er að gerast í framsækinu finnsku og erlendu leikhúslífi á ári hverju. Á hátíðinni í ár verður lögð sérstök áhersla á norræna leiklist þar sem Norrænir leiklistardagar fara fram í Tampere á sama tíma.

Hér & Nú er frumsaminn söngleikur sem var frumsýndur á Litla sviði Borgarleikhússins í nóvember á síðasta ári. Sýningum lauk í lok janúar en leikhópnum var síðan boðið að sýna Hér & Nú á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni Lókal sem haldin var hér í Reykjavík í mars. Forsvarsmenn leiklistarhátíðarinnar í Tampere sáu þar sýninguna og fékk leikhópurinn strax í kjölfarið boð um að sýna á hátíðinni.

Hér & Nú samanstendur af uppistandi, stuttum leikþáttum, eintölum, leikjum, dansnúmerum og frumsömdum sönglögum. Efniviðurinn var tekinn úr heimi glanstímarita eins og Séð & Heyrt, Hér & Nú og Vikunni sem og spjallþátta, bloggsíðna og annarra fjölmiðla sem hafa það að leiðarljósi að skemmta okkur Íslendingum með dramatískum lífsreynslusögum og fréttum af fræga fólkinu. Leikarar í sýningunni eru Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, María Heba Þorkelsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson. Frumsamin tónlist er eftir Hall Ingólfsson sem einnig leikur og spilar í sýningunni, leikmyndahönnuður er Kristján Björn Þórðarson og framkvæmdastjóri verkefnisins er Hera Ólafsdóttir. Leikstjóri sýningarinnar er Jón Páll Eyjólfsson. - vþ



**GERIR LÍFIÐ SKEMMTILEGRA** Elma Lísa Gunnarsdóttir í hlutverki sínu í leikritinu Hér & Nú.



**HRAFNKELL SIGURÐSSON** Ræðir list sína í Ketilhúsinu í dag.

## Hrafnkell um list

Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður mun flytja fyrirlestur um list sína í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl 14.50.

Dagskráin er hluti af „Fyrirlestrum á vordögum“, sem eru fjórir fyrirlestrar um efni sem tengjast listum og menningu. Þeir eru skipulagðir af kennurum á listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri í samvinnu við Listasafnið á Akureyri og Menningarmiðstöðina í Grófargili.

Hrafnkell Sigurðsson hlaut sjónlistarverðlaunin 2007 fyrir verk sitt Áhöfn og fyrir innsetninguna Athafnasvæði.

Í verkum sínum fjallar Hrafnkell um tengsl náttúru og manns. Þar spinnast saman þættir úr rómantík og módernisma sem á stundum vísa til „rituála“. Hið skíra yfirbragð sem virkar í fyrstu fjarlægjandi gefur verkunum nálægð. Hrafnkell var einn af stofnendum listframleiðslufyrirtækisins Oxsmá þar sem hann var rokksöngvari þar til starfsemin var lögð niður í kringum 1985.

Fyrirlesturinn stendur í um eina klukkustund. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. - vþ

## Nýtt verk eftir Albee

Í dag hefst sala á sýningar í New York á nýju verki eftir Edward Albee. Verkið verður frumsýnt 5. júní á Signature-leikhúsinu í New York þar sem Albee hefur áður verið húshöfundur. Með elstu hlutverk fara Mercedes Ruehl og Larry Bryggman. Verkið heitir Occupant og lýsir högum bandaríska myndhöggvarans Louise Nevelson. Hún var fædd í Kænugarði 1899 og lést í New York 1988. Hún kom til Bandaríkjanna 1905 og settist fjölskylda hennar að í Maine. Tvítug kvæntist hún og fluttist til New York og lagði fyrir sig listnám. Um þrítugt kynntist hún verkum Marcels Duchamp og Pablo Picasso. Hún ferðaðist um Evrópu 1930-31 og við heimkomu 1932 var hún aðstoðarmaður Diego Rivera. Ferill hennar hófst fyrir alvöru eftir það: hún vann högg-



**EDWARD ALBEE**

myndir, safnverk úr timbri og fundnum hlutum, lagði fyrir sig print og vann með terracotta-leir. Hún tók þátt í Feneyjatvíæringnum 1962 og var á sjöunda áratugnum í forystu listamanna vestanhafs. Nú verður hún aftur í brennidepli í nýju leikverki Albee.

## Orgeltónlist fyrir alla

Orgelsnillingurinn Hannfried Lucke leikur á Klais-orgel Hallgrímskirkju á skemmtilegum orgeltónleikum fyrir alla fjölskylduna á morgun kl. 14. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð í tilefni af 15 ára afmæli Klais-orgelsins og eru sérstaklega fjölskylduvænir. Hannfried Lucke, sem er prófessor í orgelleik við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg í Austurríki, er meðal þekktustu orgelleikara í dag og hefur lagt sérstaka rækt við spuna, tæknina að leika af fingrum fram. Á tónleikunum mun hann meðal annars leika umritanir þekktra verka eftir Mozart og Saint-Saëns og spuna þar sem hann notar barnasálma, íslensk þjóðlög, þekkt sálmalög eða einhverjar aðrar laglínur sem að honum verða réttar.

Sunnudaginn 13. apríl leikur Hannfried Lucke síðan á tónleikum kl. 20 í Grindavíkurkirkju. Nýtt orgel var vígt í kirkjunni síðastliðið haust, smíðað af Björgvini Tómassyni. Á efnisskránni mun Hannfried Lucke velja saman verk sem sýna möguleika hins nýja orgels auk þess sem hann mun einnig leika af fingrum fram. - vþ



# HVER$ VIRÐI €R ÉG?

## NÝ OG FÁRÁNLEGA SKEMMTILEG SÝNING UM FJÁRMÁL ÍSLENDINGA!

Fyrst var það Hellisbúinn, síðan Pabbinn og nú er það **HVERS VIRÐI ER ÉG?**
Óborganlega fyndin sýning Bjarna Hauks Þórssonar um fjármál Íslendinga.
Frábær sýning í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar.



DYNAMO REYKJAVIK

Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu

Fjárhagsleg heilsa

## SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þri | 15/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Mið | 16/4 | Forsýning - uppselt | kl. 20 |
| Fös | 18/4 | Frumsýning - uppselt | kl. 21 |
| Lau | 19/4 | Uppselt | kl. 19 |
| Lau | 19/4 | | kl. 21 |
| Fös | 2/5 | | kl. 19 |
| Fös | 2/5 | | kl. 21 |
| Lau | 3/5 | | kl. 20 |
| Lau | 3/5 | | kl. 22 |
| Fös | 16/5 | | kl. 19 |
| Fös | 16/5 | | kl. 21 |
| Lau | 17/5 | | kl. 19 |
| Lau | 17/5 | | kl. 21 |

### Sýnt í Salnum Kópavogi

Miðasala hjá Salnum í síma 5700 400, á salurinn.is og midi.is. Miðaverð 2000 kr.

50% afsláttur er fyrir viðskiptavini Byrs (allt að 5 miðar) ef keypt er í miðasölunni í Salnum.

**ATH! Takmarkaður sýningafjöldi.**

TP THORSSON PRODUCTIONS

BYR SPARISJÓÐUR

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


















**MYNDLIST** Anna Richardsdóttir gjörningalistakona og dansari.

# Alheimsgjörningur á Akureyri

Á laugardagskvöldið klukkan 20.30 er komið að flutningi á fjórða alheimshreingjörningi Önnu Richardsdóttur á Akureyri en alls verða þeir tíu talsins. Gjörningurinn, sem nefnist „Hreingjörningur í lit“, er unninn og fluttur af Önnu Richardsdóttur, dansara og gjörningalistakonu, myndlistarkonunum Brynhildi Kristinsdóttur og Jónu Hlíf Halldórsdóttur og tónlistarmönnunum Kristjáni Edelstein og Wolfgang Sahr ásamt Þorbjörgu Halldórsdóttur leikmyndahönnuði. Gjörningurinn verður fluttur í bílageymslu við Norðurorku að Rangárvöllum klukkan 20.30. Verkið er samið af Önnu Richardsdóttur en í náinni samvinnu við listafólkið.

Verkið fjallar um hvernig lífið setur mismunandi liti á hinar mismunandi persónur tilverunnar. Þar má til að mynda sjá Gotthildi, stolta og smart, svífandi á skýi eigin hroka, og fall hennar við það að komast í snertingu við liti lífsins. Einnig kynnumst við Blóthildi, en hún fórnar því dýrmætasta sem hún á og tapar öllu. Tilveran býður henni þó upp á heilun. Anna flytur verkið innan hugmyndaramma en margt er spunnið á staðnum.

Kristján Edelstein tónlistarmaður vinnur svipað að tónskúlptúrnum, hann vinnur eftir hugmyndaramma en gefur sér frelsi til spuna og þar með túlkunar sem verður til á staðnum. Wolfgang og Anna hafa oft unnið saman og hafa þróað samvinnu sem byggist á gagnkvæmri hlustun. Leikmynd Þorbjargar Halldórsdóttur er uppspretta tónverksins að hluta og Anna notar hana til framkvæmda í verkinu. Jóna Hlíf hannar lýsingu í verkið í samvinnu við og útfrá hugmyndum hinna en hún hefur einnig áhrif á þróun verksins með tillögum en það sama gerir Brynhildur. Þannig er verkið allt samvinna listamannanna sem að því koma.

Auk gjörningsins er myndlistarsýning þar sem sýndar eru myndir og innsetningar um hreingjörninga eftir fólk alls staðar í heiminum sem eru þátttakendur í alheimshreingjörningi í tíu eða færri ár.

Þess má geta að eftir tvær vikur mun Anna taka þátt í listahátíð í St. Pétursborg með gjörningi.

**pbb@frettabladid.is**

# Gjörningar í Samhjálp

Á morgun kl. 17 er efnt til gjörningahátíðar í nýju húsnæði Kling og Bang en galleríið er nú flutt í gamla Samhjálparhúsið á Hverfisgötu 42. Þar var forðum til húsa Kvikmyndaklúbbur Þorgeirs Þorgeirsonar. Það eru listamennirnir Ásmundur Ásmundsson, Auxpan, Hannes Lárusson, Hulda Vilhjálmsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Ólöf Björnsdóttir, Monika Frycova, Sigtryggur Berg Sigmarsson og Snorri Ásmundsson sem verða öll með gjörning hvert í sínu lagi af sitt hverju tagi.

Listamennirnir hafa kallað sér til aðstoðar lífskúnstnerinn og listunnandann Ármann Reynisson og mun það vera í fyrsta sinn sem hann leggur Kling og Bang-hópnum lið. Öll þau sem standa fyrir gjörningum á morgun hafa notað gjörninga í listsköpun sinni.

Ármann mun einnig verða með einkunnagjafir eftir hvern gjörning í anda Idol-mótaraðarinnar sem fræg er orðin. Landsmenn eru hvattir til að fjölmenna í Kling og Bang á morgun, en dagskráin hefst kl. 17, og horfa á og njóta gjörninga af ýmsum gerðum og gæðum. Uppákoman verður ekki endurtekin.

**- pbb**



**MYNDLIST** Snorri Ásmundsson er í forsvari fyrir gjörningahátíð Kling og Bang.

Salurinn

**FIMMTUDAGUR 10. APRÍL KL. 20**
TIL FLUGS – SÖNGTÓNLEIKAR.
HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.
LÖG GUNNAR REYNIR OG LJÓÐ HRAFN HARÐARSON.

**FÖSTUDAGUR 11. APRÍL KL. 16**
FIÐLUTÓNLEIKAR – LHÍ.
GUÐNÝ ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

**LAUGARDAGUR 12. APRÍL KL. 17**
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
IVAN KLÁNSKÝ.
TUNGLSKINSSÓNATAN,
NÆTURLJÓÐ CHOPINS O.FL.
SLAGHÖRPUSNILLD!

**SUNNUDAGUR 13. APRÍL KL. 16**
KLARÍNETTUTÓNLEIKAR - LHÍ
KRISTJÁN RÚNARSSON
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS







512 5050 Auglýsingasími
Mest lesið

# BT

# BETRA VERÐ Í BT

## BT bæklingurinn er komnn á netið www.bt.is

30.000,- VERÐLÆKKUN

99.999,-




20.000,- VERÐLÆKKUN



29.994,-

Tvær linsur og batterígrip fylgja pakkanum



**Nældu þér í 20.000 auka afslátt þegar þú kaupir Canon Digital SLR vél í BT.**
Þú getur fengið 49.994 kr aukahutapakka á aðeins 29.994 með 400D og 40D vélunum í BT.

Pakkinn inniheldur tvö stk 2 GB Háhraða Sandisk minniskort, vandaðan þrífót í tösku, bakpoka frá Hama ásamt nauðsynlegri handaról frá Canon.

Canon

**Canon Digital SLR myndavél**
400 Digtal SLR. P.NO. (Vörunúmer: CANON400DBUNDLE). **VERÐ ÁÐUR 129.999,-**

- 10 megapixla D-SLR
- Rykvörn á myndflögu
- Anti-static yfirborð á myndflögu
- 2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
- Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
- Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
- Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin
- að auganu
- Highly Recommended - dpreview.com

7.000,- VERÐLÆKKUN




17.999,-

PSP

**PSP pack**
PSP er ein vinsælasta leikjatölva í heimi. Núna færðu hana á áður óþekktu verði, gula og Simpsons leikurinn fylgir. Þetta er Dhóó gott tilboð. (vörunúmer: 9484950)**VERÐ ÁÐUR 24.999,-**

10.000,- VERÐLÆKKUN

## TOSHIBA

**Toshiba fartölva**
Satellite A210-19P. Flott Toshiba fartölva með öllu því helsta. Flott alhliða vél sem er til í allt. Öflugur örgjörvi, mikið minni og stór harður diskur auk 128 MB skjákorts gera þessa vél að frábærum kosti á góðu verði. (Vörunúmer: 158171). **VERÐ ÁÐUR 109.999,-**

- AMD Turion 64 x2 tl-58
- 2 GB DDR2 (2x 1 GB)
- 200 GB SATA harður diskur
- 15,4" TruBrite Widescreen WXGA skjár
- ATI Radeon HD2400 128MB skjákort
- DVD brennari, Dual layer
- Innbyggð vefmyndavél og kortalesari
- Bluetooth, Firewire og TV-out
- 2,7 kg á þyngd
- WinDVD, Norton AntiVirus prufuútgáfa
- Windows Vista Home Premium
- 2ja ára alþjóðleg ábyrgð




15,4"skjár

99.999,-

**www.bt.is - Auglýsingin gildir 10. til og með 13. apríl 2008**

COSMOGRAPHIC


SVERRIR BERGMANN


CUT COPY

## > Í SPILARANUM

Sverrir Bergmann - Bergmann
The Breeders - Mountain Battles
The Black Keys - Attack & Release
Clinic - Do It!
Cut Copy - In Ghost Colours

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Plata Guns N‘ Roses tilbúin

Hljómsveitin Guns N‘ Roses hefur loksins lokið við gerð plötunnar Chinese Democracy. Eins og frægt er hefur söngvarinn Axl Rose eytt síðustu fjórtán árum í upptökur á plötunni. Hefur hljómsveitin orðið að hálfgerðu athlægi í tónlistarheiminum sökum þess hversu seinlega þetta hefur gengið en nú virðast bjartari tímar loks vera fram undan.

Útgáfufyrirtæki Guns N‘ Roses, Geffen, hefur staðfest að hljómsveitin hafi skilað inn fullkláruðu eintaki af plötunni. Nú standa yfir viðræður um peninga og réttindamál við Rose. Hermt er að gerð Chinese Democracy hafi kostað þrettán milljónir dollara, eða tæpan milljarð íslenskra króna.

Þegar hefur komið fram að unnið er að gerð raunveruleikaþáttar um Guns N‘ Roses. Stefnt er að því að hann fari í loftið á sama tíma og platan kemur út.


**LOKSINS, LOKSINS** Axl Rose hefur skilað Chinese Democracy eftir fjórtán ára vinnu.




## > Plata vikunnar

Erykah Badu - New Amerykah: Part One (4th World War)

★★★★★

„Erykah Badu snýr aftur með sína djörfustu og framsæknustu plötu. Meistaraverk sem vex við hverja hlustun.“

- TJ



**TÓNNINN GEFINN**
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Hjálp Reykjavíkurborg!*

Nú um helgina opnar Tunglið en staðurinn hét áður Gaukur á Stöng eða einfaldlega Gaukurinn. Lýkur þá formlega sögu eins vinsælasta tónleikastaðar Reykjavíkurborgar. Þar með þrengist enn og aftur að tónleikastaðaúrvali höfuðborgarinnar. Íslenskt tónlistarlíf sveltur þegar kemur að tónleikahaldi og nú held ég að sé lag að opinberir aðilar grípi í taumana. Sérstaklega ætti Reykjavíkurborg að sjá hag sinn í því að styrkja þetta umhverfi.


**ORGAN** Hefur sannað að hægt er að reka tónleikastað í miðbæ Reykjavíkur.

Eins og staðan er í dag er tónleikastaðaúrvalið mjög fábreytilegt í miðborginni. Sérstaklega er ástandið bagalegt fyrir yngri og óþekktari listamenn sem ekki hafa bolmagn til að spila á stöðum eins og Nasa. Staðir sem sérhæfa sig í tónleikahaldi eru löngu orðnir teljandi á fingrum annarrar handar. Í raun þarf ekki annað en að gefa fólki fingurinn og þá eru tónleikastaðirnir nær upptaldir.

Ljósið í myrkrinu í þessu öllu saman er Organ við Hafnarstræti. Staðurinn er ekki enn orðinn eins árs gamall en hefur þegar stimplað sig inn í íslenskt tónlistarlíf og er orðinn órjúfanleg breyta innan þess. Fólk á nú þegar margar ógleymanlegar minningar þaðan, jafnt frá tónleikum í miðri viku með óþekktum tónlistarmönnum sem og um helgar með stórstjörnum. Hans helsta vandamál verður seint talið vandamál af tónleikahöldurum. Staðurinn er nefnilega nær fullbókaður fram í miðjan júní. Sýnir best og sannar hversu mikil þörf en umfram allt eftirspurn er eftir tónleikastað á borð við Organ í miðborg Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg ætti núna að opna augun. Tónlistarlíf borgarinnar er löngu orðið eitt af hennar aðalsmerkjum og hefur líklegast meiri þátt í jákvæðri ímynd borgarinnar á erlendum vettvangi en nokkur annar faktor. Styðja þarf við þessa grósku á beittari hátt. Tónlistarhúsið verður væntanleg vítamínsprauta fyrir íslenskt tónlistarlíf en gerir nákvæmlega ekkert fyrir grasrótina. Ekki er einu sinni víst að þar verði pláss fyrir aðra en heldri tónlistarmenn og snobbara. Nú þegar verið að endurskipuleggja miðbæ í eyðingu ættu borgarstjórnarfulltrúar að hafa tónleikastað með í planinu. Ekki eingöngu myndi slíkt hafa góð áhrif út í senuna heldur myndi skapast þar uppbyggilegur og heilbrigður vettvangur fyrir ungdóm landsins.






# Fortíðarlitað framtíðarpopp

**Tvíeykið Gnarls Barkley sló í gegn svo um munaði með sinni fyrstu plötu St. Elsewhere og laginu Crazy fyrir tveimur árum. Nú hafa þeir Cee-Lo og Danger Mouse sent frá sér plötu númer tvö. Trausti Júlíusson spáði í The Odd Couple.**

Lagið Crazy með Gnarls Barkley var eitt af lögum ársins 2006. Lagið, sem var sungið inn í einni töku, sló í gegn um allan heim, en vinsældirnar voru sennilega mestar í Bretlandi. Sala á niðurhali kom því í fyrsta sæti smáskífulistans áður en sjálf platan kom út og þar sat það í níu vikur samfellt. Jafn lengi og Two Tribes með Frankie Goes to Hollywood og Bohemian Rhapsody með Queen. Gnarls Barkley fékk Grammy-verðlaun bæði fyrir lagið og plötuna St. Elsewhere. Nú er önnur platan, The Odd Couple, komin út og þó að á henni sé fullt af flottri tónlist er ekkert lag líklegt til að ná sömu vinsældum og Crazy.


**GNARLS BARKLEY** Þeir Cee-Lo og Danger Mouse koma alltaf fram í búningum á tónleikum og klæða sig upp fyrir myndatökur. Hér er parið á leið upp að altarinu. Cee-Lo er í kjólnum.

### Hittust á tónleikaferð

Í Gnarls Barkley mætast upptökusnillingurinn Brian Burton frá New York, betur þekktur sem Danger Mouse, og rapparinn og söngvarinn Thomas Callaway frá Atlanta, öðru nafni Cee-Lo Green. Danger Mouse er þekktastur fyrir að hafa búið til plötuna The Grey Album sem blandaði saman The White Album Bítlanna og The Black Album Jay-Z og að hafa stjórnað upptökum á annarri Gorillaz-plötunni Demon Days. Cee-Lo var meðlimur í Atlanta-sveitinni Goodie Mob.

Þeir hittust árið 2003 þegar Cee-Lo var á hljómleikaferðalagi og Danger Mouse var plötusnúður kvöldsins. Ári eftir voru þeir farnir að búa til tónlist saman.

### Húmorinn lykilatriði

Tónlist Gnarls Barkley er nútímapopp með húmorískum undirtóni. Það má merkja áhrif meðal annars frá soul og sýrutónlist sjöunda áratugarins, tónlist spaghetti-vestranna, 70's poppi og tilraunakenndu hip-hoppi. Húmorinn er lykilatriði hjá sveitinni. Nafnið er útúrsnúningur á nafni körfuboltasnillingsins Charles Barkley. Aðrar hugmyndir að nafni fyrir sveitina voru meðal annars Bob Gnarley og Prince Gnarles... Gnarles Barkley kemur aldrei fram nema í búningum. Cee-Lo og Danger Mouse hafa meðal annars troðið upp klæddir sem tennisleikarar, skólastrákar, kokkar, flugþjónar, skylmingaþrælar og geimfarar og sem karakterar í Austin Powers, Galdrakarlinum frá Oz og Star Wars.

Það er skiptir líka höfuðmáli að skilja húmorinn í tónlistinni til að kunna að meta hana til fulls. Hún er sambland af nútíma, fortíð og framtíð, ódýrum hljómi og dýrum, flottum töktum og ýktum melódíum.

## Hvaða menn eru þetta?

**Ferill Cee-Lo:**

- Var meðlimur í Atlanta-rappsveitinni Goodie Mob sem var ásamt OutKast brautryðjandi í Suðurríkjarappinu á tíunda áratugnum.
- Var ásamt meðlimum OutKast, Organized Noize o.fl. í hip-hop súpergrúppunni Dungeon Family sem gaf út plötuna Even in Darkness (2001).
- Gaf út sólóplöturnar Cee-Lo Green & His Perfect Imperfections (2002) og Cee-Lo Green...Is The Soul Machine (2004).


**CEE-LO** Brautryðjandi í Suðurríkjarappinu á tíunda áratugnum.
NORDICPHOTOS/GETTY

**Ferill Danger Mouse:**

- Gerði 3 trip-hop plötur undir nafninu Pelican City á árunum 1999-2002.
- Gerði plötuna Ghetto Pop Life með rapparanum Gemini (2003).
- Gerði Grey Album (2004).
- Var með MF Doom í dúóinu Dangerdoom sem gerði plötuna The Mouse & The Mask (2005).
- Stjórnaði upptökum á Gorillaz-plötunni Demon Days (2005).
- Hefur undanfarið stjórnað upptökum á plötum, meðal annars með The Rapture, The Good, the Bad & the Queen og Martina Topley-Bird.


**DANGER MOUSE** Sló í gegn með The Grey Album fyrir fimm árum.
NORDICPHOTOS/GETTY

Perlur íslensku söngvaskáldanna í flutningi eftirfarandi listamanna:

LAY LOW • HÖGNI EGILSSON • SVAVAR KNÚTUR • ÞORSTEINN EINARSSON • EYÞÓR GUNNARSSON • ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR • STEFÁN HILMARSSON • SIGRÍÐUR, ELÍSABET OG ELÍN ELLEN EYÞÓRSDÆTUR • KK • EYÞÓR INGI EYÞÓRSSON

GUNNAR ÞÓRÐARSON, ÓLAFUR GAUKUR ÞÓRHALLSSON OG ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON verða gerðir að heiðursfélögum FTT við lok tónleikanna.

# BLÁU AUGUN ÞÍN

## PERLUR ÍSLENSKU SÖNGVASKÁLDANNA

### GUNNARS ÞÓRÐARSONAR, ÓLAFS GAUKS OG ÓLAFS HAUKS

ALDARFJÓRÐUNGSAFMÆLISTÓNLEIKAR FTT, FÉLAGS TÓNSKÁLDA OG TEXTAHÖFUNDA, Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI, FIMMTUDAGINN 17. APRÍL KL. 20.

Miðasala hefst í Íslensku óperunni og á midi.is kl. 10, laugardaginn 12. apríl. Miðaverð aðeins 2.900 kr.



HUGVERKASJÓÐUR ÍSLANDS • FÉLAG TÓNSKÁLDA OG TEXTAHÖFUNDA • TÓNSKÁLDASJÓÐUR 365

## > LOHAN FÆKKAR FÖTUM

Hollywood-stjarnan **Lindsay Lohan** ætlar að fækka fötum í nýrri kvikmynd. Með þessu vill hún láta taka sig alvarlega sem leikkonu. Framleiðendur myndarinnar Florence vildu að Lindsay kæmi fram berbrjósta í myndinni. Það kom þeim mikið á óvart þegar hún sagðist tilbúin að koma algjörlega nakin fram.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Ísland í 8. sæti í kosningu Eurovision

Niðurstöður úr kosningum meðal meðlima áhugamannasamtakanna OGAE, í hinum ýmsu löndum Evrópu, spýtast nú út. Í gegnum atkvæðagreiðslu raða liðsmenn Eurovision-lögum ársins í sæti, samkvæmt hinu hefðbundna Eurovision-kerfi. Vinsælasta lagið fær þannig 12 stig frá klúbbnum, það sem fær næstflest atkvæði hlýtur 10 og þar fram eftir götunum. Átta OGAE-klúbbar hafa nú kynnt niðurstöður sínar, en þar hefur Charlotte Perelli frá Svíþjóð afgerandi forystu. Hún trónir á toppnum með 87 stig, en á hæla hennar fylgir Paolo Meneguzzi fyrir Sviss – eins og hann gerði þegar einungis Spánn og Belgía höfðu kynnt niðurstöður sínar. Sex af átta klúbbum hafa gefið Perelli 12 stig, svo það er ekki nema von að hún hafi ágætis forskot.

Eurobandinu og Íslandi hefur hins vegar vegnað alveg hreint ágætlega í áhugamannakosningunum enn sem komið er. Í flestum tilvikum hefur lagið This Is My Life hlotið stig eða verið mjög skammt frá því. Það vermir sem stendur 8. sæti með 27 stig, en enn eru 17 lög atkvæðalaus með öllu.

Auk Svíþjóðar og Sviss skipa Armenía, Úkraína og Portúgal efstu fimm sætin á stigatöflunni.



**GOTT GENGI** Íslandi vegnar alveg hreint ágætlega í kosningum áhugamanna um Eurovision í Evrópu um bestu lögin, og vermir nú áttunda sætið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

EUROVISION **42 DAGAR TIL STEFNU**

# Fangar og súludansarar á listsýningum

**Sigríður Melrós Ólafsdóttir myndlistarkona sýnir verk sín á tveimur stöðum. Í Listasafni Árnesinga er að finna myndir hennar af föngum á Litla-Hrauni, en í Listasafni Reykjanesbæjar er súludansmærin Lísa í brennidepli.**

„Þetta er allt raunverulegt fólk,“ útskýrir Sigríður Melrós, sem tekur þátt í tveimur sýningum þessa dagana. Í Listasafni Árnesinga í Hveragerði má sjá afrakstur heimsóknar hennar á Litla-Hraun fyrir um ári síðan. „Ég byrjaði á því verkefni vegna sýningar sem ég tók þátt í í fyrra. Hún hét indigo, og það er dimmasti litur litrófsins. Ég fór að reyna að finna einhvern flöt á þessu dimma, nóttinni og fjarlægðinni, og þá komu fangar upp í hugann,“ útskýrir Sigríður, sem hélt því á Litla-Hraun. „Það var ofsalega gaman. Þeir tóku mjög vel á móti mér og voru alveg til í að vera fyrirsætur fyrir mig. Ég myndaði þá í bak og fyrir og vann svo myndir, dúkristur og tréristur. Það eru alveg um tuttugu, þrjátíu fangar sem rata á sýninguna,“ segir Sigríður.



**VINNUR MEÐ ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA** Sigríður Melrós Ólafsdóttir fjallar gjarnan um þjóðfélagshópa og hefur upp á síðkastið unnið með föngum af Litla-Hrauni og súludansmærinni Lísu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fyrirsætur hennar af Litla-Hrauni hafa sýnt mikinn áhuga á gangi mála, og sumir hverjir beðið um boðskort á sýningar. „Ég hef ekki fylgst með því hvort þeir hafa komið á sýningar, en það eru eflaust einhverjir. Þeir fá einhver leyfi og svo sitja þeir ekki allir inni lengur.“

Sigríður vinnur gjarnan með þjóðfélagshópa, og þegar hún hafði sagt skilið við fanga á Litla-Hrauni langaði hana helst að taka fyrir konur í kvennafangelsi. „Þær voru hins vegar ekki eins áhugasamar og karlarnir, svo þá þróaðist hugmyndin út í súludansmeyjar,“ útskýrir Sigríður. Hún segir það þó hafa reynst nokkuð erfitt að nálgast þann þjóðfélagshóp. „Ég fór á fund nokkurra dansmeyja, og þeim fannst þetta mjög framandi og skrýtið brölt á mér. Svo komst ég í samband við hana Lísu, súludansmey, indælis konu, og mér fannst hún svo áhugaverð að ég einbeitti mér bara að henni,“ segir hún. Lísa er reyndar dulnefni, þar sem súludansmærin vildi ekki láta nafns síns getið.

Myndirnar af Lísu má sjá á sýningunni Ljósmyndin, ímyndin, portrettið, í Listasafni Reykjanesbæjar. Myndir af föngunum má hins vegar sjá í Listasafni Árnesinga, á sýningunni Er okkar vænst? Leynilegt stefnumót í landslagi. Þar verður Sigríður Melrós með listamannaspjall næstkomandi sunnudag klukkan 15. Báðar sýningar standa til 4. maí. sunna@frettabladid.is



**SÚLUDANSMÆRIN LÍSA** Sigríður segir þær súludansmeyjar sem hún hitti hafa verið efins um samvinnu, þangað til hún hitti Lísu.






# *Syngur Barcelona í stuð*

Nýjasti diskur Sverris Bergmans, Bergmann, er væntanlegur í búðir eftir tvær vikur. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum var það knattspyrnukappinn Eiður Smári Guðjóhnsen hjá Barcelona sem kostar gerð hans og að sögn Sverris fær hann haug af eintökum á allra næstu dögum fyrir ómakið. Og því ekki ólíklegt að rödd Sverris fái að hljóma á æfingasvæði stórliðsins Barcelona þar sem snillingar á borð við Ronaldinho og Messi leika listir sínar. „Þeir eru nú alltaf með einhverja tónlist í eyrunum fyrir leiki sína og það eru þarna eitt eða tvö lög sem gætu komið þeim í rétta gírinn,“ segir Sverrir, sem gerði sér þó engar háleitar vonir um að eftirspurnin yrði gríðarleg frá stórstjörnum katalónska knattspyrnuveldisins. „Kannski að maður fái bara áritað eintak til baka,“ bætir Sverrir við.

En það er ekki bara plötuútgáfa sem á hug Sverris allan því hann hefur sett á laggirnar fyrirtæki til að halda utan um allt sitt hafurtask, söng, tölvuleikjaumfjöllun í sjónvarpi og ekki síst dans. En unnustan Sigrún Blomsterberg er meðal fremstu dansara þjóðarinnar. Sverrir útilokaði ekki að þau skötuhjú gætu hreinlega sett á laggirnar dansfyrirtæki enda er hann, að eigin sögn, alveg sæmilega fótafimur. - fgg



**NÝJASTI DANSKENNARINN** Sverrir Bergmann útilokar ekki að fara að kenna dans með unnustu sinni, Sigrúnu Blomsterberg.




# Hágæða háskólanám

## FERÐAMÁLAFRÆÐI

Áhersla á náttúru, menningu, upplifun, afþreyingu og rekstur.

Diplóma í ferðamálafræði ásamt
landvarðar- og staðarvarðarréttindum
Diplóma í viðburðastjórnun
BA í ferðamálafræði



## HESTAFRÆÐI OG REIÐMENNSKA

Áhersla á líffræði hestsins, tamningar, reiðmennsku og reiðkennslu.

Hestafræðingur og leiðbeinandi
Tamningamaður (diplóma)
Þjálfari og reiðkennari (diplóma)
Hestafræðingur (BS)
sameiginleg námsbraut með LbhÍ



## FISKELDISFRÆÐI SJÁVAR- OG VATNALÍFFRÆÐI

Áhersla á auðlindir vatns og sjávar, umhverfismál, líffræðilegar og tæknilegar hliðar fiskeldis.

Diplóma í fiskeldisfræði
BS í sjávar og vatnalíffræði
sameiginleg námsbraut með HÍ
MS í sjávar og vatnalíffræði



## ÖFLUGUR HÁSKÓLI Í ÖRUM VEXTI

Við erum sérhæfð. Sérhæfingu fylgja gæði. Við Háskólann á Hólum starfa úrvals kennarar og aðstaða til náms er frábær. Fjölbreytt störf að loknu námi í vaxandi atvinnugreinum.

**www.holar.is**
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 455 6300

HÓLASKÓLI • HÁSKÓLINN Á HÓLUM • FRÁ 1106

NÝTT Í BÍÓ!




BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS
REGNBOGINN 11. - 30. APRÍL
3 VIKUR 12 KVIKMYNDIR




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| 21 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| DEFINATELY MAYBE | kl. 5.30 - 8 | |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SHUTTER | kl. 10.30 | 16 |
| HORTON | kl. 3.30 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 6 - 9 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE OTHER BOYLEN GIRL | kl. 5.30 | 10 |
| THE KITE RUNNER | kl. 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AIR I BREATHE | kl. 6 | | 16 |
| WAR/DANCE (MYNDVARPI) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 7 |
| TROPA DE ELITE | kl. 8 - 10.20 | ENSKUR TEXTI | 16 |
| SURFWISE (MYNDVARPI) | kl. 6 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | |
| THE KING OF KONG | kl. 8 | ÍSLENSKUR TEXTI | |
| SAND AND SORROW (MYNDVARPI) | kl. 8 | ÓTEXTUÐ, ENSKT TAL | 16 |
| THE BAND´S VISIT | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | |
| BELLA | kl. 10 | ENSKUR TEXTI | |
| THE AGE OF IGNORANCE | kl. 6 | ENSKUR TEXTI | |
| BEAUFORT | kl. 8 | ENSKUR TEXTI | 14 |
| CARAMEL | kl. 10.20 | ENSKUR TEXTI | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| VANTAGE POINT | kl. 8 | 16 |
| THE ORPHANAGE | kl. 6 | 16 |
| THE EYE | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE RUINS | kl. 8 og 10 | 16 |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| THE EYE | kl. 8 og 10 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D (POWER-sýning) | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| RUINS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| FOOL´S GOLD | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 3:40 (3D) | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 6 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| STEP UP 2 | kl. 3:40 | 7 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| SHINE A LIGHT DIGITAL | kl. (5:30D uppselt) - 8D - 10:30D | L |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| JUNO | kl. 6 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 | 10 |
| THE EYE | kl. 10:10 | 10 |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 21 | kl. 8 - 10 | |
| FOOL´S GOLD | kl. 6 - 8 | |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 - 10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 (POWER-sýning) | 12 |
| STÓRA PLANIÐ | kl. 6 | 10 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | L |
| SHUTTER | kl. 10:10 | 16 |

DIGITAL

# Hlustendaverðlaunin aldrei flottari

„Þetta kostar margar milljónir,“ segir Brynjar Már Valdimarsson, tónlistarstjóri FM957. Hinn 3. maí verða Hlustendaverðlaun FM957 veitt við hátíðlega athöfn í Háskólabíói. „Þetta verða flottustu hlustendaverðlaun hingað til. Ef allt heppnast verður þetta „mind-blowing“,“ segir Brynjar en starfsmenn FM957 vinna baki brotnu að því að gera þennan viðburð að veruleika, í samvinnu við Sagafilm.

Afhending Hlustendaverðlaunanna verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 og er það í fyrsta sinn sem það er gert. „Þetta byrjar á rauða dreglinum, þremur korterum fyrir útsendingu á Stöð 2 extra. Þá verður stiklað á stóru með tónlistarmönnum landsins. Hátíðin sjálf hefst svo formlega klukkan 21.30 í beinni á Stöð 2.“



**STUÐ** Hlustendaverðlaun FM957 eiga að toppa öll fyrri ár.

Brynjar segir að öll stærstu nöfnin í íslenskri tónlist komi fram á hátíðinni. „Svo munu flestar skærustu sjónvarpsstjörnur landsins sjá um að kynna og veita verðlaun,“ segir Brynjar.

Stóri salurinn í Háskólabíói rúmar 970 manns. Miðasala hófst á miðvikudag og fer vel af stað. „Síðan munum við gefa hlustendum miða í bestu sætin.“

Að hátíðinni lokinni verður svo partí fyrir tónlistarmennina og aðstandendur hátíðarinnar. Það verður ekki í beinni útsendingu þó. „Nei, sem betur fer,“ segir Brynjar og hlær. **- shs**

# Bíósukk Græna ljóssins

**Bíódagar Græna ljóssins hefjast í dag. Framkvæmdastjórinn lofar glæsilegri veislu þar sem gæðin eru tekin fram yfir magnið.**

Að sögn Ísleifs B. Þórhallssonar, framkvæmdastjóra Græna ljóssins, er ekkert eitt þema í gangi. „Við settum okkur það viðmið að velja þær myndir sem okkur finnst góðar og tökum fram allt það besta sem við eigum í fórum okkar,“ segir Ísleifur. Hann bendir hins vegar á að heimildarmyndirnar séu fyrirferðarmiklar en engin þeirra fjalli þó um stríðin í Írak né Afganistan sem hafa verið áberandi á kvikmyndahátíðum undanfarin ár.

Opnunarmyndin er brasilíska kvikmyndin Tropa De Elite. Myndin lýsir störfum sérsveitar lögreglunnar á strætum Rio de Janeiro sem hefur það eitt að markmiði að útrýma eiturlyfjabarónum, þjófum og spilltum löggum af götum borgarinnar. Hún er byggð á sögu tveggja meðlima þessarar sveitar og segir Ísleifur að Tropa De Elite gefi hinni stórkostlegu Cide de Deus ekkert eftir. „Þetta er í raun hin hliðin. Þessir náungar eru lítið fyrir að handtaka hina grunuðu, setja þá í járn og kynna þeim réttindi sín heldur eru sakamennirnir bara skotnir á staðnum án dóms og laga,“ útskýrir Ísleifur en Tropa De Elite fékk Gullbjörninn í Berlín.



**BÝÐUR Í VEISLU** Ísleifur B. Þórhallsson og félagar hjá Græna ljósinu standa fyrir Bíódögum í Regnboganum.

Af öðrum myndum nefnir Ísleifur heimildarmyndina Surfwise sem hann telur að eigi eftir að koma mörgum á óvart. Myndin fylgir eftir ferðalagi læknisins „Doc“ Paskowitz um Bandaríkin á sjöunda áratug síðustu aldar. Paskowitz ákvað að segja skilið við læknavísindin, kaupa sér húsbíl og fara með fjölskylduna sína í ferðalag um heimalandið. Hann sá til þess sjálfur að börnin fengju menntun og hafði ákaflega sérstakar skoðanir á heilbrigði og kynlífi en Paskowitz eignaðist alls níu börn sem öll bjuggu í húsbílnum. Brimbretti áttu þó hug hans allan og milli þess að keyra um götur Bandaríkjanna og kenna börnunum sínum um landsins gagn og nauðsynjar var tíman um eytt í að leita að réttu öldunni. Af öðrum myndum nefnir Ísleifur ísraelsku kvikmyndina The Band‘s Visit og heimildarmyndina King of Kong. **- fgg**

# Gamlir menn í góðum gír

**KVIKMYNDIR**

**Shine a Light**

Leikstjóri: Martin Scorsese

★★★★

Frábær tónleikamynd um frábæra hljómsveit.

Þær eru fáar myndirnar í ár sem ég hef beðið með jafn mikilli eftirvæntingu og mynd meistara Martin Scorsese um hljómsveitina góðkunnu Rolling Stones. Þær eru ekki margar heimildarmyndirnar um hljómsveitina og stendur hin frábæra Gimme Shelter einna helst upp úr, en í henni er fjallað um tónleikaferð hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum árið 1969 og þá atburði sem áttu sér stað í ferðinni. Gegnum árin hafa verið gefnir út tónleikar með Stones á DVD sem hafa tekist misvel; The Bridges to Babylon sem var tekin á ferðalagi þeirra ’97-’98 var afslök vegna lélegrar myndatöku og núna síðast The Biggest Bang sem heppnaðist afar vel þar sem þeir spiluðu fyrir eina og hálfa milljón áhorfenda í Ríó.

Í sjálfu sér er Shine a Light ekki mikil heimildarmynd því Scorsese fjallar lítið sem ekkert um hljómsveitina að undanskildum 20 mínútum þar sem gömul viðtöl eru sýnd. Gaman hefði verið að sjá Scorsese fjalla meira um sögu hljómsveitarinnar, en það bíður betri tíma. Myndin er nefnilega meira tónleikamynd en nokkurn tímann heimildarmynd. Í byrjun myndarinnar má fylgjast með þeirri ringulreið sem fylgir tónleikahaldinu og þeim lúxus sem fylgir því að vera sinn eigin herra og geta slegið slöku við fyrir stóra tónleika.

Þrátt fyrir það þá standa Stones fyrir sínu; opnunarlag tónleikanna er Jumpin’ Jack Flash sem setur þvílíka eðal stemningu sem heldur áfram með Shattered. Áfram heldur fjörið með gestum á borð við Jack White úr The White Stripes, Buddy Guy og Christina Aguilera. Stemningin nær hápunkti með Sympathy for the Devil, Start Me Up og Brown Sugar. Alla tónleikana er ekki slegið slöku við og þeytist Mick Jagger út um allt sviðið eins og honum er einum lagið.

Myndataka myndarinnar er undantekningarlaust sú besta sem sést hefur í tónleikamynd. Scorsese hefur með sér í liði Robert Richardson, tvöfaldan



Óskarsverðlaunahafa sem sér um yfirstjórn myndatökunnar og leiðir teymi sem hefur hlotið þrenn Óskarsverðlaun og sex tilnefningar.

Áralangri eftirvæntingu um það hvort Rolling Stones muni einhvern tímann koma hingað til Íslands, meðan hljómsveitin rokkar sig inn í ellina, er að vissu leyti svarað. Það er dálítið langsótt að bera saman tónleika og tónleikamynd en þessi glimrandi stemning sem skapast á tjaldinu er betri en ég hef upplifað á tónleikum hérlendis. Ég mæli með að sem flestir grípi tækifærið til að sjá Rolling Stones (og það á viðráðanlegu verði) á tónleikum í Shine a Light. Áhorfendur sem og hörðustu aðdáendur verða ekki sviknir af þessari frábæru mynd.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**



**SOUNDSPELL** Bar sigur úr býtum í alþjóðlegri lagakeppni.

# Soundspell vann keppni

Hljómsveitin Soundspell frá Sandgerði gerði sér lítið fyrir og vann alþjóðlegu sönglagakeppnina International songwriting contest, en keppnin er ein sú stærsta sinnar tegundar í heimi. Það var lagið Pound sem skilaði drengjunum þessum verðlaunum og kepptu þeir við helstu undrabörn tónlistarheimsins en flest þeirra starfa eingöngu við tónlist. Meðlimir Soundspell eru hins vegar allir í námi og sinna tónlistinni samhliða því. Dómnefndin í keppninni var heldur ekki af verri endanum því hana skipuðu menn á borð við Jerry Lee Lewis, Tom Waits, Frank Black úr Pixies og Robert Smith úr The Cure.

Verðlaunin eru heldur en ekki af verri endanum, meðal annars fimm vikna skólavist í sumar í Berklee-tónlistarskólanum í Boston. - shs

# Hringnum lokað í kvöld

Hljómsveitirnar Dr. Spock, Sign og Benny Crespo‘s Gang koma fram á Nasa við Austurvöll í kvöld. Eru þetta síðustu tónleikarnir í hringferð þeirra um landið á vegum Rásar 2. Sérstakir gestir tónleikanna í kvöld verða strákarnir í Jan Mayen. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og eru í beinni útsendingu á Rás 2.



**DR. SPOCK** Rokkar á Nasa í kvöld.







## > Landa Haukarnir titlinum í kvöld?

Lið Hauka getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í N1-deild karla í handbolta með sigri gegn Fram að Ásvöllum í kvöld en leikurinn hefst kl. 19.15. Haukar eru sem stendur með 38 stig þegar fimm leikir eru eftir í N1-deildinni og með sigri geta þeir náð tíu stiga forskoti á HK og Fram. Fram gæti þá ekki náð þeim að stigum og HK gæti í besta falli fengið jafn mörg stig en þar sem Haukarnir hafa nú þegar unnið þrjá af fjórum leikjum sínum gegn HK í vetur myndu þeir vera með betri innbyrðisstöðu og þar af leiðandi vinna deildina.



# sport

sport@frettabladid.is

ÍR-INGURINN SVEINBJÖRN CLAEESEN: HEFUR HITT ÚR 67 PRÓSENTUM SKOTA SINNA Í ÚRSLITAKEPPNINNI

## *Við erum með tvo hrikalega hákarla í liðinu*

ÍR-ingurinn Sveinbjörn Claessen hefur spilað einstaklega vel í úrslitakeppninni. Sveinbjörn hefur skorað ellefu stig eða meira í öllum fimm leikjum ÍR-inga, er með 14,2 stig að meðaltali í leik og hefur hitt úr tveimur þriðju skota sinna, þar af 7 af 9 skotum fyrir utan þriggja stiga línuna. Sveinbjörn skoraði 19 stig í 17 stiga sigri ÍR á Keflavík í öðrum leiknum sem er persónulegt met hjá honum í úrslitakeppni.

„Þetta er ofboðslega gaman og við erum að spila flottan körfubolta eins og staðan er í dag. Ef við horfum á stigatöfluna sést að allt liðið er að leggja sitt af mörkum og við erum með gott lið. Við höfum verið að byggja liðið markvisst upp í allan vetur og nú erum við vonandi að uppskera,“ segir Sveinbjörn en ÍR vann aðeins 10 af 22 leikjum sínum í deildinni og endaði í 7. sætinu. ÍR-ingar hafa hins vegar unnið 4 af fyrstu 5 leikjum sínum í úrslitakeppninni og eru nú einum sigri frá lokaúrslitunum.



„Við erum með tvo hrikalega hákarla í liðinu í þeim Hreggviði og Nate og svo erum við hinir tilbúnir þegar við fáum okkar færi. Þeir tveir eru leiðtogarnir,“ segir Sveinbjörn en þeir Nate og Hreggviður hafa spilað frábærlega í úrslitakeppninni, Hreggviður hefur skorað 17,4 stig að meðaltali í leik og Nate er með 15,8 stig og 10,2 stoðsendingar að meðaltali í fimm fyrstu leikjum úrslitakeppninnar.

„Þetta lítur vel út hjá okkur en þetta er hvergi nærri búið því að við þurfum að vinna þrjá leiki. Næsti leikur er í Keflavík og við vitum að þeir eiga eftir að mæta dýrvitlausir í þann leik. Við ætlum að gera það líka og ég sé heldur ekki ástæðu til annars því við viljum klára þetta í þremur leikjum,“ sagði Sveinbjörn en þriðji leikurinn er einmitt í Keflavík klukkan 19.15 í kvöld. Deildarmeistarar Keflavíkur verða að vinna því annars eru þeir komnir í sumarfrí.



**BJARNI ÞORSTEINSSON** Mun eflaust styrkja lið Þróttar mikið.

Bjarni Þorsteinsson:

## Leikur með Þrótti í sumar

**FÓTBOLTI** Bjarni Þorsteinsson, fyrrverandi landsliðsmaður, hefur rifið skóna fram úr hillunni á nýjan leik og ætlar að leika með Þrótturum í Landsbankadeildinni í sumar. Frá þessu var greint á heimasíðu Þróttar í gær.

Bjarni, sem er 31 árs gamall, er uppalinn hjá KR og lék þar lengst af sínum ferli. Hann fór utan til Þýskalands árið 1999 og gekk svo í raðir norska liðsins Molde 2001.

Bjarni lék síðast alvöru fótbolta sumarið 2006 en gat þá lítið spilað vegna meiðsla. Hann tók sér í kjölfarið frí frá knattspyrnu.

Gylfi Gylfason:

## Líklega áfram í Þýskalandi

**HANDBOLTI Gylfi Gylfason á frekar von á því að vera áfram í Þýskalandi á næstu leiktíð en útilokar þó ekki að koma heim í sumar.**

**Félag Gylfa, Wilhelmshaven, er í harðri botnbaráttu í þýsku úrvalsdeildinni og situr í neðsta sæti sem stendur. Reyndar eru aðeins tvö stig í lið sem er ekki í fallsæti. Samningur Gylfa við félagið rennur út í sumar og framhaldið verður ekkert skoðað fyrr en í lok tímabils.**

**„Við sjáum hvað setur. Þess utan hef ég heyrt í nokkrum úrvalsdeildarliðum en veit samt ekki hversu mikinn áhuga þau hafa á mér. Það skýrist síðar. Ég mun fara vel yfir málin í lok leiktíðar og ef ekkert gott kemur upp þá gæti vel farið svo að ég komi bara heim,“ sagði Gylfi, sem hefur spilað í Þýskalandi síðustu átta ár en hann er þrítugur að aldri.** - hbg

Félagaskipti í handboltanum:

## Fannar fór í Stjörnuna

**HANDBOLTI** Fannar Þorbjörnsson hefur ákveðið að spila með Stjörnunni næsta vetur. Hann hefur undanfarin ár leikið með Fredericia á Jótlandi.

Magnús Kári Jónsson var svo ráðinn þjálfari kvennaliðs Gróttu í gær til næstu þriggja ára. - hbg

# Hlynur fór hamförum í Fjárhúsinu

**Hlynur Bæringsson náði tröllatvennu í Hólminum í gærkvöldi og Snæfellingar komu til baka eftir slæma byrjun. Snæfell vann 79-71 og er nú aðeins einum sigri frá því að komast í úrslitarimmuna.**

**KÖRFUBOLTI** Snæfellingar unnu sinn fjórða leik í röð í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla með 79-71 sigri á Grindavík í Stykkishólmi í gærkvöldi. Snæfell er þar með 2-0 yfir í undanúrslitaeinvígi liðanna og þarf aðeins einn sigur til viðbótar til að tryggja sér sæti í lokaúrslitum í þriðja sinn.

Grindvíkingar byrjuðu leikinn vel, skoruðu 14 stig úr hraðaupphlaupum í fyrsta leikhlutanum og leiddu 25-14 eftir hann. Smám saman tókst Snæfellingum hins vegar að hægja á leiknum og hægt og rólega tóku þeir völdin. Snæfell skoraði síðan 16 af fyrstu 23 stigum seinni hálfleiks og náðu frumkvæðinu, sem þeir héldu út leikinn og unnu sannfærandi sigur.

### Hver að bauka í svona horni

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var niðurlútur eftir leik enda var furðulegt að sjá Grindavíkurliðið koðna niður eftir frábæra byrjun. „Við spiluðum ágætlega fyrstu tíu mínúturnar og vorum þá í ökumannssætinu en svo verður þetta bara andlaust hjá okkur, hver fer að bauka í sínu horni og þá erum við bara ekki góðir. Menn þurfa að vera stemmdir, menn þurfa að vinna saman og það þarf að ljóma af mönnum. Það var fínt í fyrri hálfleik en síðan var það ekki til í seinni hálfleik. Ég veit ekki hvort okkur hungrar ekki nóg í titil en það virðist vera meira hungur í þeim en okkur,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur.

„Við erum komnir með bakið upp við vegg og tímabilið er bara búið ef við töpum á heimavelli á laugardaginn. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að menn vilji láta skjóta sér út 3-0. Nú þurfum við bara að hugsa um að vinna þennan eina leik og þetta er bara eini leikurinn í heiminum. Við þurfum að klára hann með stæl en við þurfum að breyta miklu til þess að það gerist,“ sagði Friðrik.



**STÓRLEIKUR** Hlynur Bæringsson fór hamförum í gær. Skoraði 20 stig, tók 21 fráköst og varði 7 skot. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Þeir drepa okkur ef þeir hitta

Hlynur Bæringsson átti frábæran leik í liði Snæfells og fór að þessu sinni létt með Bandaríkjamanninn Jamaal Willimas. „Þetta leit ekki vel út í byrjun því þeir voru að setja mjög erfið þriggja stiga skot beint í grillið á okkur og voru líka að skora úr hraðaupphlaupum. Það er leiðin til þess að skora hjá okkur og við viljum að það sé leiðin til þess að skora hjá okkur. Ef þú gerir það þá kemstu tíu stigum yfir. Mér fannst við ekki vera svo slakir þó að við höfum lent undir,“ sagði Hlynur, sem segir Snæfellsliðið leggja áherslu á að loka á þriggja stiga skyttur Grindavíkur.

„Ég held að ég hafi ekki séð eitt einasta galopið þriggja stiga skot hjá þeim í kvöld og það er eins gott því að við vitum það að ef þessir menn hitna eru þeir búnir að drepa okkur eins og sást í byrjun,“ sagði Hlynur.

| SNÆFELL-GRINDAV. 79-71 |
| --- |
| **Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 20 (21 frák.), Justin Shouse 16, Sigurður Þorvaldsson 14, Anders Katholm 13, Slobodan Subasic 5, Magni Hafsteinsson 5, Jón Ólafur Jónsson 3, Árni Ásgeirsson 3. |
| **Stig Grindavíkur:** Adama Darboe 16, Páll Kristinsson 13, Páll Axel Vilbergsson 13, Jamaal Williams 10 (12 frák.), Þorleifur Ólafsson 8, Igor Beljanski 6, Helgi Jónas Guðfinsson 5. |

Hlynur lenti í vandræðum með Jamaal Williams í fyrsta leiknum en í gær hélt hann honum í 10 stigum og 33 prósenta skotnýtingu.

„Ég reyndi að skoða hann vel og þjálfarinn hjálpaði mér með það hvernig væri best að dekka hann. Ég fékk líka góða hjálp,“ sagði Hlynur, sem náði tröllatvennu í gær, skoraði 20 stig, tók 21 frákast og varði 7 skot.

„Það er sjaldgæft að ná að verja sjö skot og ég man að einu sinni blokkaði ég sjö skot yfir allt árið. Þetta var bara ágætt hjá mér í dag og skiptir mestu að ég var að standa mig eitthvað betur en í vörninni í síðasta leik. Jamaal var þá alltaf að komast of nálægt körfunni og ég varð bara að bæta það. Þetta lítur mjög vel út en við erum bara hálfnaðir að okkar takmarki í ár,“ sagði Hlynur.

### Slokknaði á Grindavík

Hlynur átti stórleik hjá Snæfelli, Sigurður Þorvaldsson og Anders Katholm léku mjög vel eins og í fyrsta leiknum og liðið fann ekkert fyrir því þótt að Justin Shouse ætti leik undir meðallagi og tapaði meðal annars 7 boltum.

Adama Darboe og Páll Axel Vilbergsson fóru mikinn í upphafi leiks og voru með 17 stig og 78 prósent skotnýtingu í fyrsta leikhluta en voru síðan aðeins með 12 stig og náðu aðeins 11 skotum á körfuna það sem eftir var leiks. Þorleifur Ólafsson fann heldur ekki körfuna eins og í fyrsta leiknum og munar um minna.

ooj@frettabladid.is



**STEMNING** Hann var þétt setinn bekkurinn í Hólminum í gær og leikmenn Snæfells þökkuðu áhorfendum fyrir stuðninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FLJÓTUR** Hinn magnaði bakvörður Snæfells, Justin Shouse, keyrir hér framhjá Grindavíkurvörninni í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# R.SIGMUNDSSON

## SPORT

**Báta- og tjaldvagnadagar**
**12.—19. apríl**



**Theri Vario**
**frá 690.000 kr.**



**Theri 385**
**frá 210.000 kr.**



**Slöngubátar**
**frá 99.500 kr.**



**Bayliner F-17 með mótor og kerru**
**frá 3.350.000 kr.**




**Utanborðsmótorar**
**frá 2,5 til 300 hö.**



**Combi Camp tjaldvagnar**
**frá 721.000 kr.**

**Opið laugardaginn 12. apríl**
**frá 10.00-16.00**

R. SIGMUNDSSON

R.SIGMUNDSSON ehf. | Klettagörðum 25 | 104 Reykjavík | S: 520 0000 | F: 520 0020 | rs@rs.is | www.rsigmundsson.is

Gary Neville, Man. Utd:

## Frábært að vera kominn aftur

**FÓTBOLTI** Gary Neville, varnarmaður Manchester United, kom loksins við sögu hjá liðinu í leik gegn Roma í fyrrakvöld eftir að hafa verið meira og minna frá vegna meiðsla í rúmt ár.

„Það er frábært að vera kominn aftur á fullt með liðinu og ánægjulegt að geta tekið þátt í að ná jafn góðum úrslitum og raun ber vitni gegn Roma,“ sagði Neville, sem á von á skemmtilegum leikjum gegn Barcelona.

„Bæði liðin vilja spila sóknarbolta þar sem leikmenn á heimsmælikvarða stýra sýningunni,“ sagði Neville kátur. - óþ

N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 11. apríl
Valur - FH
Vodafone höllin kl. 20.00

N1 DEILD KARLA
Föstudagur 11. apríl
Haukar - Fram
Ásvellir kl. 19.15

# Setti glæsilegt stoðsendingamet

**Hertoginn í ÍR-liðinu, Nate Brown, tók aðeins fjögur skot í sigrinum á Keflavík en var engu að síður maður leiksins enda gaf hann 18 stoðsendingar og komst í metabækurnar.**

**KÖRFUBOLTI** ÍR-ingurinn Nate Brown komst í metabækurnar á miðvikudagskvöldið þegar hann bætti níu ára met Warrens Peebles með því að gefa 18 stoðsendingar í 94-77 sigri ÍR á deildarmeisturum Keflavíkur.

Það merkilega var að hann skaut aðeins fjórum sinnum á körfuna og tapaði boltanum bara tvisvar sinnum í leiknum og einbeitti sér að því að spila góða vörn og stjórna leik síns liðs. Það sýnir líka hversu mikið hann var að sprengja upp Keflavíkurvörnina að aðeins ein af þessum átján stoðsendingum var fyrir þriggja stiga skot, sem eru jafnan auðveldustu sendingarnar að gefa.

Nate Brown hefur leikið stórkostlega í úrslitakeppninni og hefur alls gefið 51 stoðsendingu á félaga sína í 5 leikjum sem gera 10,2 stoðsendingar að meðaltali í leik. Hann var einnig sá leikmaður sem gaf flestar stoðsendingar í leik í deildarkeppninni, 108 í 14 leikjum eða 7,7 að meðaltali í leik

Warren Peebles setti sitt met í tapi Grindavíkur í Keflavíkur í þríframlengdum undanúrslitaleik liðanna 9. apríl 1999 en að auki var hann með 31 stig og 10 fráköst í leiknum.

Nate bætti því líka met þeirra Anthony Q. Jones og félaga síns Eiríks Önundarsonar sem voru þeir tveir leikmenn sem höfðu átt flestar stoðsendingar í venjulegum leiktíma, Eiríkur gegn Keflavík í átta liða úrslitum 2003 og Anthony í átta liða úrslitum árið eftir.

Nate Brown varð enn fremur aðeins annar leikmaðurinn í sögu Íslandsmótsins til þess að gefa svo margar stoðsendingar í einum leik því KR-ingurinn David Edwards gaf einnig 18 stoðsendingar gegn ÍR í deildarleik 8. desember 1996.

Nate gaf sex af þessum stoðsendingum fyrir hraðaupphlaupskörfur og aðrar sex fyrir körfur skoraðar inni í teig. Hinar sex gaf hann á leikmenn sem skoruðu með skotum fyrir utan teig (5) eða úr þriggja stiga skoti (1). ooj@frettabladid.is

### FLESTAR STOÐSENDINGAR Í LEIK Í ÚRSLITAKEPPNI

| | |
|---|---|
| 18 | Nate Brown, ÍR (gegn Keflavík, 9. apríl 2008) |
| 16 | Warren Peebles, Grindavík (gegn Keflavík, 2. apríl 1999) |
| 15 | Anthony Q. Jones, Grindavík (gegn KR, 14. mars 2004) |
| 15 | Eiríkur Önundarson, ÍR (gegn Keflavík, 16. mars 2003) |
| 15 | Tyson Patterson, Grindavík (gegn Keflavík, 4. apríl 2002) |
| 14 | Damon Johnson, Keflavík (gegn ÍR, 14. mars 2003) |
| 14 | Friðrik Ragnarsson, Njarðvík (gegn Keflavík 29. mars 1998) |
| 14 | Friðrik Ragnarsson, Njarðvík (gegn Keflavík 7. apríl 1998) |
| 14 | Jón Arnar Ingvarsson, Haukum (gegn Njarðvík, 10. mars 1997) |
| 14 | Jón Kr. Gíslason, Grindavík (gegn Skallagrími, 9. mars 1997) |



**18 STOÐSENDINGAR** Nate Brown var frábær gegn Keflavík þrátt fyrir að skora bara 7 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### STOÐSENDINGAR NATE BROWN GEGN KEFLAVÍK

**1. leikhluti** **5 stoðsendinngar**
Á Eirík í hraðaupphlaupi
Á Sveinbjörn í hraðaupphlaupi
Á Hreggvið inni í teig
Á Sani fyrir utan teig
Á Sani inni í teig

**2. leikhluti** **4 stoðsendingar**
Á Steinar í hraðaupphlaupi
Á Steinar í 3ja stiga skoti
Á Hreggvið í hraðaupphlaupi
Á Sveinbjörn í hraðaupphlaupi

**3. leikhluti** **4 stoðsendingar**
Á Sani inni í teig
Á Sani inni í hraðaupphlaupi
Á Ómar inni í teig
Á Hreggvið inni í teig

**4. leikhluti** **5 stoðsendingar**
Á Steinar fyrir utan teig
Á Ólaf fyrir utan teig
Á Ólaf fyrir utan teig
Á Sani inni í teig
Á Elvar fyrir utan teig

**Þessir fengu stoðsendingu:**

| | |
|---|---|
| Tahirou Sani | 5 |
| Steinar Arason | 3 |
| Hreggviður Magnússon | 3 |
| Ólafur Jónas Sigurðsson | 2 |
| Sveinbjörn Claessen | 2 |
| Ómar Sævarsson | 1 |
| Eiríkur Öndunarson | 1 |
| Elvar Guðmundsson | 1 |



NORDIC KARATE CHAMPIONSHIP, SATURDAY APRIL 12TH 2008, REYKJAVÍK, ICELAND

NORÐURLANDAMÓTIÐ Í KARATE 2008

LAUGARDAGINN 12. APRÍL Í LAUGARDALSHÖLL KL. 10.00

KEPPT VERÐUR Í KATA OG KUMITE
KEPPENDUR FRÁ: DANMÖRKU, EISTLANDI, FINNLANDI, ÍSLANDI, NOREGI OG SVÍÞJÓÐ

LIÐ ÍSLANDS Í KATA UNDIR STJÓRN HELGA JÓHANNESSONAR SKIPA:
MAGNÚS KR. EYJÓLFSSON
PATHIPAN KRISTJÁNSSON
TÓMAS LEE RÓBERTSSON
ÁSA KATRÍN BJARNADÓTTIR
HEKLA HELGADÓTTIR
RAGNA KJARTANSDÓTTIR

LIÐ ÍSLANDS Í KUMITE UNDIR STJÓRN JÓNS INGA ÞORVALDSSONAR SKIPA:
ANDRI SVEINSSON, -80 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ
ARI SVERRISSON, -75 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ
GUÐBJARTUR ÍSAK ÁSGEIRSSON, -70 KG OG LIÐ
KRISTJÁN Ó. DAVÍÐSSON, -70 KG OG LIÐ
GUÐRÚN ÓSKARSDÓTTIR, +60 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ
HELENA MONTAZERI, -60 KG, OPINN FLOKKUR OG LIÐ
BJÖRG JÓNSDÓTTIR, LIÐ

KARATESAMBAND ÍSLANDS





**KARREN BRADY OG DAVID SULLIVAN** Eru grunuð um fjár- og bókhaldssvindl og voru handtekin og færð til yfirheyrslu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Lögreglan réðst til atlögu í Birmingham:

## Tveir hæstráðendur hjá Birmingham handteknir

**FÓTBOLTI** Lögreglan í Birmingham handtók og færði til yfirheyrslu tvo af hæstráðendum knattspyrnufélagsins Birmingham City í gær. Það eru annars vegar meðeigandinn David Sullivan og rekstrarstjórinn Karren Brady hins vegar. Þau mættu bæði til yfirheyrslu en var sleppt að þeim loknum.

Málið tengist víðtækri rannsókn lögreglunnar á spillingu í knattspyrnuheiminum. Þetta sérstaka atvik er talið tengjast greiðslum til umboðsmanns og tveggja leikmanna sem ekki voru nafngreindir. Parið er talið hafa gerst sekt um fjársvik og bókhaldssvindl.

Félagið bað í kjölfarið um að hlutabréf félagsins yrðu fryst tímabundið. Það tók einnig skýrt fram að það væri meira en viljugt til þess að vinna með lögreglunni að framgangi málsins. Í yfirlýsingu Birmingham er enn fremur sagt að enginn stjórnarmaður né félagið hafi grætt á þeim viðskiptum sem verið væri að rannsaka.

Lögreglan leitar víða fanga í spillingarmálinu en það er ekki nema mánuður síðan lögreglan ruddist inn til Portsmouth og leitaði í bókhaldi þess. Í kjölfarið voru Harry Redknapp knattspyrnustjóri, Milan Mandaric, fyrrverandi stjórnarmaður, og Peter Storrie framkvæmdastjóri handteknir og færðir til yfirheyrslu. - hbg


TAKMARKAÐ
MAGN
RÝMINGARSALA Á FARTÖLVUM • SÝNINGARVÉLAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR VÉLAR
HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • EINSTAKT VERÐ ALLT AÐ 80.000 KR AFSLÁTTUR
ENN MEIRI LÆKKUN Í DAG EN Í GÆR
FRÁ 3.026 KR Á MÁNUÐI
20.000 LÆKKUN 4 STK
FRÁ 3.643 KR Á MÁNUÐI
30.000 LÆKKUN 1 STK
ACER TRAVELMATE 5623WSMI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, skrifari, Windows Vista Business
1 STK REYKJAVÍK
109.900
FRÁ 4.261 KR Á MÁNUÐI
80.000 LÆKKUN 1 STK
ACER ASPIRE 9424WSMI
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK
129.900
LÆKKUN 1 STK
SONY VAIO AR41L
1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi, 2GB DDR minni, 160GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 128MB DDR Geforce 8400 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK
139.900
FRÁ 3.643 KR Á MÁNUÐI
20.000 LÆKKUN 4 STK
FRÁ 4.724 KR Á MÁNUÐI
35.000 LÆKKUN 3 STK
ACER ASPIRE 7720G-602G32MN
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi, 2GB DDR2 minni, 320GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 256MB DDR Geforce 8400 skjákort, skrifari, Windows Vista Home Premium
1 STK REYKJAVÍK, 1 STK AKUREYRI, 1 STK KEFLAVÍK
144.900
FRÁ 5.033 KR Á MÁNUÐI
35.000 LÆKKUN 3 STK
ACER ASPIRE 9813WKMI
1.6GHz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi, 1GB DDR2 minni, 120GB harður diskur, 20.1" WideScreen skjár, 256MB DDR GeforceGo7600skjákort, skrifari, WindowsVistaHomePremium
3 STK REYKJAVÍK
154.900
Á MÁNUÐI
4 STK
ACER ASPIRE 7720G-603G50BN
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500 örgjörvi, 3GB DDR2 minni, 500GB harður diskur, 17" WideScreen skjár, 512MB DDR Geforce Go 8600, Blu-ray drif, Windows Vista Home Premium
2 STK REYKJAVÍK, 1 STK AKUREYRI, 1 STK KEFLAVÍK
159.900
Athugið að vörum af útisölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útisölu • Birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur • Sýningavélar og lítið útlitsgallaðar vélar • Rýmingarsalan er aðeins í verlsunum okkar í Reykjavik, Akureyri og Keflavík *Upphæðin á TL láni er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,5%. breytilegir
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | SELFOSS • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | HAFNARFJÖRÐUR • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

# Skemmtileg ferðamannaborg með strönd og öllu tilheyrandi

**Árni Gautur Arason kann vel við sig hjá Thanda Royal Zulu í Durban í Suður-Afríku og vonast til þess að leggja sitt af mörkum til þess að bjarga félaginu frá falli. Hann er samningsbundinn þar til loka maí og stefnir á að spila áfram erlendis en kveður allt óráðið eftir það. Hann gefur enn kost á sér í landsliðið.**

**FÓTBOLTI** Markverðinum Árna Gaut Arasyni líkar lífið í Suður-Afríku en hann spilar sinn fyrsta deildarleik með Thanda Royal Zulu um helgina. Hann hefur þó ekkert ákveðið hvað hann gerir þegar tímabilinu lýkur í lok maí.

Árni Gautur yfirgaf norska félagið Vålerenga í lok nóvember á síðasta ári og var þá í kjölfarið orðaður við fjölmörg félög í efstu deildunum á Norðurlöndum en ákvað hins vegar skrifa undir skammtímasamning til loka maí við Thanda Royal Zulu, sem leikur í úrvalsdeildinni í Suður-Afríku.

### Bróðir Eriksson er aðstoðarþjálfari liðsins

„Umboðsmaðurinn Ólafur Garðarsson lét mig vita af þessu dæmi en hann var í sambandi við sænskan umboðsmann sem þekkir til sænskra eigenda Thanda Royal Zulu. Johan Eriksson, bróðir Sven-Göran Eriksson stjóra Manchester City, er aðstoðarþjálfari liðsins og hugmyndin er held ég sú að Thanda Royal Zulu verði að hluta til eins konar uppeldisfélag fyrir City í framtíðinni,“ sagði Árni Gautur en honum líst vel á aðstæður hjá félaginu.

„Þetta hefur allt verið til fyrirmyndar hingað til hjá Thanda Royal Zulu og ég er búinn að leika tvo æfingarleiki sem hafa báðir unnist og mér líður í þokkabót bara mjög vel í Durban, sem er skemmtileg ferðamannaborg með strönd og öllu tilheyrandi,“ sagði Árni Gautur, sem er samningsbundinn liðinu út keppnistímabilið í ár og er ekki búinn að ákveða hvað hann gerir í framhaldinu.

### Óvissa með framhaldið

„Það eru sjö leikir eftir af tímabilinu í Suður-Afríku og Thanda Royal Zulu er sem stendur í fjórtánda sæti af sextán liðum, en eitt lið fellur beint úr deildinni og næsta lið þar fyrir ofan fer í umspil. Markmiðið hjá félaginu er að bjarga sér frá falli og stefna svo hærra á næsta ári. Ég ætla að sjá til hvernig þetta gengur í ár og halda möguleikum mínum opnum,“ sagði Árni Gautur, sem stefnir á að leika áfram erlendis þrátt fyrir orðróm þess efnis að hann muni snúa aftur til ÍA næsta sumar.

„Maður getur náttúrlega aldrei útilokað neitt en fyrsti kostur hjá mér er að leika áfram erlendis og hvort það verður í Suður-Afríku eða ekki kemur í ljós,“ sagði Árni Gautur, sem gefur enn kost á sér í íslenska landsliðið.

„Málið var náttúrlega að ég myndi finna mér lið og byrja að spila reglulega aftur og núna er ekkert til fyrirstöðu með það að gera og ég gef því kost á mér í landsliðið,“ sagði Árni Gautur að lokum. omar@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR** Árni Gautur Arason er ánægður með ákvörðun sína að spila með Thanda Royal Zulu í úrvalsdeildinni í Suður-Afríku og útilokar ekki að taka annað tímabil með félaginu. Núverandi samningur hans rennur út í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SÍÐASTI LANDSLEIKURINN** Árni Gautur hefur ekkert spilað með landsliðinu síðan í tapinu gegn Dönum á Parken. FRÉTTABLAÐIÐ/NYHEDSAVISEN

### FERILL ÁRNA GAUTS

| | |
|---|---|
| 1994-96 | ÍA |
| 1997 | Stjarnan |
| 1998-2003 | Rosenborg (Noregur) |
| 2004 | Manchester City (England) |
| 2004-2007 | Vålerenga (Noregur) |
| 2008-? | Thanda Royal Zulu (S-Afríka) |



**Í EFSTA STYRKLEIKAFLOKKI** Ísland og Spánn eru bæði í fyrsta styrkleikaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EM í handbolta:

## Ísland í efsta styrkleikaflokki

**HANDBOLTI** Eftir viku verður dregið í riðla fyrir EM í handbolta 2010 sem fram fer í Austurríki.

Undankeppni EM er með talsvert breyttu sniði frá því sem áður var. Í stað umspilsleikja verður dregið í sjö riðla og spilað heima og heiman líkt og fólk þekkir úr fótboltanum.

Þrír riðlar verða með sex liðum og fjórir riðlar með fimm liðum. Tvö efstu lið í hverjum riðli komast síðan á EM.

Frakkland, Þýskaland, Króatía og Spánn verða í fimm liða riðlum og Ísland þar af leiðandi í sex liða riðli.

Ísland er engu að síður í efsta styrkleikaflokki ásamt sex öðrum þjóðum og sleppur því við að mæta flestum af bestu liðum álfunnar. Austurríki og Danmörk taka ekki þátt í undankeppninni. Austurríki fær þáttökurétt sem gestgjafi en Danmörk er núverandi Evrópumeistari. - hbg

### UNDANKEPPNI EM 2010

**1. styrkleikaflokkur:** Ísland, Frakkland, Þýskaland, Króatía, Spánn, Pólland, Rússland.

**2. styrkleikaflokkur:** Slóvenía, Noregur, Ungverjaland, Svíþjóð, Serbía, Tékkland, Úkraína.

**3. styrkleikaflokkur:** Slóvakía, Sviss, Portúgal, Hvíta-Rússland, Rúmenía, Lithálen, Makedónía.

**4. styrkleikaflokkur:** Grikkland, Bosnía, Lettland, Holland, Ísrael, Svartfjallaland, Eistland.

**5. styrkleikaflokkur:** Finnland, Búlgaría, Ítalía, Tyrkland, Belgía, Kýpur, Lúxemborg.

**6. styrkleikaflokkur:** Georgía, Moldavía, Færeyjar.




VÉLVIRKJAR

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja eða vélfræðinga til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.

Starfssvið
- Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á búnaði
- Ástandsskoðun á búnaði, s.s. legumælingum, hitamyndum o.þ.h.
- Almenn viðgerðarvinna og smíði
- Samskipti við framleiðsludeildir

Menntunar- og hæfniskröfur
- Sveinspróf í vélvirkjun eða umsækjandi stefni að sveinsprófi innan árs
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- Góðir samskiptahæfileikar
- Almenn tölvuþekking kostur

Nánari upplýsingar veitir Ágúst H. Jóhannesson, verkstjóri aðalverkstæðis síma 560 7000. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk.

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.
Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum.
Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Hægt er að sækja um á heimasíðu okkar, www.alcan.is

Alcan á Íslandi hf. Straumsvík 222 Hafnarfirði sími 560 7000

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6550 - 4MB
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

129.950

## INTEL TÖLVA 1

- Athlon 64 4000+ DualCore
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB ATI Radeon X1250
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

49.950

## INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2180 - 1MB
- 2GB DDR2 DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI

89.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TURNUPPFÆRSLA 2

- Athlon 64 4600+ DualCore
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB WD - 7200RPM
- 512MB ATI Radeon X1250

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

39.950

## LOGITECH Z4I

Logitech Z-4e hátalakerfi 40W RMS, 2 öflugir hátalarar og stórt bassabox, fjarstýring fylgir

14.950

## SENNHEISER HD-202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

## RAZER LEIKJAMÚS

Razer DeathAdder 3G Infrared Mögnuð leikjamús fyrir leikjaspilarann, Optical 1800dpi

6.450

## RAZER MÚSAMOTTA

Keppnis músamotta frá Razer Mantis Speed er 44x35cm, mögnuð í leikina

2.950

## INTEL TÖLVA 4

- Intel Core2Duo E8400 - 6MB
- 2GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 9600GT
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

119.950

## CHIEFTECH TURN

Glæsilegur turn frá Chieftec, góðir kælimöguleikar og tonn af plássi

9.950

## XILENSE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence afglafi með hljóðlátri 120MM vifta, ATX ver. 2.2

XILENCE

6.950

## PIXELWIEW 8600GTS

PixelWiew GeForce 8600GTS, 256MB, 2.0GHz DDR3, 575MHZ Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, TV Out, PCI-E

12.950

## MICROSTAR PCI NETKORT

Microstar PCI þráðlaust netkort, Super G, 108Mbps 802.11g

2.950

## ACER ASPIRE 5720Z

- 1.46GHz Intel Core Duo T2310
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 250GB, ATA100 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

99.950

## 500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunnar.

14.950

## 160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur uptanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

9.950

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICY BOX

23.950

## 4GB MINNISLYKILL

Corsair 4GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR

3.950

## ACER ASPIRE 5315

- Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer

67.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## > Julianne Moore

Stórleikkona Julianne Moore hefur verið tilnefnd fjórum sinnum til óskarsverðlaunanna en aldrei unnið. Meðal annars var hún tilnefnd tvisar árið 2003, annars vegar fyrir leik sinn í The Hours og hins vegar fyrir leik sinn í Far From Heaven. Moore leikur í kvikmyndinni Hannibal sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON SÉR ÞJÁNINGABRÓÐUR Á SKJÁNUM

# *Þetta kemur líka fyrir mig, Höddi minn*



Vissulega skiptir það flesta máli hvað sagt er í fréttatímum. Eins geta margir verið eymdin uppmáluð ef uppáhalds sjónvarpsþáttur þeirra endar ekki eins og til er ætlast. Ég man það til dæmis hvað ég átti erfitt á því tímabili sem leið þegar Bobby dó í Dallasþáttunum og þar til Pamela spúsa hans vaknaði eftir að hafa dreymt eina hundrað þætti. Bobby var þá sprelllifandi í sturtunni svo ég tók gleði mína á ný og fylgdi mikið blómaskeið í lífi mínu í kjölfarið sem rakið hefur verið til endurkomu kappans.

Nú á dögum tek ég hverju sem imbinn varpar á mig með jafnaðargeði nema beinum útsendingum frá leikjunum í Meistaradeildinni. Þar skiptir höfuðmáli fyrir velferð mína næstu daga á eftir hvernig lyktir verða. En það þarf ekkert að skammast sín fyrir það því sjálfir eru sjónvarpsmennirnir ekki lausir við þessa meðvirkni. Til dæmis duldist það engum að sálarlífið hjá Herði Magnússyni, íþróttafréttamanni á Sýn, hafði umturnast þegar hann kom á skjáinn eftir leik Liverpool og Arsenal síðasta þriðjudag. Liverpool var nefnilega með yfirhöndina í nokkrar mínútur eftir að leikar höfðu verið jafnir lengi vel. Þá jafnaði Lúndúnaliðið og hefði komist áfram með fleiri mörk skoruð á útivelli. Mínútu síðar komst Liverpool yfir aftur og innsiglaði svo sigurinn í uppbótartíma.

Þessar sviptingar mátti sjá framan í íþróttafréttamanninum en Púllarinn atarna var enn í mikilli geðshræringu þegar alþjóð sá framan í hann. Röddin bar það líka með sér. Þetta skiljum við íþróttaáhugamenn enda höfum við allir þjáðst og glaðst fyrir framan imbann.

Svo fóru hann og spekingarnir sem hann hafði sér til fulltingis að skjóta hver á annan þar sem berneiase-sósa og Alfred Hitchcock komu við sögu. Það er hins vegar nokkuð sem mér er ómögulegt að skilja.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** **Bandið hans Bubba** STÖÐ 2



▶ **20.00** **Augusta Masters 2008** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.45** **Kenny vs. Spenny** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** **Svalbarði** SKJÁREINN



▶ **21.15** **The Wedding Date** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Spæjarar**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** Hér eigast við í átta liða úrslitum lið Reykjavíkur og Fljótsdalshéraðs. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
▶**21.15 Brúðkaupsherrann** (The Wedding Date) Bandarísk bíómynd frá 2005. Einhleyp kona ræður sér fylgdarmann til að þykjast vera kærasti hennar í brúðkaupi systur hennar. Þannig ætlar hún að blekkja fyrrverandi unnusta sinn en henni hefnist fyrir það. Leikstjóri er Clare Kilner og meðal leikenda eru Debra Messing, Dermot Mulroney, Amy Adams og Jack Davenport.
**22.45 Hvergi smeyk** (Not Afraid, Not Afraid) Bresk bíómynd frá 2001. Dramblátur og sjálfselskur sálfræðingur sem eiginmaðurinn yfirgefur eftir 28 ára hjónaband fer að leita uppi gamla kærasta sína.
**00.15 Hannibal** Bandarísk spennumynd frá 2001. Hannibal Lecter snýr aftur til Bandaríkjanna en gamalt fórnarlamb hans hugsar honum þegjandi þörfina. Leikstjóri er Ridley Scott og meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Julianne Moore, Gary Oldman og Ray Liotta. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.00 The Night We Called It a Day**
**08.00 Raise Your Voice**
**10.00 Bewitched**
**12.00 The Pink Panther**
**14.00 Raise Your Voice**
**16.00 Bewitched**
**18.00 The Pink Panther**
**20.00 The Night We Called It a Day** Stórgóð mynd sem er lauslega byggð á sönnum atburðum.
**22.00 Criminal** Mögnuð spennumynd úr smiðju Steve Soderberghs.
**00.00 The Door in the Floor**
**02.00 Without a Paddle**
**04.00 Criminal**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah** (I´m The Other Woman)
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.35 Extreme Makeover: HE** (20:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Bestu Strákarnir** (23:50) (e)
**15.15 Man´s Work** (15:15)
**15.55 Galdrastelpurnar** (3:26)
**16.18 Smá skrítnir foreldrar**
**16.43 Batman**
**17.08 Sylvester og Tweety**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons** (3:22) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni. The Simpsons hefur fyrir alllöngu síðan skipað sér á spjöld sögunnar sem langlífustu gamanþættir í bandarískri sjónvarpssögu auk þess auðvitað að vera langlífasta teiknimyndaserían.
▶**19.55 Bandið hans Bubba** (10:12) Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. 2008.
**21.15 Wild Hogs**
**23.00 Blow Out** (Morð í hljóði) Aðalhlutverk: John Lithgow, John Travolta, Nancy Allen. Leikstjóri: Brian De Palma. 1981. Stranglega bönnuð börnum.
**00.50 The Rock** (e)
**03.05 Hide and Seek**
**04.45 Man Stroke Woman** (2:6)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 UEFA Cup** (Getafe - Bayern Munchen)
**12.40 Gillette World Sport**
**13.10 Inside the PGA**
**13.35 UEFA Cup** (Getafe - Bayern Munchen)
**15.15 Augusta Masters 2008** Útsending frá Augusta Masters mótinu í golfi.
**18.15 Utan vallar**
**19.05 Spænski boltinn - Upphitun**
**19.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
▶**20.00 Augusta Masters 2008** Bein útsending frá Augusta Masters mótinu í golfi en þar mæta til leiks allar skærustu stjörnurnar í golfinu og þeirra á meðal er Tiger Woods.
**23.00 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP sem haldið var á Texas Stadium.
**23.55 Heimsmótaröðin í póker** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**00.45 NBA körfuboltinn** (Houston - Phoenix) Leikur í NBA-körfuboltanum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Newcastle - Reading**
**19.10 Man. City - Chelsea**
**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches** (Tottenham-Chelsea) Frábær leikur á White Hart Lane í desembermánuði 1997. Gianfranco Zola og félagar fóru á kostum í leiknum.
**22.20 PL Classic Matches** Leikur Liverpool og Arsenal var fín skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
**22.50 Goals of the season** (Goals of the Season 2001/2002)
**23.50 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.50 Vörutorg**
**16.50 Snocross** (e) Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir.
**17.15 Game tíví** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 One Tree Hill** (e)
**20.10 Survivor. Micronesia** (6:14) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.
▶**21.00 Svalbarði** (2:10) Spriklandi ferskur skemmtiþáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi ásamt Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.
**22.00 Law & Order** (23:24) Vellauðugur maður er myrtur daginn eftir að hann giftst miklu yngri konu. Brúðurin liggur undir grun en það eru fleiri sem áttu eitthvað sökótt við fórnarlambið. Var það eiginkonan unga, dóttir fórnarlambsins eða helsti keppinautur hans í viðskiptum.
**22.50 Lipstick Jungle** (e)
**23.40 Professional Poker Tour (**15.24)
**01.05 Dexter** (e)
**01.55 C.S.I. Miami** (e)
**02.45 World Cup of Pool 2007** (e)
**03.35 C.S.I.** (e)
**04.25 C.S.I.** (e)
**05.15 Vörutorg**
**06.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.55
### Wild Hogs



Sprenghlægileg og stjörnum hlaðin gamanmynd um nokkra miðaldra úthverfis karla sem fá þá fáránlegu flugu í höfuðið, ölvaðir af gráa fiðringnum, að stofna mótorhjólagengi og brenna malbik í leit að ævintýrum. Þeir eru ekki af ódýrari sortinni töffararnir sem skipa gengið því þar erum við að tala um John Travolta, Tim Allen, Martin Lawrence og William H. Macy. Hér er á ferð mynd sem enginn alvöru töffari, eða einhver sem einhvern tímann hefur þráð alvöru töffara, má láta framhjá sér fara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Blow Out
### Stöð 2 kl. 23.00



John Travolta var á hátindi frægðar sinnar þegar hann venti kvæði sínu í kross og tók að sér aðalhlutverkið í þessum magnaða sálfræðitrylli Brians De Palmas, sem byggir á gamalli klassík frá 7. áratugnum. Í myndinni leikur Travolta hljóðmann sem fyrir tilviljun hljóðritar bílslys og kemst að því að þar var alls ekki um slys að ræða.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Vorhret í sólskinskistunni
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Falcon Beach**
**17.45 Kenny vs. Spenny 2** (2:13)
**18.15 X-Files** (18:24)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Falcon Beach**
▶**20.45 Kenny vs. Spenny 2** (2:13)
Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum. Þar á meðal nektarkeppni, danskeppni, biblíusölu og kossakeppni. Þeir svífast einskis til að sigra hvor annan og lenda oft í mjög neyðarlegum aðstæðum.
**21.15 X-Files** (18:24)
**22.00 Hæðin** (4:8)
**22.50 My Name Is Earl** (10:13)
**23.15 Flight of the Conchords** (12:12)
Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára. Þættirnir koma frá HBO og fjalla um tvo nýsjálenska galgopa sem fluttir eru til Bandaríkjanna í leit að frægð og frama.
**23.45 Bones** (2:13)
**00.30 ReGenesis** (6:13)
**01.20 The War at Home**
**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Sigríður Klingenberg og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Skoðanaskipti** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson, formaður Jafnréttindafélags Íslands, ræðir um innflytjendamál við Viðar Guðjohnsen, formann Ungra frjálslyndra, og Einars Skúlason, framkvæmdastjóra Alþjóðahússins.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** På eventyr på havbunden **11.50** Rabatten **12.20** Ønskehaven **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** Kim Possible **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bjørn **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA Award '08 **19.00** TV Avisen **19.30** The Stepford Wives **20.55** Far and Away **23.10** Boogie Listen

## NRK 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Saras kjøkken **10.40** Columbo **12.15** Doc Martin **13.00** Megafon **13.30** Dinosapiens **13.55** Frosk til middag **14.05** H2O **14.30** Fin fredag **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ørneredet **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.15** Robotgjengen **16.25** Det var en gang et eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Michael Palins nye Europa: Bryting og sirenesang **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.10** Detektimen: Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Detektimen: Kalde spor **22.05** Marc Bolan - et siste ord **22.55** 30 Rock **23.15** Kulturnytt **23.25** Country jukeboks med chat **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Annes trädgård **11.00** Glasklart **12.00** Törnfåglarna - de förlorade åren **13.30** Sixties **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Klass 9A **15.30** Plus **16.00** Bolibompa **16.30** Evas superkoll **16.40** Fåret Shaun **16.50** Dr Dogg **17.00** Bobster **17.15** Planet Sketch **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Var fan är mitt band? **19.30** De utvalda 21.35 Rapport **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Morgonsoffan **22.30** Ali


Nicotinell®




**Nikótín tyggigúmmí**
**Til að hætta eða draga úr reykingum**

- Stökkt og brakandi yfirborð líkt og á venjulegu tyggigúmmíi
- Frískandi og betra bragð af fjórum bragðtegundum:
  - mintu, ávaxta, lakkrís og Classic
- Mjúkt og gott að tyggja
- Sykurlaust




***Ánægja eða endurgreiðsla!***
*Frá 1. apríl til 31. maí 2008 veitum við fullan skilarétt á Nicotinell tyggigúmmíi. Ef lyfið uppfyllir ekki væntingar þínar, getur þú fengið það endurgreitt.*

*Hægt er að nálgast skilamiða í öllum apótekum sem inniheldur frekari upplýsingar.*

ÁNÆGJA EÐA SKILAMIÐI ENDURGREIÐSLA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðs-leyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Maður þarf helst að vera inn-an um kótelettturnar að árita. Þangað kemur miklu breiðari hópur en í plötubúðirnar.“*

Jón Ólafsson í DV, desember 1988.

„Mig minnir að ég hafi sagt þetta eftir að okkur var troðið að árita með rassinn í kjötborðið í Hagkaupum Skeifunni, held ég. Þetta eru öfugmæli og átti líklegast að vera fyndið, ég var bara ekki með betri húmor en þetta á þessum tíma,“ segir Jón nú.

# Logi ætlar hringinn á sólarhring

„Já, ég kemst sennilega aldrei nær atvinnumennsku í þessu sporti en einmitt svona,“ segir Logi Bergmann Eiðsson en hann verður áberandi í golfumfjöllun Stöðvar 2 sport í sumar. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær var Logi að dusta rykið af kylfunum og hugðist fara upp í Bása til að slá nokkra bolta.

Logi hyggst varpa ljósi á golfíþróttina frá ýmsum hliðum og skemmtanagildið verður í fyrirrúmi. Stóra verkefnið verður hins vegar fjáröflunarferð fyrir MND-félagið en sjónvarpsmaðurinn hyggst afreka það að spila átján holur, á átján völlum, hringinn í kringum landið. Með honum í för verða tveir afrekskylfingar og svo einn áhugamaður. „Við ætlum að reyna að finna fallegustu holurnar á landinu og spila þær,“ segir Logi, sem er þegar farinn að undirbúa þetta viðamikla verkefni af miklum krafti. „Það eru nokkrir lausir endar en ég er bjartsýnn á að þetta takist hjá okkur,“ segir Logi.

Logi er liðtækur kylfingur sjálfur, með 11,7 í forgjöf og meðlimur í hinum virta golffélagsskap Stullunum en meðal félagsmanna eru Stefán Hilmarsson og alþingismennirnir Sigurður Kári Kristjánsson og Bjarni Benediktsson. Logi ætlar að sjálfsögðu að vera með í þeim félagsskap í sumar auk þess að leika listir sínar á Dalvík þar sem hann og eiginkonan Svanhildur Hólm eiga glæsilegt hús. Spurður hvernig gangi að draga konuna með út á völlinn segir Logi að hún nenni þessu ekki, golfið taki of langan tíma fyrir hennar smekk. „En ég er ekki búinn að gefast upp enda hefur Svanhildur sýnt þegar hún tekur í kylfurnar að hún er mjög efnileg.“

- fgg



**MEÐ KYLFUNA Á LOFTI** Logi Bergmann Eiðsson ætlar að reyna að fara hringinn í sumar á einum sólarhring og spila átján holur á átján völlum.



**LÁRÉTT** 2. álits 6. tvíhljóði 8. gums 9. skilaboð 11. bókstafur 12. vegna 14. aurasál 16. í röð 17. ról 18. eyrir 20. íþróttafélag 21. velta.
**LÓÐRÉTT** 1. sitjandi 3. verkfæri 4. skerðing 5. fyrirboði 7. umhirða 10. skjön 13. dvelja 15. skrifa 16. raus 19. ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. mats, 6. au, 8. lap, 9. sms, 11. ká, 12. sökum, 14. nánös, 16. mn, 17. ark, 18. aur, 20. kr, 21. snúa.
**LÓÐRÉTT:** 1. rass, 3. al, 4. takmörk, 5. spá, 7. umönnun, 10. ská, 13. una, 15. skrá, 16. mas, 19. rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kristófer Helgason.
2. Eiríkur Önundarson.
3. Meira frelsi.




**LILJA PÁLMADÓTTIR:** DORRIT TEKUR FYRSTU SKÓFLUSTUNGU AÐ SUNDLAUG

# Dorrit með skófluna á lofti í Skagafirði í næstu viku

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff verður með skófluna á lofti í tveggja daga heimsókn forsetahjónanna til Skagafjarðar í næstu viku. Skagfirðingar eru í óða önn að leggja lokahönd á undirbúning fyrir heimsókn forsetahjónanna og verður öllu tjaldað til hjá norðanmönnum. Dagskrá forsetahjónanna er ansi viðamikil og Dorrit mun vart hafa undan að moka fyrir norðan. Á mánudaginn tekur hún fyrstu skóflustunguna að nýjum leikskóla neðan Túnhverfis með aðstoð leikskólabarna á Sauðárkróki en síðar um kvöldið verður blásið til mikillar veislu í íþróttahúsinu á Sauðárkróki með íbúum sveitarinnar.

Á þriðjudaginn koma forsetahjónin síðan í heimsókn á listasetrið að Bæ við Hofsós sem athafnakonan Steinunn Jónsdóttir hefur byggt upp og vakið hefur mikla athygli. Seinna um daginn er síðan komið að stóru stundinni fyrir íbúa Hofsóss og aðra nærsveitarmenn en þá verður fyrsta skóflustungan tekin að glæsilegri sundlaug sem Steinunn og Lilja Pálmadóttir gefa íbúum sveitarfélagsins. Fréttablaðið náði tali af Lilju, sem var að vonum ánægð með þátttöku forsetahjónanna, en hún sagði enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort forsetafrúin yrði ein með skófluna eða hvort einhverjir fleiri kæmu þar að. En í ljósi athafnagleði forsetafrúarinnar í heimsókninni væri ljóst að hún yrði að koma með stígvél með sér. „Við erum að bræða þetta með okkur og vinnum náið að skipulagningunni með embættinu,“ segir Lilja og útilokaði ekki að Ólafur Ragnar Grímsson yrði jafnvel fenginn til að moka aðeins með líka. „Við gætum því verið fjögur með skóflur við þetta tilefni,“ bætir Lilja við en að athöfninni lokinni verður boðið til kaffisamsætis í Höfðaborg.

Lilja og Steinunn skrifuðu undir viljayfirlýsingu 19. júní á síðasta ári um byggingu sundlaugar á Hofsósi. Sundlaugin verður 25 metra löng, með heitum potti og þjónustumiðstöð. Arkitektinn Sigríður Steinþórsdóttir teiknar sundlaugina sem rís vestan við Staðarbjarg og geta gestir meðal annars horft yfir til Drangeyjar á meðan þeir flatmaga í hinni margrómuðu náttúrufegurð Skagafjarðar.

freyrgigja@frettabladid.is



**MOKAR FYRIR NORÐAN** Dorrit Moussaieff ætlar að moka aðeins fyrir norðan en hún tekur fyrstu skóflustungurnar að nýjum leikskóla og nýrri sundlaug.



**ATHAFNAKONUR** Þær Lilja Pálmadóttir og Steinunn Jónsdóttir ætla að gefa íbúum Hofsóss og Skagafjarðar glæsilega sundlaug með öllu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökur hófust á Svörtum englum í gær, sex sjónvarpsþáttaröð sem byggir á krimma **Ævars Arnar Jósepssonar**. Leikstjóri er **Óskar Jónasson**. Þeim sem hafa lesið bækur Ævars er ekki síst minnisstæð fígúran Guðni úr lögreglumannateyminu. Guðni er erkidrullusokkur; kvenremba, rasisti og kvikindi. Það var höfundurinn sjálfur sem óskaði sérstaklega eftir því við leikstjórann að sá sem fenginn yrði til að túlka Guðna væri **Steinn Ármann Magnússon**. Ævar og Steinn voru saman í Flensborg á sínum tíma en ekki mun þó vera um hefndarráðstöfun glæpasagnahöfundarins að ræða heldur miklu fremur að hann treysti Steini sem leikara því Guðni er vandmeðfarin persóna, fremur tragísk en kómísk.





**Jón Ársæll** ferðast um allt litróf hins mannlega í þáttum sínum Sjálfstætt fólk. Þannig var síðasti þáttur hjartnæmur og til minningar um Ólöfu Pétursdóttur. En næstur á dagskrá er gleðigjafinn **Geir Ólafsson** söngvari. Jón Ársæll gersamlega féll fyrir viðmælanda sínum og skilur ekki hvers vegna hann er ekki elskaður og dáður af hverju mannsbarni. Og telja má víst að Geir verði ánægðari með viðtal sitt við Jón en við **Erp Eyvindarson** sem tók frægt viðtal við Geir nýverið sem Ebbi sjónvarpsstjóri. Það viðtal fór þversum í Geir og vildi hann banna birtingu þess.

- jbg





# Blái hnötturinn í Berlín

„Já, fyrsta sýningin var á sunnudaginn og gekk mjög vel. Merkilegt þótti mér að það er kona sem leikur Gleðiglaum, sem er vondi kallinn í sögunni, en ekki karl. Gleðikona í staðinn fyrir gleðikarl,“ segir Andri Snær Magnason rithöfundur.

Leikrit Andra Snæs, Blái hnötturinn, heldur áfram för sinni um heiminn. Sjálft Maxim Gorky-leikhúsið í Berlín hefur nú tekið verkið til sýninga. Andri Snær kom því ekki við að vera viðstaddur en hefur haft spurnir af uppfærslunni. Bláa hnöttinn skrifað Andri árið 1999 og var það sýnt við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu árin 2001 til 2003. „Já, það nokkuð vel,“ segir Andri Snær hógvær. Síðan hefur verkið ferðast vítt og breitt um heiminn að því er virðist tilviljunarkennt. Andri Snær er með umboðsskrifstofu bæði í Danmörku og Þýskalandi en uppfærslur verksins hafa einhverra hluta vegna ekki verið að undirlagi þeirra heldur hefur sendiráðsprestur í London komið verkinu á framfæri í að minnsta kosti tveimur tilvika. „Já, hann er umboðsmaður Guðs og svo minn,“ segir Andri Snær.

Blái hnötturinn var settur upp í Toronto í Kanada árið 2005 og fylgdist Andri Snær vel með þeirri uppfærslu. Var sýningin tilnefnd sem sýning ársins þar en í Toronto er leiklist í hávegum höfð. Verkið var sett upp í Finnlandi, í stóru leikhúsi sem er skammt utan Helsinki en Andri Snær var viðstaddur þá sýningu. Hann segir að verkið hafi einnig verið sett upp í Pakistan, leiklesið í London og nýverið var hún sett upp í Detroit, eða Canton sem er smáborg á stærð við Ísland. Nú er verið að skoða möguleika á því að setja verkið upp í London.

- jbg



**ANDRI SNÆR** Á góðan að sem er sendiráðsprestur í London sem er umboðsmaður Andra og Guðs.


heima
HEIMA ER BEST!
200X80X80
FIORI
3JA SÆTA: 124.800
STÓLL: 68.000
Hvítt, og svart
80X80X80
LEÐURSTÓLL
15.900
Hvítt, svart og brúnt
TV SKENKUR
84.900
Hvítt og svart
210x57x49
SÓFABORÐ
49.800
Hvítt og eik
70x130
FIORI
TUNGUSÓFI
199.800
Hvítt og svart
250x160x80
Opið í dag 10-18
á morgun, lau. 11-16
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242
www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi“




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Ímyndarkrísan*

Það hlaut að koma að því. Ísland er ekki lengur svalasta land í heimi. Fremur leiðinleg tíðindi en þó ekki jafn leiðinleg og sú staðreynd að nú virðist flest benda til þess að svo hafi aldrei verið. Þetta var allt einhver bölvaður misskilningur. Skýrsla nefndar um ímynd Íslands hefur verið kynnt og niðurstöðurnar eru niðurdrepandi. Fólk er hreinlega farið að skammast sín fyrir að kenna sig við klakann. Ekki vegna þess að ímynd landsins sé slæm heldur vegna þess að hún er svo veik. Ísland er að mestu leyti óþekkt stærð úti í hinum stóra heimi.

**HVAÐ** klikkaði? Björk, Jón Páll, lambakjötið og norðurljósin hafa ekki borið hróður okkar jafn víða og við héldum og áhyggjur okkar af því að lauslátt kvenfólk og hvalveiðar sköðuðu ímyndina voru úr lausu lofti gripnar. Það var engin ímynd til að skaða. Þetta er svo neyðarlegt að það nær ekki nokkurri átt. Ég er ekki frá því að það væri skárra ef í ljós hefði komið að ímynd Íslands væri skelfileg. Að fólk héldi að við værum lauslátir villimenn upp til hópa étandi heimaslátraða búrhvali í öll mál. Það hlýtur að vera skárra að fólk hafi ranghugmyndir um okkur en að það hafi nákvæmlega engar hugmyndir.

**LÍKLEGA** getum við sjálfum okkur um kennt. Við erum eins og unglingur með brotna sjálfsmynd sem veit ekkert í hvorn fótinn hann á að stíga. Eigum við að skapa okkur ímynd út á óspillta náttúru, besta vatn í heimi og hreinasta loftið eða eigum við að sýna að við séum ekki rómantískir sveimhugar og gera stórfyrirtæki og þungaiðnað að helsta stolti okkar? Jafnvel nefndin sem fjallaði um þessi ímyndarmál virðist ekki vita hvort hún er að koma eða fara. Nefnir íslenska tungu sem eitt af sérkennum þjóðarinnar sem rétt sé að hlúa að um leið og hún kallar aðgerðaáætlunina til að lappa upp á ímynd þjóðarinnar Promote Iceland.

**KRAFTUR,** frelsi og friður verða kjörorðin í markvissri ímyndarsköpun. Gott og vel. Það er tímabært að hvíla klisjurnar um fallegasta kvenfólk í heimi, skemmtanalífið í Reykjavík, hraunið, mosann og álfana. Einhvern veginn grunar mig samt að þess sé langt að bíða að ég rekist á útlending á erlendri grundu sem segir „ahh, ertu frá Íslandi?“ og kemur svo með ræðu um kraft þjóðarinnar, frelsi og frið. Ætli við þurfum ekki að sætta okkur við það í nokkur ár í viðbót að svara spurningum um lífið í snjóhúsunum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 11. apríl, 102. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.09 | 13.29 | 20.50 |
| Akureyri | 5.48 | 13.13 | 20.41 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


